KAYAKKLÚBBURINN

Fréttasíða

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasíða
Korkur
English
Póstur

Hér eru eldri fréttir úr starfi klúbbsins

Róið um óbyggðir Grænlands

Síðast liðið sumar (2000) fóru fimm hressir kajakfélagar frá Reykjavík til Kulusuk í ævintýraferð um Ammasaliqfjörð sem er á A-Grænlandi.

Ferðalagið tók eina viku og var gist í tjöldum allan tímann nema síðustu
nóttina. Ferðaleiðin var rúmlega 160 km. og var mest róið 40 km á öðrum degi ferðarinnar.

meira →

Gamlársróður 2000

Tíu vaskir kayakræðarar réru Skerjafjörðinn og inní Kópavogshöfn á gamársdagsmorgun en það er orðin hefð hjá kayakklúbbinum að kveðja gamla árið með léttum ræðri.

meira →

Átján eldar á ströndum

Ferðasaga í máli og myndum frá Hornströndum.

meira

Veltan

Ágætis leiðbeiningar um veltuna

meira

Ferðasaga frá félagsmanni. Róður um Leirárvog

meira

Brim við Gróttu okt. 2000

meira

Veiðimenn og kayakræðarar geta lifað í sátt.

meira

Hvammsvíkurmaraþon 2000

Laugardaginn 26 ágúst var Hvammsvíkurmaraþon haldið í annað sinn.
Þar var keppt á sjókajökum og voru rónir 40,6 km.
15 ræðarar tóku þátt.

meira

Sumarferð Straummanna 2000

Bjössi, Jónsi, Kiddi og Steini fóru hringinn í Júlí fyrstu myndir eru komnar.

meira

Fossastökk í Goðafossi

16 júlí fóru nokkrir einstaklingar(Íslendingar) niður hærri stall Goðafossar.

meira

Jónsmessuróður í Hvammsvík

Föstudagskvöldið 23 júní síðastliðinn söfnuðust kajakmenn að venju saman í Hvammsvík. Veðrið var sérpantað í þetta skiftið, sól og einmuna blíða einsog hún gerist best í Hvalfirðinum.

meira

Fossastökk í Faxa

Kvöldið 20 júní 2000 fóru Bjössi, Steini og Reynir Óli að æfa fossastökk í fossinum Faxa í Tungufljóti.

meira

Myndir úr Hvítá

Nokkrar myndir teknar í byrjendaferð vor 2000 ásamt myndum frá Veiðistað.

meira

Eldri fréttir

- Jónsmessuróður 2000
- Ferð um Ísafjarðardjúp
- Kynning á klúbbnum

- Á döfinni
- Hvammsvíkurmaraþon
- Á sjókayak við eftirlit á Breiðafirði
- Ferð um Tungufljót ofan Geysis
- Næturs íðan
- Söluaðilar á Íslandi
- Póstkort

KAYAKKLÚBBURINN

Vestmannaeyjar

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Hér segir af tveim mönnum sem réru til Eyja

Upphaf ferðar

Bjarnarey

Stutt eftir.....

Bátar teknir í land

Dagur 2. lokasiglingin

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
English
Póstur

Ísafjörður

Á Ísafirði og í kring eru engar góðar ár. En þar er paradís sjókajaksins. Stutt að fara í einsdagsferðir eða lengri ferðir inn í Ísafjarðardjúp eða í Jökulfirði. Svo ekki sé talal um brimið í Bolungarvík, Skálavík, Ingjaldssandi og á fleiri stöðum.

Strákarnir fyrir vestan verða því að láta brimið nægja í staðin fyrir lækin, þeir sigla ALLT árið og er skemmtilegt að sigla á veturna, því þá gefst tækifæri að sigla í ís og allt auðruvísi aðstæðum, eins og t.d. að sigla út að borgarísjaka sem var við strendur Bolungarvíkur síðasta vetur.





Myndirnar eru teknar af Halldóri Sveinbjörnssyni í Bolungarvík nú í október, en það er Jón Oddur Guðmundsson sem er á þeim.

-Til baka-

KAYAKKLÚBBURINN

Hornstrandir

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

-Til baka-

KAYAKKLÚBBURINN

Kynning á klúbbnum

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur



KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttabréf

Korkur

English

Póstur

Ferð um Ísafjarðardjúp

Að grípa kajakinn sinn seinnipart dags og skreppa út í tvo til þrjá tíma, slaka á einn meðal fugla, kletta, þarailms og annars sem hafinu fylgir, er ein besta slökun sem undirritaður hefur komist í tæri við á lífsleiðinni. En það sem gerir sjókajakinn hættulega vanabindandi eru ferðalögin. Kajakferð er alveg einstök upplifun. Að vera með allt sitt hafurtask til nokkra daga ferðar komið niður í lest og vera að ýta úr vör er alltaf jafn mikið ævintýri.

Undirritaður fór ásamt tveimur félögum í eina slíka ævintýraferð í byrjun águst á síðastliðnu ári. Ýmislegt smáræði varð til að gera þessa ferð eftirminnilega. Við ókum úr bænum seinnipart miðvikudags og stefnan var vestur í Ísafjarðardjúp. Eina markmiðið var að vera kominn á Ísafjörð ekki seinna enn á laugardagsmorgni því þar var ætlunin að sýna heimamönnum báta og búnað. Ókum við sem leið lá vestur að Arngerðareyri, sem er viðkomustaður djúpbátsins innst í Ísafjarðardjúpi. Höfðum við samið við skipsverja um að taka fyrir okkur ökutækin inn á Ísafjörð. Talsverðan tíma tók að pakka í bátana og að því loknu var expresso könnunni skellt yfir og tekinn einn bolli fyrir átökin. Við undirritaður, Spessi ljósmyndari og brennuvargur og Gunni múrari og Bessastaðabikarhafi rérum síðan af stað rúmlega tvö eftir miðnætti og stefndum til að byrja með á Reykjanes við Ísafjarðadjúp, ætluðum að skoða þar kóralfjöruna. Gunni var á nýjum bát, og þegar yfir fjörðinn var komið var hann orðinn uppgefinn í mjóhryggnum. Ljóst var að taka þyrfti land til að stilla betur af bakstuðninginn. Það var gert. Þegar halda átti áfram kom fyrsta undur ferðarinnar upp á yfirborðið. Einhver spurði “hvað er klukkan”. Ekkert svar. Enginn var með svoleiðis þrátt fyrir annars ágætt skipulag. Þarna rérum við svo út úr tímanum í þrjá daga. Yndislegt.

Það var nýr dagur að skríða inn djúpið. Spessi fann rekaviðadrumb þar sem heitir Biskupsvík, yst á Vatnsfjarðarnesi, og ákvað að þar skyldi eldað og sofið. Það var ekki sofið lengi, því við áttum stefnumót við blaðajöfurinn og kajaksnilling þeirra Ísfirðinga Dóra Sveinbjarnar, í Ögri þá um kvöldið. Þangað ætlaði hann að láta skutla sér og sinni fleytu, og róa þaðan með okkur.

Þegar við rérum út fyrir Vatnsfjarðarnesið fengum við í fangið nokkuð sterka norðvestan átt og þannig var það, átakaróður næstu 19 kílómetrana í Ögur. Þá var að byrja að halla degi.

Í Ögri var grillað í fjörunni og hefðbundinn varðeldur, í minni kantinum samt. Þoka læddist inn og svo innan úr þokunni birtist Dóri

róandi. Dóri fékk kaffi og ákveðið var að halda áfram yfir í Hest, krossa bæði Hestfjörð og Skötufjörð í einni atrenu. Þokan var orðin ansi þykk og til öryggis stungum við út stefnu eftir korti og slógum inn punkt í GPS tækið. Þegar við komum út fyrir Ögurnesið var þokan orðin ansi þétt, kannski 30 til 50 metra skyggni. Ofurhugarnir vildu bara skutlast yfir, enda ekki nema um 5 kílómetra kross að ræða. Ekki stórmál. Varkárari armur hópsins vildi þó fara að öllu með gát. Skotið var á fundi og staðan metin. Sjórinn var alveg spegilsléttur, ekki ein lítil misfella, það var blankalogn og allir voru saddir og hamingjusamir.

Það var ákveðið að láta slag standa. Undirritaður lagði áttavitann fyrir framan sig á svuntuna og svo var róið af stað. Þegar landið hvarf í þokuna varð allt frekar skrýtið. Undur númer tvö. Það var byrjað að birta aftur. Þokan náði greinilega ekki mjög hátt upp. Og þannig varð allt samlitt, undanrennuhvítt. Þokan rann saman við sjóinn, og undirritaður sem réri fremstur missti allt rauveruleikaskyn. Jafnvægið hvarf úr mjöðunum og áttirnar læddust burt. Þegar svo vel vildi til að sjófugl birtist kom jafnvægið, enn hvarf svo aftur með honum. Fyrir aftan mig heyrði ég stöðugt “ ekki beygja í þessa átt” og að lokum varð ég að fá einn bát við hliðina á mér bara til að átta mig á hvað snéri upp og hvað niður. Svona hef ég aðeins áður upplifað í stjörnuvitlausri blindhríð á fjöllum.

Til að vera nú öruggur um að lenda ekki í því að sigla óvart út djúpið út á Halamið, hélt ég stefnuna ávallt örlítið innanvið. Strauma vissum við lítið um á þessu svæði. Þegar okkur fannst að við ættum að vera komnir yfir og hvergi bólaði á landi var skotið á fundi og splæst í kaffi. Ákveðið var að kveikja á GPS tækinu til að fá úr því skorið hvort áttavitinn væri bilaður (sem flestum fannst orðið líklegt). Nútímatæknin sagði enn smá spöl í land og öllum að óvörum, samþykkti stefnuna nokkurn veginn. Allir önduðu léttara. Skömmu seinna heyrðist kallað “land”. Það var ekki nein góð landtaka sjáanleg og við áttuðum okkur heldur ekki alveg á því hvar við vorum, þannig að við dóluðum okkur í bátunum, stoppuðum og gripum í samlokur og djús. Út úr þokunni barst vélarniður. Það hlaut að vera trilla. Ekki er neinn vegur um Hestinn. Algjört eyðines. Einungis rústir frá glæsitímum þarsíðustu aldar og ekkert meir. Vélarhljóðið færðist nær, sennilega hraðfiskibátur. Okkur fannst hann stefna óþægilega beint á okkur. Á þessari ferð átti hann ekki möguleika á að stoppa eða sveigja frá þegar hann loksins kæmi auga á okkur. Okkur fannst hann einnig vera hættulega mikið inn á grynningum. Allir voru orðnir varir um sig. Svo skyndilega fannst okkur að hann hlyti bara að birtast þá og þegar og hreinlega sigla okkur niður. Skyndilega flugu samlokur og djúsbrúsar fyrir borð og menn gripu árarnar. Hljóðið hreinlega kom yfir okkur og fór svo jafn skyndilega til baka. Enginn skildi neitt. Það rann samt smátt og smátt upp fyrir okkur að þetta hafði sennilega verið flutningabíll. Jamm.

Við skyldum þetta ekki alveg. Það þýddi að við vorum ekki í Hestinum. Milli Skötufjarðar og Hestfjarðar liggur Hvítanes. Það nær ekki nema svona hálfa leið út í sjálft djúpið. Þar liggur vegurinn alveg í fjörunni. Vegna þess hvað þokan var þétt sáum við aldrei veg og ekki heldur bíl. Enn svona var þetta. Af ótta við að lenda út fyrir

Hestinn höfðum við stefnt full innarlega og lent á Hvítanesoddinum. Sennilega hafa straumar einnig hjálpað til. Mjög sérstök upplifun.Við héldum áfram yfir í Hest og þar var tjaldað. Sumir sváfu þó úti því veðrið var eins og best verður á kosið.

Þegar við vöknuðum var heiðskýrt og sól og dúnalogn. Út á Djúpinu blasti Vigur við okkur í um það bil 6 kílómetra fjarlægð. Þangað var stefnan tekin að loknum morgunæfingum. Morgunbálið var skilið eftir til að deyja

Þegar við komum í Vigur voru heimamenn í fjörunni að taka upp bát. Við buðum góðan dag. Þeir horfðu á okkur dágóða stund og sögðu svo " hérna bjóðum við alltaf gott kvöld um þetta leiti, má ekki bjóða ykkur kaffi".

Eftir veitingar og rölt um eyjuna var haldið áfram. Á Ísafjörð voru 23 kílómetrar, og þar vildum við vera í morgunsárið.

Undirritaður hafði bátaskipti í Ögri. Fór í bát án þess að gefa sér nægan tíma til að stilla hann af fyrir sig, bakstuðning og annað. Eftir að við fórum frá Vigur byrjaði ég að finna til þreytu í mjóhryggnum. Á Kambsnesinu urðum við að fara í land til að hvíla bakið, og þar splæsti Spessi í stóra brennu, minnsta kosti tvö stór bretti sem hann fann þarna í grjótinu. Við rérum svo af stað og það var að byrja að blása. Stefnan var tekin yfir Álftafjörðinn og þaðan út með Súðavíkurhlíðinni. Miðsvegar yfir Álftafjörðinn fór mjóhryggurinn virkilega að angra mig, og það er allt annað enn gott að lenda í því út á miðjum firði. Undir Súðavíkurhlíðinni er heldur ekki víða hægt að lenda, þannig að það var bara hægt að halda áfram. Það smátt og smátt hvarf allt jafnvægi, og næstu 20 kílómetra réri ég sannfærður um að næsta áratak smellti mér í sjóinn. Þetta kenndi mér mikilvægi þess að stilla bátinn vel af fyrir sig áður enn haldið er í langferð. Þessum bát hafði ég aldrei róið nema stutta túra, 2 til 3 tíma mest. Þetta var undur númer þrjú. Við rérum síðan inn úfinn Skutulsfjörðinn, en pollurinn á Ísafirði var spegilsléttur að venju. Við lentum í fjörunni innst inn í firði um það bil sem skemmtanglaðir vestfirðingar voru að rölta heim eftir velheppnaðan gleðskap. Það voru 80 kílómetrar að baki og allir voru þreyttir svangir og ánægðir. Við héldum með hafurtaskið heim til Dóra og dreifðum okkur þar um gólfin. Virkilega skemmtileg ferð var að baki, og nú bíður maður spenntur eftir næsta kajaksumri.

Pétur Blöndal Gíslason

Hvammsvík

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
Korkur

English
Póstur

FAXI 2000

Kvöldið 20 júní 2000 fóru Bjössi, Steini og Reynir Óli að æfa fossastökk í fossinum Faxa í Tungufljóti.



KAYAKKLÚBBURINN

Veiðieftirlit á Breiðafirði

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
English
Póstur

Undanfarin þrjú sumur hefur undirritaður starfað sem veiðieftirlitsmaður í Breiðafirði. Hefur eftirlitið m.a. verið fólgið í því að fylgjast með ólöglegum netaveiðum á laxi og silungi í sjó. Þjófanet eru aðallega lögð á grunnslóð nálægt landi, gjarnan við árósa. Eftir að hafa sótt æfingar hjá Kayakklúbnum s.l. vetur og hlotið eldskírn í eftirminnilegum róðri með formanni klúbbsins, þegar við rérum í maímánuði frá Landeyjarsandi til Vestmannaeyja, þá taldi ég ekkert að vandbúnaði að róa einsamall með landi. Meginreglan er samt sú að tveir eða fleiri fari saman þegar róið er á sjó. Til að tryggja öryggi mitt á þessum ferðum þá hafði ég aðstoðarkonu sem fylgdist grannt með frá landi.

Hér á eftir ætla ég í örstuttu máli að segja frá þremur eftirminnilegum ferðum sumarið 94'. Báturinn sem ég réri er frá PRIJON, af gerðinni Seayak, og hefur hann verið nefndur Einbúi. Á bátnum er bæði kompás og lensidæla. Sunnudaginn 12. júní réri ég 8 km. leið frá Hraunsvík við Bjarnarhafnarfjall austur með Helgafellsströnd og endaði með því að róa upp eftir ánni í botni Hofsstaðavogs, allt að rafstöðinni sem er skammt frá veginum. þarna notaði ég aðfallið og lagði því af stað tveim tímum fyrir fyrir háflóð. Var straumurinn svo sterkur að engu líkara var en utanborðsmóor væri á bátnum og því reyndist róðurinn léttur.Sunnudaginn 3. júlí réri ég frá botni Álftafjarðar í Maðkavík við Stykkishólm. Leiðin er 13 km. og fylgdi ég ströndinni að vestanverðu. Í þessu tilfelli notaði ég útfallið sem reyndist nokkuð vel, nema hvað að eftir 10 mínúta róður lenti ég á leirugrynningum og varð ég að fara úr bátnum og teyma hann nokkurn spöl. Hafa vegfarendur, sem áttu leið um Álftafjörð þessu fallega júlíkvöldi, væntanlegan furðað sig þessum æfingum út í miðjum firði.
þessi róður tók tvær klukkustundir á spegilslettum sjó og væri hægt að hafa mörg orð um náttúrufegurð og fuglalíf þessum slóðum.

Mánudaginn 11. júlí réri ég 7 km. frá ósum Haukadalsár, fyrir Kambsnes, í Búðardal. Tilgangurinn með þessum róðri var m.a. að kanna selagengd við ósa Haukadalsár og Laxár í Dölum. Kajakinn reyndist prýðilega í þetta verkefni, því selurinn var ekki tiltakanlega hræddur við bátinn og lét ekki trufla sig í laxaveislunni. Rétt er að geta þess að deildar meiningar eru meðal fræðimanna um það hversu mikið selurinn étur af fullorðnum laxi. Fleiri róðrarferðir voru farnar og þá aðallega í nágrenni Stykkishólms. það er ljóst að eftir þessa reynslu mína af sjókajak að hann verður með í ferðum við veiðieftirlitið næsta sumar. Mér var bent á það að mála farkostinn í gráum lit, eins og hin varðskipin, en víst er að hann myndi sóma sér vel við hliðina þeim félögunum Ægi og þór.

Gísli I. þorsteinsson

Undirritaður ásamt formanninum eftir róður til Eyja.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
English
Póstur

Tungufljót ofan Geysis

Grade:	**III +**
Lengd:	**7 km.**
Sigld dags:	**júlí 1997**
Veður:	**Sól og blíða.**
Vatnsmagn:	**meðal**
Aðkoma:	**góð**

Upphafsstaður:
Ekið var upp Kjalveg frá Gullfossi rúma 2 km og ekinn vegslóði á vinstri hönd að ánni.

Endastaður:
Við brú hjá Geysi

Lýsing:
Til að byrja með var áin mjög vatnslítil og þurfti stundum að stjaka sér yfir grynningarnar en hægt og rólega bættust fleiri og fleiri lækir í ána.

Ekkert merkilegt gerðist frá upphafsstað að Nátthagafossi og hafði maður góðan tíma til að njóta

náttúrunnar og kyrrðarinnar.

Fyrsti farartálminn var Nátthagafoss, frekar vatnslítill foss c.a. 4m hár. Carlos stakk sér í hylinn fyrir neðan fossinn og kannaði dýpið sem reyndist nægt. Nátthagafoss byrjar í brattri flúð að fossbrúninni og þarf leikni til að staðsetja sig rétt þegar farið er fram af honum.

Eftir fossferðina fengum við okkur að drekka á bökkum Tungufljóts og söfnuðum kröftum fyrir seinni hlutann og ekki veitti af.

Skömmu eftir Nátthagafoss bættust tvær litlar ár í og fóru leikar þá að æsast.!!!!!!!!!!!!!

Fyrst komu auðveldar flúðir en þar sem áin tók hægri beygju var brött flúð sem fór illa með suma eftir rólegheitin þar á undan.

Eftir þetta má segja að áin hafi verið stanslaus rússíbanaferð með alskyns þrengingum en áin er mjög grýtt og fellur mjög bratt frá þessum stað að Geysi.


HÉRNA BYRJUÐUM VIÐ
NÁTTHAGAFOSS
GULLFOSS
ENDUÐUN HÉR
Jarlshólmi
Nátthagahólar
Nátthagafoss
Stapi
Bugur
Sauðahryggur
Skagheiði
Steinsholt
Gvendarbrunnur
Gullfoss
Haldukirkja
Kálfhagi
Hrúthagi
Tungufell
Kjóastaðir
Kirkjuholt
Lágamýri
Selhagár
Byrgishól

KAYAKKLÚBBURINN

Hvammsvíkurmaraþon 1999

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
Korkur

English
Póstur

Í ágúst 1999 stóð Kayakklúbburinn og Hvammsvík fyrir "maraþon" kappræðri á kayökum. Róið var frá Geldinganesi (suðaustanverðu), fyrir Kjalarnes og komið í mark eftir 40,4km róður í Hvammsvík í Hvalfirði. Tekin voru tvisvar 5 mín. stopp, fyrst eftir 14,9km við norðanver Kjalarnes en það síðara eftir aðra 13,6 við Eyri, þaðan voru síðan 11,9km í Hvammsvík.

15 manns hófu keppni en 12 skiluðu sér alla leið.

Skilyrði voru mjög slæm á fyrstu leið, vindur SV 10-15m/sek og ölduhæð því um 2m við sunnanvert Kjalarnes. Á þessari leið féllu þrír keppendur úr leik. Annar áfangi var sömuleiðis nokkuð strembin og var mikil spenna þegar menn lögðu frá seinna stoppi enda ekki nema tvær mín. sem skildu að fyrsta og fjórða mann einnig var Sigurður Björnsson búinn að vinna upp 11 min. á fyrsta mann og var nú aðeins 10 sek. á eftir honum í upphafi síðasta áfanga.

Sjólag var lang best á síðasta legg og komu menn þreyttir en ánægðir í mark í góðu veðri í Hvammsvík. En þennan fyrsta maraþon kappróður sigraði Sigurður Björnsson á tímanum 4:44,21.

Verður þessi keppni vonandi árviss viðburður, en Bessastaðbikarinn er orðin föst keppni hjá Kayakklúbbnum á vorin og er hugmyndin að halda fleiri mót og væri því hægt að krýna Íslandsmeistara í lok sumars úr þessum mótaröðum.

Gaman væri ef menn ættu góðar myndir að senda inn til að birta á heimasíðunni.

Úrslit

Nr.	Nafn	Milli t.	Milli t.	Tími
1	Sigurður Björnsson	2:03,00	3:27,00	4:44,21
2	Hörður Harðarson	1:53,25	3:28,30	4:50,51
3	Axel Helgason	1:51,30	3:26,50	4:53,02
4	Pete	1:53,20	3:28,50	4:57,48
5	Halldór Sveinbjörnsson	1:53,12	3:34,30	5:06,00
6	Gunnar Sæmundsson	2:11,40	3:37,40	5:18,30
7	Sigurþór Hallbjörnsson	2:07,12	3:43,30	5:19,57
8	Sævar Úlfarsson	2:16,40	3:57,15	5:26,25
9	Baldur Pétursson	1:56,20	3:39,10	5:37,11
10	Gestur Ingason	2.07,10	3.57,00	5:47,04
11	Sigurður Hafberg	2:18,10	4:14,00	6:02,35
11	Tómas Maríuson	2:24,50	4:20,00	6:02,35

Ágúst I Sigurðsson

Kristján Björn
Sigurður Páll Ragnarsson



- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttabréf

Korkur

English

Póstur

Gamlársdagsróður 2000

Tíu vaskir kayakræðarar réru Skerjafjörðinn og inní Kópavogshöfn á gamársdagsmorgun en það er orðin hefð hjá kayakklúbbinum að kveðja gamla árið með léttum ræðri.

Eftir róðurinn yfir til baka tók Ingimundur Þór Þorsteinsson eina hressilega og kalda veltu í tilefni dagsins.

Gamla árið var svo kvatt með kaffispjalli í húsakynnum Kajakklúbbsins í
Nauthólsvík.

Róbert Schmidt tók myndirnar.

.

-til baka-

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr Hvítá sumarið 2000

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
Korkur

English
Póstur

Byrjendaferð í maí

ALDAN

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Jónsmessuróður í Hvammsvík 2000

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
Korkur

English
Póstur

Föstudagskvöldið 23 júní síðastliðinn söfnuðust kajakmenn að venju saman í Hvammsvík. Veðrið var sérpantað í þette skiftið, sól og einmuna blíða einsog hún gerist best í Hvalfirðinum. Það var hópur fríðra kajakmanna og enn fríðari kvenna samankominn við grillin og svo jónsmessubálið. Sumir rérubeint af stað á vit ævintýra, en aðrir fóru hægar í sakirnar. Um miðnættivoru þó flestir komnir á flot og var þá fjörðurinn á að líta eins og á stríðsárunum. Skip um allt, svo langt sem augað eygði. Var róið víða, inn íHvítárnes, Brynjudal og jafnvel Botn og yfir í Hvalstöð. Nokkrir vaskir drengir réðu ekki við sig, skildu bílana eftir og réru til Reykjavíkur og fréttist af þeim lenda í Reykajvíkurhöfn við slippinn fyrir hádegið. Menn voru að skila sér til baka á misjöfnum tímum og í morgunsárið fréttist af kajakmanni steikjandi kjöt við glæðurnar af bálkestinum í fjörunni. Enn aðrir slógu upp tjöldum og sleiktu sólina morguninn eftir, nú eða réru meira.

Staðarhaldari var mjög ánægður að sjá hvað margir gátu heiðrað hann með nærveru sinni þetta kvöld og vonast hann til að þessi uppákoma eigi eftir að festast vel í sessi meðal kajakmanna og kvenna um ókomin ár.

Varðeldur í fjörunni

Grillið

Hvammsvíkurjarlinn

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
Korkur
English
Póstur

Átján eldar á Ströndum

Það skortir ekki eldivið á Ströndum. Þökk sé skógarhöggsmönnum nyrst í rússlandi, og náttúrulega hafstraumum.

Í júlíbyrjun 2000 fórum við fimm félagar undirritaður, Spessi ljósmyndari, Halldór Sveinbjörnsson útgefandi, Baldur Pétursson stálsmiður og Eyþór Páll Hauksson prentari í draumaferð kajakræðarans.

Farið var frá Ísafirði á miðjum miðvikudegi. Hornstrandaferjan Anna kom okkur fyrsta spölinn, eða í Hornvík. Innst í Hornvíkinni heitir Höfn, og þar vorum við ferjaðir upp í sandinn með allt okkar hafurtask. Það fer alltaf góður tími í að pakka í bátana í upphafi.
Framundan fimm til tíu daga ferðalag og markmiðið að komast allavega í Ingólfsfjörð á Ströndum. Það er ekki ólíklegt að hver bátur hafi mátt þiggja minnst 50 kg af farangri, því í kajakferðum er lúxus. Ekkert þurrfæði.

Það var milt veður, hægur andvari og þurrt. Vindur var nýgengin niður og úti var hæg undiralda. Það var talsverð spenna í hópnum að komast af stað því í fyrsta áfanga var sjálft Hornbjargið með einhvern töfrahljóm í sjálfu nafninu. Það eru straumar og rastir og brimkast og þverhnípt bjarg og milljónir fugla og það var að koma kvöld. Þegar dótið hafði fundið sér leið ofaní lestir bátanna eða inn í þurrpoka á dekkinu, var drukkinn bolli af expressó kaffi meðan pappakassar og aðrar umbúðir brunnu í fjörunni.

Kajakarnir minntu helst á drekkhlaðin loðnuskip þegar loks var ýtt á flot. Stemmingin sveif yfir Hornvíkinni. Framundan tæpir 14 kílómetrar af bjargi, næsta landtaka hugsanlega í Látravík. Við rérum út Hornvíkina með stefnuna á Horn, vestasta hluta bjargsins. Þar er röst sem reyndist þó ekki nokkur farartálmi í þessu hægviðri. Það var tignarleg stund þegar við komum fyrir Horn og sáum bjargið blasa við í allri sinni dýrð. Við héldum hópinn en samt var hver og einn eins og í eigin heimi dáleiddir af bjarginu. Nánast hver einasta sylla í bjarginu hefur sitt örnefni.

Fæðukista fortíðarinnar margsigrað á skinnskóm með hampköðlum, ekki laust við að mann langaði í egg. Alveg inn undir bjarginu í liðlega fimm metra löngum kajak sem fleytir kannski 30 centimetra yfir hafflötinn finnur maður vel fyrir smæð sinni í veröldinni. Maður horfði upp, 500 metrar þverhnípt og fuglarnir rótuðu niður smásteinum sem lentu með byssukúlu smelli í sjónum þannig að maður foraði sér utar í öryggi úthafsins.

Lifi byltingin

Kálfatindar, Hólmur, Eilífstindur, Skófnaberg, Forvaði, Fjalirnar, Brýni og fyrr en varði vorum við komnir í Látravík. Hornbjargsvitinn stóð tignarlegur á kletti og við tókum land í grjótinu fyrir neðan. Leifar af rennu til að draga vistir upp klettinn ásamt hálfum stiga sögðu til um velmektartíma vitavörslunnar. Í dag eru það sólarrafhlöður og sjálfvirkur tölvubúnaður sem leysa af hetjur einsemdarinnar, vitaverðina, Óla komma og þá alla.
Við lásum okkur upp klettinn eftir kaðli sem kominn var í stað stigans forna. Vitavarðahúsið var tómlegt á að líta inn um gluggana, en samt stóð það opið okkur til mikillar furðu. Við æddum inn en fengum fljótlega á okkur dimmraddað “Hver er þar” innan úr einu herberginu. Þar var komin gamla hetjan Óli kommi, nú ekki lengur vitavörður heldur landvörður í norðurhluta Hornstranda. Óli var fljótur að jafna sig á innrásinni og dreif okkur inn í kaffi, sýndi okkur vitann, sólarrafhlöðurnar og sjálfvirka búnaðinn sem leysti hann af hólmi, sagði okkur frá fyrri tíð og bauð kex.

Síðastliðinn vetur var Spessi með ljósmyndasýningu í New York. Þar komst hann yfir kaskeyti sem, samkvæmt áræðanlegum heimildum, sjálfur Maó formaður hafði borið, fagur grænt með rauðri stjörnu. Þótti við hæfi að enda heimsóknina með myndatöku fyrir utan vitann, og fékk Óli það hlutverk að bera kaskeytið. Spessi sá það strax í gegn um linsuna að þarna var kaskeytið komið heim. Hann bað Óla að þiggja gripinn, og gamli byltingarefurinn ljómaði. Þegar við rérum áfram inn í nóttina fannst okkur við sjá vitann blikka í austur ekki sjálfvirkt heldur manúalt.

Við rérum suður á bóginn fyrir Smiðjuvíkurbjarg og þaðan fyri Barð, og inn Barðsvíkina. Þar tókum við land í sandinum neðan við slysavarnarskýlið. Sumir kveiktu bál, aðrir komu kolunum til og allir borðuð sig sadda. Gallarnir hengdir til þerris og tjöldin sett upp eða útisvefnpokarnir sem, sumir völdu frekar, rúllað út. Við sofnuðum hamingjusamir.

Á tjaldstæðinu í Barðsvíkinni hittum við fyrir “hálendishópinn” frá Hinu Húsinu sem var að ganga úr Ingólfsfirði í Hornvík. Áttum við með þeim fjöruga morgunverðarstund og síðan skoðuðum við hjá þeim bakpokana og þau fengu að skoða bátana okkar. Þau ýttu okkur síðan á flot áður en þau þrömmuðu sína leið í stuttbuxunum. Fallegur hópur.

Sumir deyja

Við dóluðum út með Straumnesinu og svo inn með því sunnan megin. Þar heitir Bolungarvík. Innst í Bolungarvíkinni er hvít sandströnd. Þar var kaffitími og gott sólbað. Eitt lítið bál, og síðan aftur í bátana.

Við þveruðum, eða “krossuðum”, eins og við köllum það, Furufjörð yfir í þar sem heitir Kanna, klettur yst á nesi því sem skilur að Furufjörð og Þaralátursfjörð. Kanna er réttnefni. Kletturinn er alveg eins og nýmóðins hraðsuðukanna, með handfangi og allt. Kannan var mynduð í bak og fyrir, og síðan róið áfram.

Krossuðum Þaralátursfjörð, út með Þaralátursnesi. Örlítið sólbað þar yst, og síðan inn Reykjafjörðinn. Eyþór á ættir að rekja í Reykjafjörð, og þar stoppuðum við heilan sólahring. Þar er myndarleg þjónusta við ferðafólk. Við fórum í heita laugina, drukkum kaffi hjá Lillu frænku, fengum nýbakaða snúða og okkur langaði eiginlega ekkert burt. Um nóttina þegar við sátum við bálið trítlaði Minkur eftir fjörunni og gerði Kríurnar vitlausar. Stuttu síðar ýtti Ragnar bóndi út skektu. Hann var vopnaður. Hann réri út í sker

og stuttu síðar ómaði eitt búmm, og Ragnar réri til baka með þennan óvin númer eitt í varpinu. Af stuttu færi og það vantaði afturhelminginn á dýrið. “Hann drepur ekki fleiri kollur þessi “sagði Ragnar ánægður, og við hjálpuðum með skektuna upp á fjörukambinn aftur.

Þar sem við rérum út Reykjafjörð, þar sem heitir Sigluvík, urðum við vitni að undarlegu háttalagi náttúrunnar. Hátt í klettinum var álftapar með hreiður. Þau demdu sér til flugs bæði með stuttu millibili og ekki veit ég hvort við vorum sökudólgarnir, en allavega fannst ungunum vissara að drífa sig líka. Þeir létu sig allir gossa fram af. Við fórum í land til að athuga með þá. Aðeins einn af fjórum var með lífsmarki. Hann jafnaði sig furðu fljótt og dreif sig syndandi á eftir foreldrunum. Við rérum áfram hálf daprir, blanda af samviskubiti og pirring út í kæruleysi foreldranna.

Ljóslifandi saga

Áfram fyrir Geirólfsnúp og inn í Skjaldabjarnarvík. Ekki kann ég söguna nógu vel til að hafa hana eftir, en þar er leiði eitt, og hvílir þar fyrrum ábúandi Hallvarður Hallson. Það var búið að leggja okkur lífsreglurnar með það að fara ekki þarna framhjá án þess að heimsækja leiðið og helst snyrta aðeins í kring. Einhver hafði verið þar rétt á undan okkur og málað krossinn og grindverkið í kring. Við reyttum smá arfa og kveiktum örlítinn eld. Expressó eða kakó og síðan áfram. Þar sem við rérum inn með Randarfjalli í átt að mynni Bjarnarfjarðar helltist skyndilega yfir okkur nokkuð þétt þoka.

Við ætluðum að krossa Bjarnarfjörð, þannig að við stoppuðum við lítið nes og tókum fram kortin til að mæla út stefnu yfir fjörðinn. Fyndin örnefni á ströndum. Við vorum sem sé staddir við “Skaufasel”. Hinumegin við fjörðinn var annað sel, “Meyjarsel”. Við rérum í þokunni eftir áttavita. Stefnan var 142 gráður réttvísandi, og okkur fannst eins og þessa stefnuna hefði margur vaskur sveinninn róið á árum áður.

Það er eitthvað mjög heillandi við að róa í þoku. Sléttum sjó og þoku sérstaklega. Við dóluðum með ströndinni, allt vaðandi í furðuverum og skúlptúrum. Á einu nesinu hafði hópur hestamanna áð. Við rérum með hraustlegan hrotukór í bakgrunnin, og hestarnir horfðu á okkur forviða. Bærinn Drangar birtist í þokunni eins og leikmynd frá víkingatímanum. Þar er myndarlegt æðarvarp og einhver ferðaþjónusta. Áfram út með Drangahlíðinni.

Við vissum af Drangaskörðum. Sjö tignarlegir tindar yst á Skarðafjalli. Það væri synd að sjá þá ekki. Einn barði í borðstokkinn og sagðist ekki fara fet fyrir Drangaskörð í þessari þoku. Sagðist ætla að bíða þessvegna allt sumarið þar til þokunni létti. Það var gerð málamiðlun. Rérum fyrir skörðin og inn í Drangavík.

Þar innst í víkinni var tjaldað í lítilli paradís. Við vöknuðum aftur inn í þokuna. Það var samt yndislegt veður, heitt og milt. Staðgóður morgunverður, varðeldur, sundsprettur í ósnum og hver expressó kannan á fætur annari. Með samstilltri hugarorku tókst okkur loksins í lok dagsins að fæla þokuna af Drangaskörðunum. Biðin var þess virði. Þvílíkt útsýni. Sannarlega sigurstranglegir keppendur í fegurðasamkeppni fjallanna á ströndum.

Við héldum áfram í suður og rákum á undan okkur þokuna. Rérum inn flóa sem geymir þá Eyvindar- Ófeigs og Ingólfsfjörð, nefnda eftir bræðrum er þar námu land eftir að faðir þeirra hafði verið drepinn af Haraldi hárfagra og hans durtum. Þriggja rétta máltíð innst í Eyvindarfirði og síðan áfram. Farkostirnir voru eitthvað svo viljugir þennan dag. Við krossuðum Ófeigsfjörð frá Hrúteyjarnesi beint á Seljanesvita.

Fimm kílómetra kross í spegilsléttum sjó. Ekki langt frá miðjum flóanum sáum við Háhyrning ekki langt frá okkur. Hann fylgdi okkur smá stund í fjarlægð, en hvarf svo í djúpin. Veðrið var ótrúlegt. Við fylgdumst með sólinni stinga tánni í norður-íshafið, og hífa sig svo aftur upp á festinguna. Við lentum innst í Ingólfsfirði aðfaranótt sunnudags tæpum þrem dögum á undan áætlun eftir góðan dag á sjó.

Síðasti áfanginn

Við gáfum okkur góðan tíma daginn eftir að skoða draugabæinn og verksmiðjuna sem var bara byggð, aldrei notuð. Allavega ekkert sem talandi er um. Þar er allt enn eins og farið hafi verið skyndilega, sennilega bara í kaffitímanum. Vegna þess hvað vel hafði gengið, ákváðum við að róa lengra. Enda þetta í Djúpuvík þar sem Ási frændi Spessa og Eva kona hans reka hótel með miklum myndarbrag. Við ætluðum að gefa okkur tvo daga í viðbót til að komast þangað. Við fengum vægan mótvind út Ingólfsfjörðinn, frískandi hafgolu.

Fyrir Munaðarnes loksins örlítil kvika og smá lens inn með Krossnesinu. Við stoppuðum við laugina í fjörunni og syntum smá og nærðum okkur. Undarlegt kvikindi hafði endað ævina þarna í fjörunni. 5-600 kg flykki sennilega Sæljón eða Rostungur. Það vantaði á það hausinn þannig að það var ekki gott að segja. Við kíktum á kortin og mældum vegalengdir. Við ákváðum að krossa Trékyllisvíkina beint yfir í Reykjaneshyrnuna. Tæplega 6 kílómetrar og þar undir hyrnunni fundum við ansi skemmtilegan helli í klettinum. Hægt var að róa nokkrar bátslengdir inn í myrkrið. Hann ku heita Dugguhola. Út með Reykjanesinu við Gjögur er flugvöllur. Þar tjölduðum við undir flugbrautarendanum.

Skammt frá heitur pottur í skerjunum og endalaus fegurð hvert sem litið var. Það er ekki lengur neinn heilsárs ábúandi á Gjögri, en þar eins og víða annarstaðar á ströndum sækir fólk í átthagana yfir sumarið. Við rérum inn í höfnina á Gjögri síðasta daginn okkar á sjó. Heimamenn voru að dytta að húsum sínum, en gáfu sér samt tíma í smá spjall. Kaffi og hressing var borin út í sólina fyrir okkur áður en við krossuðum Reykjafjörðinn og silgdum inn með Reykjafjarðarhyrnu í átt að Kúvíkum. Þar töfruðum við upp úr lestum bátanna alls kyns kræsingar. Enn var samt nægur forði, og held ég að ég hafi ekki verið sá eini sem helst vildi halda áfram í nokkra daga. En það er ekki endalaust hægt að leika sér. Síðasta spölinn bað Spessi okkur að róa í takt. Sagði að Ási frændi vildi helst hafa það þannig. Og inn Djúpuvíkina, síðustu kílómetrana var það

taktfast “hægri, vinstri, hægri vinstri” með fögrum bogadregnum sveiflum allir í takt.

Í Djúpuvík var verið að undirbúa komu herra Ólafs Ragnars. Við nutum góðs af því. Við vorum beðnir um sérfræðiálit á bakkelsinu sem til stóð að bjóða Forsetanum og hans fylgifólki. Bragðaðist það alveg einstaklega vel. Dagin eftir var félagi okkar Sigurður Hafberg væntanlegur með kerru undir kajakana að sækja okkur. Áður en við gengum til náða í litlu húsi sem þau hjónin buðu okkur til afnota gengum við spölkorn inn með firðinum og brennuvargurinn í hópnum kveikti átjánda eldinn áður en hann ljósmyndaði hópinn sem nú hafði lagt að baki sex daga og 160 kílómetra á sjó.

Pétur Blöndal Gíslason
Hvammsvík

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Róið um óbyggðir Grænlands

Sumarið 2000 fóru fimm hressir kajakfélagar frá Reykjavík til Kulusuk í ævintýraferð um Ammasaliqfjörð sem er á A-Grænlandi

Grænlandsfararnir; f.v: Ellert Guðmundsson, Ingimundur Þór Þorsteinsson, Sigurður Andrésson, Þorsteinn Gunnarsson og Róbert Schmidt eftir ferðina, allir útbitnir og útiteknir í framan.

Ferðalagið tók eina viku og var gist í tjöldum allan tímann nema síðustu nóttina. Ferðaleiðin var rúmlega 160 km. og var mest róið 40 km á öðrum degi ferðarinnar.
Róið var frá Kulusuk inn Ammasaliqfjörð með viðkomu í Kummiut og þaðan austur með eyjunum og niður til baka ýmsar krókaleiðir. Veður var með besta móti, sól og logn en þó kom fyrir að það hvessti hressilega hluta úr degi.

Sigurður Andrésson á sérlega fallegum degi við Tuno austur af Kummiut

Mikill ís var á ferðaleiðinni og lentu sumir í hremmigum og mátti hafa sig alla við til að sleppa úr þeirri prísund. Hrefnur og selir syntu um firðina,

sjófuglar spókuðu sig í sólinni og stöku sinnum voru heimamenn á ferð til og frá veiðium á sínum hraðbátum.

Þorsteinn Gunnarsson rær öruggum höndum inn Ammasaliqfjörð.

Við strákarnir vorum léttir allan tímann, tjölduðum á fallegum stöðum, kveiktum varðeld, grilluðum selkjöt og fleira góðgæti, drukkuð koníak og rauðvín og Ingimundur lék á munnhörpuna við sólarlagið. Við veiddum okkur bleikju og rjúpur í matinn og lásum Grænlenskar draugasögur seint á kvöldin við varðeldinn. Ekki hægt að fá það betra á þeim bænum.



Þorsteinn Gunnarsson með hluta af stórum borgarís í bakgrunni.

Ferðin tókst frábærlega vel. Allir sluppu lifandi og veltil heilsu án nokkurra vandræða. Samstilltur hópur manna sem höfðu skipulagt ferðalagið af kostgæfni og útsjónarsemi. Allir rérum við á Prijon Seayak og
stóðu þeir sig með eindæmum vel.

Þvottur á snúru útí óbyggðum Grænlands. Myndin er tekin frá tjaldbúðum á fjórða degi.
Ljósm: Róbert Schmidt

Fleiri kajakleiðangrar voru á sama tíma, eða þrír alls fyrir utan okkar. Allir voru þeir á samanbrjótanlegum
ferðakajökum með mikinn farangur enda tóku þeir lengri tíma í ferðirnar en við. Íslensku ræðararnir fóru á sex dögum það sem Ameríkanarnir tóku á 14 dögum.

Ingimundur Þór Þorsteinsson afslappaður á góðum og lognsælum degi skammt frá Kummiut á A-Grænlandi sl. sumar.
Ljósm: Róbert Schmidt

Róbert Schmidt leiðangursstjóri Grænlandsferðarinnar, sem tók 7 daga

Með kveðju

Róbert Schmidt
robertsc@isl.is

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
Korkur
English
Póstur

Kayakferð straummanna 2000

Júní 2000 fóru Bjössi, Steini, kiddi og Jónsi hringferð um landið í þeim tilgangi að róa hinar ýmsu ár og hitta aðra kayakræðara.

Siglt var í Skaftá, Jökulsárlóni, Kolgrímu, Eyvindará, Skjálfandafljóti og Austari Jökulsá.

Hér eru nokkrar myndir en fleiri myndir og ferðasaga koma seinna.

Kolgríma

Kolgríma

Eyvindará

Jökulsárlón
- smella fyrir stærri mynd -

Jökulsárlón

Jökulsárlón
- smella fyrir stærri mynd -

Jökulsárlón

Jökulsárlón

Sænautasel

Goðafoss

Goðafoss

Goðafoss

Goðafoss

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttabréf

Korkur

English

Póstur

Veiðimenn og kayakræðarar geta lifað á sátt.

Mynd tekin í Hvítá í sumar.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttabréf

Korkur

English

Póstur

Róður um Leirárvog

Besti róður sumarsins var í ágúst í sól og nánast logni norðaustan við Akrafjallið í Melasveit.

Byrjað var neðan við bæinn Siglunes (með leyfi bóndans), í Grunnafirði, sem líka heitir Leirárvogur, og er stórt sjávarlón með miklu fuglalífi, fallegum sjávarbotni, sel og m.a. haferni sem sveimaði yfir okkur.

Svo var siglt út úr lónsmynninu þar sem er talsverð og skemmtileg ólga, út á sjó og meðfram mjög fallegum Melabökkum, ca. 20-30 m háum sjávarbökkum með ótrúlegum litbrigðum, og inn í Borgarfjarðarmynnið, milli fallegra klappa með sel og miklum sjávargróðri.

Lent við Belgsholt þar sem sjávarbökkunum sleppir, en þar er góð sandströnd. Alls ca. 10 km ferð og svo gengið um 6 km tilbaka (æfing fyrir fótleggina) að sækja bílinn, enda hefði verið erfitt að fara tilbaka vegna muns á flóði og fjöru og grynninga í Leirárvognum þegar komin er háfjara. Sól, hlýtt, fallegt veður, hvað má biðja um betra ?

Reynir Tómas Geirsson.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
Korkur
English
Póstur

Goðafoss

16 Júlí. Goðafoss. Jón Heiðar, Pétur Þór, Halldór Vagn, Davíð og Reynir Óli fara niður af hærri stallinn í Goðafossi.







KAYAKKLÚBBURINN

Hvammsvíkurmaraþon 2000

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
Korkur
English
Póstur

Þann 26 ágúst var Hvammsvíkurmaraþon haldið í annað sinn, en þar er keppt á sjókajökum og eru rónir 40,6 km. 15 ræðarar tóku þátt.

Keppni hófst austan við eyðið út í Geldingarnes og komið í mark í Hvammsvík í Hvalfirði. Á leiðinni eru tvö fimm mín. skildu stopp, það fyrra á Kjalarnesi en það síðara við Eyri.
Keppnin var hörku spennandi, á fyrsta legg komu fimm ræðarar inn á innan viðmín. eftir klukkustund og fjörtíu mín. Róður. Eftir annan legg höfðu menn skipts á sætum og voru fjórir fyrstu menn með afgerandi forustu og hélst röð þeirra óbreitt í mark, en aðeins tvær sek. skildu að þriðja og fjórða mann.

Methafinn frá í fyrra gat ekki tekið þátt í ár en tími hans var 4:44:21. Tímar í ár voru töluvert betri, fyrsti maður Halldór Sveinbjörnsson var á 4:32:30.
Reyndar er ósanngjarnt að bera saman tíma í ár og í fyrra þar sem skilyrði á fyrsta legg voru erfið þá, enda var tíminn á þeim legg 12 mín betri í ár.
Von okkar kajakmanna er að til verði mótaröð yfir sumarið svo að í lok sumars verði krýndur Íslandsmeistari, en sem komið er eru aðeins tvö reglubundin mót haldin, þ.e. Bessastaðabikarinn á vorin og Hvammsvíkurmaraþon síðla sumars.

Úrslit neðst á síðu

Ræst

Við Kjalarnes

Dóri í öðru stoppi

Róbert

Axel og Dóri

Allir komu þeir aftur

Sigurvegari

Talað í síma

Sími sekkur

Gull og silfur

Silfur og brons



Úrslit 2000

Nr.	Nafn	Bátur	Tími 1	Tími 2	Tími 3	Tími
1	Halldór Sveinbjörnsson	Inoq	01:39:44	01:28:46	01:24:00	04:32:30
2	Óskar Helgi Guðjónsson	Buchanier	01:40:13	01:29:43	01:23:53	04:33:49

3	Baldur Pétursson	Esplora	01:42:15	01:27:50	01:25:33	04:35:38
4	Sævar Úlfarsson	Nordkapp	01:40:20	01:30:21	01:24:59	04:35:40
5	Magnús Hinriksson	Vivian	01:42:08	01:31:39	01:27:07	04:40:54
6	Sigurjón Þórðarson	Buchanier	01:42:55	01:39:13	01:31:28	04:53:36
7	Axel Helgason	Inoq	01:39:37	01:45:10	01:37:44	05:02:31
8	Baldvin Krisjánsson	Esplora	01:47:02	01:41:48	01:33:41	05:02:31
9	Gunnar Sæmundsson	Nordnes	01:39:57	01:39:39	01:42:55	05:02:31
10	Hörður S. Harðarson	Buchanier	01:43:26	01:43:03	01:36:02	05:02:31
11	Rúnar Pálmason	Esplora	01:47:20	01:46:53	01:39:01	05:13:14
12	Óttar Kjartansson	Viking	01:50:04	01:52:36	01:54:03	05:36:43
	Róbert Schmidt	Millenium	01:53:37	01:55:33		
	Guðmundur Birgisson	Kodiak				
	Guðmundur Elíasson	Nordnes				

Úrslit 1999

1	Sigurður Björnsson	Inuk / Kirton	2:03,00	01:24:00	01:17:21	4:44,21
2	Hörður Harðarson	North Shore	1:53,25	01:35:05	01:22:21	4:50,51
3	Axel Helgason	Viking Qajaq	1:51,30	01:35:20	01:26:12	4:53,02
4	Pete	North Shore	1:53,20	01:35:30	01:29:58	4:57,48
5	Halldór Sveinbjörnsson	Prijon	1:53,12	01:41:18	01:31:30	5:06,00
6	Gunnar Sæmundsson	Nordnes	2:11,40	01:26:00	01:40:50	5:18,30
7	Sigurþór Hallbjörnsson	Island of Sard. / QajaQ	2:07,12	01:36:18	01:36:27	5:19,57
8	Sævar Úlfarsson	Nordnes	2:16,40	01:40:35	01:29:10	5:26,25
9	Baldur Pétursson	Nordnes	1:56,20	01:42:50	01:48:01	5:37,11
		Esplora /				

10	Gestur Ingason	Francesconi	2.07,10	01:49:50	01:50:04	5:47,04
11	Sigurður Hafberg	Nordnes	2:18,10	01:55:50	01:48:35	6:02,35
11	Tómas Maríuson	Seayak / Prijon	2:24,50	01:55:10	01:42:35	6:02,35
	Ágúst I Sigurðsson	Heimasmíði				
	Kristján Björn	Valley Skerray				
	Sigurður Páll Ragnarsson	Esplora / Francesconi				

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Brim við Gróttu okt. 2000

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttabréf

Korkur

English

Póstur

KAYAKKLÚBBURINN

Sjóbátamyndir

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

KAYAKKLÚBBURINN

Elliðarár

10.mars 2001

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Jónsi

Jónsi

Jónsi

Steini

Steini

Jónsi



Jónsi

Jónsi

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Elliðarárrodeo 2001

Mánudaginn 30. maí var keppt í “Rodeo” á kayak, sem kalla mætti flúðafimi á ísl. Keppnin var í Elliðaánum neðan við virkjunina þar sem við nýtum okkur það umfram vatn sem kemur frá virkjuninni. Keppnin tókst í alla staði vel, keppendur voru ellefu og fjöldi áhorfenda sem hvöttu keppendur duglega.

Keppni þessi felst í því að sína listir sínar á kayak í eini tiltekinni flúð, svo sem stinga bátnum upp á endann eða snú honum í hringi og fá keppendur tvisvar 90 sek. og er betri umf. látin gilda. Úrslit voru eftirfarandi:

	1. umferð	2. umferð	Samtals	Sæti
Jónsi	124	187	187	1
Maggi	160	135	160	2
Bikash	150	83	150	3
Reynir Ól	73	130	130	4
Bjössi	104	123	123	5
Jón Heiðar	121	94	121	6
Carlos	85	40	85	7
Gulli	73	42	73	8
Erlendur	67	45	67	9
Gummi	7	50	50	10
Pálmi	20	30	30	11

Bjössi

Bjössi

Carlos

Erlendur

Gulli

Gummi

Jón Heiðar

Jónsi

Maggi

Bikash

Bikash

Reynir

Byrjendaflokkur
Gummi, Erlendur, Pálmi

Lengra komnir
Jónsi, Bikash, Maggi

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2002
Korkur
Veltan
English
Póstur

20 ára afmæli Kayakklúbbsins

Frá formanni

Laugardaginn 7. apríl var boðið í afmæliskaffi út í Viðey þar sem klúbburinn var 20 ára.

Ákveðið var að hittast kl. 12:30 á eyðinu út í Geldingarnes og róa þaðan.

Stax kl. 12 voru menn farnir að streyma að með kayaka, eða komu til að tryggja sér bát hjá Pétri, þar sem hann hafði sagt að fyrstir koma fyrstir fá, enda varð það raunin að ekki voru bátar fyrir alla.

Rétt fyrir eitt lagði svo hersingin af stað, alls 38 ræðarar á 37 bátum. Sjálfsagt hafa aldrei sést svo margir kayakar á sjó hér við land í einu.

Róið var suður fyrir Viðey og tekið land í fjörunni fyrir neðan glerskálann, þar sem nokkrir félagar sem tekið höfðu ferjuna tóku á móti hópnum. Í skálanum beið svo kaffi og þessi fína afmæliskaka.

Þar var svo formanni að óvörum veitt viðurkenning fyrir að hafa haft áhuga á kayakræðri í tuttugu ár og ekki nóg með það, nú verður hann mektur í bak og fyrir með KAYAK í hvert skipti sem hann fer út að keyra.

Það snart við manni að fá þessa viðurkenningu og þakka ég öllum ynnilega fyrir, en ánægjan er þó alltaf mest að fá að róa með ykkur. Ekki veit ég hvort ég nenni að vera formaður næstu 20 árin og enn síður, þið að sitja uppi með mig, en það er nú einhvern vegin þannig að ef maður hefur gott fólk í kringum sig, þá er þetta bara gaman.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Úrslit í Bessastaðabikar 2001

	Einstaklings karla 11,0 km		2001	2000	1999	1998
nr.1	Valdimar Harðarson	Inuk	1.21.24	1.19.04	1.14.12	1.16.41
nr.2	Halldór Sveinbjörnsson	Inuk	1.25.08	1.19.15	1.14.54	1.20.31
nr.3	Gunnar Sæmundsson	Sardinia	1.28.24	1.21.35	1.15.17	1.21.54
nr.4	Sævar Úlfarsson	Nordness	1.28.32	1.23.24	1.16.59	1.22.50
nr.5	Ófeigur Gíslason	Norness	1.29.09	1.25.00	1.17.49	1.23.44
nr.6	Magnús Hinriksson	Viking	1.29.11	1.25.06	1.18.41	1.25.23
nr.7	Ólafur Sigmundsson	Exprorer	1.29.53	1.26.46	1.18.56	1.28.01
nr.8	Baldur Pérursson	Explorer	1.31.03	1.28.24	1.19.11	1.30.17
nr.9	Óttar Kjartansson	Shoreline	1.35.15	1.29.06	1.21.17	1.32.29
nr.10	Pétur Gíslason	Kitinec	1.36.48	1.36.00	1.22.00	1.33.02
nr.11	Guðmundur Breiðdal	Kodiak	1.41.34		1.22.26	
nr.12	Spessi	Sardinia	1.43.43		1.23.43	
nr.13	Gestur Yngason	Sardinia	1.59.08		1.23.57	
	Geir Brynjar Hagalínsson	Viking			1.29.34	

	Einstaklings kvenna 11,0 km					
	Júlía Björnsdóttir	Viking				
	Tveggjamanna 11,0 km					
nr.1	Einar Danílsson Gunnar Björgvinsson		1.35.50	1.13.34	1.12:41	1.16.30
nr.2				1.22.03	1.15:51	1.17.16

nr.3				1.25.42	1.16:52	1.26.50
nr.4					1.19:01	
nr.5					1.23:25	

Einstaklings karla 5,5 km

nr.1	Garðar Hrafn Sigurjónsson		38.50	37.12	33.43	38.08
nr.2	Hákon Halldórsson	Koniyak	40.40	45.05	34.12	43.27
nr.3	Sigurður Sigurjónsson		41.38		35.47	49.48
nr.4	Hafliði Halldórsson		41.54		36.46	50.34
nr.5	Kristján Geir Jóhannsson		42.51		37.09	57.33
nr.6	Jóhann Hjartarsson		43.32		40.30	
nr.7	Hallgrímur Guðmundsson		43.39		41.39	
nr.8	Otti Hólm Elínarsson		44.34		42.01	
nr.9	Bjarni Freyr Bjarnason		46.24			
nr.10	Jóhann Kjartansson	Svalbard	46.48			
nr.11	Ingþór Sigurðsson		48.33			
nr.12	Guðmundur Björgvinsson		49.04			
nr.13	Halldór Þ. Ásmundsson		50.25			
nr.14	Bogi Emilsson		52.15			
nr.15	Eyþór Hauksson		56.05			
nr.16	Ágúst Ingi Sigurðsson		1.00.18			
nr.17	Páll Hreggviðsson		1.00.42			
	Guðjón	Koniyak				
	Jón Hilmarsson					

Einstaklings kvenna 5,5 km

nr.1	Guðný Hansen		52.14	36.29	34.31	45.35
nr.2	Helga Einarsdóttir		61.12		35.17	47.41
nr.3	Ragnheiður Sigurðardóttir		61.45		37.19	52.40
nr.4					41.39	53.38
nr.5					1.19.10.	

Tveggjamanna 5,5 km

nr.1	Pálmi Baldursson Brynjar Erlingsson		50.53	37.26	40.13	40.18
	Hrafnhildur					

nr.2	Garðarsdóttir Guðrún Högnad	53.00	41.57		44.27
nr.3	Sigríður Guðst. Sigríður María	54.04	45.07		
nr.4	Ingimar Finnbjörns Sigurður H Gríms	57.16			
	Bátar/þátttakendur	41/46	19/25	33/39	24/29

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Byrjendaferð Kayakklúbbsins í Hvítá 2001

Laugardaginn 24 maí var farið í árlega byrjendaferð Kayakklúbbsins í Hvítá.

Hópurinn samanstóð af byrjendum í straumróðri og sjókayakræðurum sem voru að fara í straumvatn í fyrsta sinn.

Lagt var af stað fyrir neðan brúnna í Brúarhlöðum

Fyrst var farið yfir öryggisatriði.

Síðan var að mana sig í að fara útí.

Lagt var af stað úr lygni vík.

Og menn brostu breytt við upphaf ferðarinnar

Og svo var lagt af stað

Ekki fóru allir á réttum kili niður ánna.

Og þá voru þeir dregnir í land.

Sumir reyndu að drekkja kærustunum.

Kröftum safnað fyrir næstu flúð

Og stelpunar létu sitt ekki eftir liggja

Og enn vildu bátarnir ekki haldast á réttum kili.

En allir komust heilu og hölnu á áfangastað.

KAYAKKLÚBBURINN

Ferð í ölduna í Hvítá maí 2001

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Fjölskylduferð í Galtarlæk - Rangá helgina 9 - 10 júní

Þá er það vorferðin í Galtalæk!!! Þeir duglegustu mættu í skóginn á föstudagskvöldinu og fengu sér eitthvað gott á grillið og rifjuðu upp undangengin sumur í Galtalæk.

Á laugadeginum voru menn mest í Leikfangalandi (lítil flúð í rangá sem er við tjaldstæðið í Galtalæk) sem er kjörinn staður fyrir byrjendur sem enduðu síðan daginn með því að labba upp í Ármannsflúðir sem eru lítið eitt erfiðari, ef menn klára þær flúðir hvort heldur er í bát eða syndandi, hljóta menn nafnbótina "Ármaður"

Lengra komnir fóru lengri ferð niður ánna, flúðir sem eru að styrkleika III+

Um kvöldið var síðan slegið upp sameiginlegu grilli!

Ræst var snemma á sunnudagsmorgninum og farið í Leikfangaland og Ármannsflúðir.



KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2001
Korkur
English
Póstur

arctic RAFTING www.nett.is/arcticraft og Pies-Projects kynna,

Lagarfoss Rodeo 28 júlí 2001

Keppt var í flúðafimi (Rodeo) Í Lagarfossi, Egilstöðum laugardaginn 28.júlí. Þátttakendur voru 22 þar sem keppt var í flokki heimamanna (íslendingar) og gesta, sem flestir eru atvinnumenn. Veður var gott og vatnið enn betra, að sögn atvinnumanna; "með bestu aðstæðum í heimi"! og fjöldi áhorfenda var til að hvetja menn til dáða.

Úrslit

Heimamenn:
1. Reynir Óli Þorsteinsson stig alls 71
2. Gunnlaugur Magnússon stig alls 53
3. Garðar Jóhannsson stig alls 9

Gestir:
1. Pies, UK, stig í úrslitum 444, stig alls 706
2. Nick Turner, USA, stig í úrslitum 152, stig alls 373
3. Mariann Saether, Noregi, stig í úrslitum 64, stig alls 256

Myndir frá keppninni

Styrktaraðilar

Arctic Rafting	Pies-Project
Perception	Nanoq
Robson	Kogg
Playboating Magazine	Hótel Hérað
Ormurinn Pub	Tjaldsvæðið Egilsstöðum

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Ferðasaga af Ströndum.

Kort af leiðini sem farin var

Ég hafði ekki óskað mér að að keyra Hvalfjörðinn en svo varð samt að vera, vegna umferðarsultu. Á föstudagskvöldi vorum þrír félagarnir á leiðinni norður í Trékyllisvík, en þaðan stóð til að gera út um verslunarmannahelgina.
Það var stutt liðið á nótt þegar við komum í Norðurfjörð en þar á Ferðafélag Íslands jörð sem við gistum á. Þar er bæði hægt að fá inni í svefnpokaplássi eða tjalda á tjaldstæði sem við gerðum.
Á laugardagsmorgni vöknuðum við í þoku og rigningarsudda en stilltu veðri. Og upphófust þá bollaleggingar um hvað ætti að gera næst, meðfram því að spjalla við heimamenn og kynna sér nágrennið.
Meðan við vorum að þessu stytti og birti upp. Var þá ákveðið að lesta bátana og sjá til hvert þeir bæru okkur.

Maður snýst í ótal hringi um sjálfan sig og búnaðinn þegar er gert sjóklárt í upphafi ferðar.

Um hádegið rérum við út úr Norðurfirðinum og fyrir Krossnesfjall. Það var norðanátt búinn að vera undanfarið, en þarna var ekki nema gola, og eins til tveggja metra ölduhæð. Það er alltaf tilbreyting að róa í öldu og þegar er róið á grunnu í öldu þarf maður að vera vakandi yfir boðum og grunnbrotum.
Okkur miðaði ágætlega áfram og þegar stutt var eftir að Munaðarnesi tókum við land til að éta og ákveða framhaldið. Þarna blasti ströndin við okkur, sáum við vel Drangaskörðin og leist okkur svo vel á þau að við ákváðum að stefna þangað næst og stigum ekki uppúr bátunum fyrr við eiðibýlið Drangavík í samnefndri vík. (Mér finnst algert skilyrði að maður geti pissað í bátnum á svona löngum leiðum þar sem ekki er hægt að taka land).

Drangaskörðin heilla.

Ekki var fýsilegt tjaldstæði við bæinn og héldum við því áfram inn í Drangavík, og inn í ósinn innan við rifið í botni víkurinnar. Þar er fínt tjaldstæði, heil Drangavíkurá með drykkjarvatni, nóg brenni, og útsýni til Drangaskarðanna.

,,Bara að kveikja smá bál”

Það var ennþá stillt og bjart veður þegar við skriðum út úr tjaldinu á sunnudagsmorgninum, og var því ákveðið að heilsa næst upp á bændur í Ófeigsfirði. Eftir hefðbundin morgunverk (einn okkar var kominn með ýmsa verki) héldum við af stað í suður.
Við lékum bæði við brim og ferskvatn ,skoðuðum refafjölskyldu á Hrúteyjarnesi og nutum þess að róa um ókunnar slóðir.

Hélt einhver að sjókayakar væru bara notaðir á sjó.

Um kaffileytið komum við í Ófeigsfjörð og vorum við strax drifnir í kaffi og með-læti.
Það er umtalsvert æðarvarp og reki í Ófeigsfirði, sem heimamenn nýta, en þeir búa þarna á sumrin og á mölinni á veturna. Eftir sögustund héldu tveir áfram ferðinni en einn (sá með flensuna) varð eftir.

Seljanes, eitt heimila bænda á Dröngum.

Rérum við út Ófeigsfjörð, fyrir Seljanes og að Eyri við Ingólfsfjörð.
Þar hittum við fyrir hólmara sem voru að klæða húsið sitt og var annar þeirra svo elskulegur að keyra mig yfir í Norðurfjörð þar sem bíllinn beið.
Í Norðurfirði hitti ég staðarhaldarann sem var mjög glaður að sjá mig, en hann hélt að við hefðum lent í vandræðum fyrst við komum ekki samdægurs til baka í Norðurfjörð. Það átta sig alls ekki allir á því að það sé hægt að fara í meira en dagsferðir á kayökum.
Á Eyri er er síldarbræðsla frá því um miðja síðustu öld og einnig er þarna hús sem hýsti rækjuvinnslu fram undir 1970. Þá lagðist útgerð þarna að mestu af vegna hafíss sem teppti siglingaleiðir auk þess að eyðileggja bryggjurnar á Eyri.
Þarna spjölluðum við lengi við bændur. Ég fór á bílnum að sækja bát og búnað þess sem heltst hafði úr lestinni í Ófeigsfirði en maðurinn sjálfur hafði fengið far að Eyri.
Það kom mér skemmtilega á óvart að uppgvötva að vegurinn milli Eyrar og Ófeigsfjarðar er einn alversti vegur landsins, allavega hef ég ekki ekið annan eins veg og tel mig þó hafa farið víða. ,,Vonandi tekur engin þetta nærri sér “.
Við fengum leyfi til að tjalda á verksmiðjulóðinni og einnig til að skoða verksmiðjuna, en það gladdi mitt brotajárnshjarta. Það á ekki að þurfa að taka fram að hægt er að lesa gríðarlega mikla sögu úr brotajárni. (Ég vann í brotajárni fyrir mörgum árum).

Húsum á eyri er misvel viðhaldið.

Þarna lauk kayakferðinni og eftir að hafa skoðað meir og spjallað meir héldum við suður á bóginn til að tryggja okkur sæti í mánudagslestinni á þjóðvegi númer eitt, það var jú verslunarmannahelgi.
Þeim sem vilja lesa sér til um svæðið er bent á bókina Aggagagg eftir Pál Hersteinsson og Árbók ferðafélags íslands 1994-Ystu strandir norðan djúps.
Mig langar í lokin að þakka öllum sem við hittum þarna norðurfrá fyrir hlýlegt viðmót og hjálpsemi.
Fyrir mér eru kayakferðalög svo miklu meira en að sitja í bát og róa, og vil ég í því sambandi benda á að maður nálgast náttúru og mannlíf á annan hátt á kayak en með nokkurn öðrum ferðamáta sem ég þekki. Því finnst mér að menn eigi að gefa sér tíma til að kynna sér menningu og náttúru í kayakferðum, og láta það ganga fyrir.

Drangavík.

Ferðasaga og myndir : Jóhann Ragnar Kjartansson

KAYAKKLÚBBURINN

Sjókayakferð um Jökulfirðir 23-27 júlí 2001

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2001
Korkur
English
Póstur

Dagur 1.
Ísafjörður til Hesteyrar

Kayakklúbburinn efndi til fjögurra daga sjókayakleiðangurs um Jökulfirði dagana 24. til 27. júlí 2001. Þáttakendur voru alls 14.

Ferðin hófst með siglingu frá Ísafirði, með allt hafurtaskið á bát frá ferða-þjónustu Hafsteins og Kiddýar og stefnan sett á Hesteyri við Hesteyrarfjörð.

Við bryggju á Ísafirði

Ferðbúin

Ferðbúin

Hópurinn um borð í ferjunni á leið til Hesteyrar

Verið er að selflytja menn og farangur í land með "tuðru" eins og Ísfirðingar kalla gúmbáta. Komið var til Hesteyrar um hádegi eftir 1 1/2 kls. stím frá Ísafirði.

Farið í land á Hesteyri

Á leið í land, Hákon gætir bátanna

Hesteyri við Hesteyrarfjörð

Hesteyri fór öll í eyði í nóvember árið 1952. Á Hesteyri myndaðist vísir að þorpi um aldamótin 1900, þegar Norðmenn stunduðu þaðan hvalveiðar og vinnslu á Stekkeyri við Hesteyrarfjörð. Nokkrum húsum er enn vel viðhaldiðog eru notuð sem sumarhús af niðjum þeirra sem þar bjuggu. Í Læknishúsinu, sem er stórt tvílyft timburhús, er rekin greiðasala yfir hásumarið. Þar fengu sjókayakmenn og konur sér " kaffi og pönsur " Frá Hesteyri liggja gamlar þjóðleiðir um Kjaransvíkurskarð til Víkanna á Hornströndum og til Aðalvíkur.

Hákon og Rita fyrir framan kaffihúsið

Kaffi og pönnukökur

Í fjörunni á Hesteyri

Á myndinni eru leiðangursmenn og konur að sjóbúa kayakana fyrir sjóferðina um Jökulfjörður. Kayakarnir voru þunglestaðir í upphafi ferðar,

sem kom sér vel því verulegur vindur og kröpp bára var á Hesteyrarfirði í upphafi ferðar. Framundan var tæpra 20 km. róður að Kvíum í Jökulfirði þar sem hafa átti tjaldbækistöð til tveggja nátta.

Hvalstöðin

Stekkeyri við Hesteyrarfjörð

Hvalstöðin Stekkeyri

Á Stekkeyri eru rústir af gamalli síldarbræðslu sem rekin var af Kveldúlfi til ársins 1939. Árið 1890 settu Norðmenn þar upp hvalvinnslustöð og ráku hana til ársins 1915, en þá var sett á hvalveiðibann til 10 ára . Aðalverðmæti hvalafurða var í lýsinu , en það var m.a. notað til götulýsinga í borgum Evrópulanda þar til gas leysti það af hólmi og síðar rafmagn.

Á leið að Kvíum

Róið var út Hesteyrarfjörð , með Lásfjalli, sem er austan fjarðar.Verulegur vindur var, kröpp bára og róinn lensinn. Kayakarnir voru þunglestaðir í upphafi ferðar og fóru almennt vel í sjó, en gæta þurfti varúðar með vindinn og krappa báru að baki.

Róið á Hesteyrarfirði

Næsti áfangi ferðarinnar var að róa þvert yfir Veiðileysufjörð, sem er um 5 km. breiður í fjarðarmynninu. Vindur og sjór var enn talsverður og myndi verða á hlið fyrir Veiðileysufjörðinn.

Lagst í var við Skaufanes á Hesteyrarfirði

Á myndinni er leiðangurinn að leggjast í var undir Lás og heitir þar Skaufanes. Ekki er vitað eftir hvaða skaufa skírt var, en þarna var skjólsælt og gott að slappa af eftir volkið frá Seleyri. Veður virtist vera að ganga niður og var ákveðið að róa fyrir Lás og kanna aðstæður í Veiðileysufirði, sem var handan nesoddans.

Veður og sjó hafði lægt mjög og ákveðið var að róa þvert yfir Veiðileysufjörð, þar sem hann var breiðastur og um leið beinasta leiðin að Kvíum , sem var endastöð á fyrsta legg ferðarinnar og tjaldmiðstöð til tveggja næstu nátta.

Róið þvert yfir Veiðileysufjörð

Á myndinni er leiðangurinn að róa þvert yfir Veiðileysufjörðinn og hefur dreifst nokkuð. Nestáin til hægri á myndinni er Lás, fjallið sem skilur á milli Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar. Aðeins sést í hornið á Grænuhlíð skaga upp fyrir Lás. Til vinstri er Bjarnarnúpur (Vébjarnarnúpur) og í beinni stefnu út Jökulfjörður er Grænland næsta strönd.

Á leið að Kvíum

Á leið að Kvíum

Á leið að Kvíum

Þegar sjókayakleiðangurinn náði landi að Kvíum í Jökulfjörðum , um kvöldið , höfðu verið rónir tæpir 20 km. , lengst af í erfiðu sjólagi og vindi. Allir kayakmenn og konur tókust á við þennan legg af stakri prýði og allt gekk vel.

Kvíar í Jökulfjörðum

Í fjörunni á Kvíum

Að kvöldi 24. júlí var komið að eyðibýlinu Kvíum og reistar tjaldbúðir til næstu tveggja nátta. Daginn eftir var komin rjómablíða.

Kvíar í Jökulfjörðum fóru í eyði árið 1948. Þar stendur enn hið reisulegasta íbúðarhús, tveggja hæða vel byggt steinhús. Bæjará rennur , straumhörð, um gljúfur neðan túns, til sjávar. Á Kvíum var mest byggt á sjósókn á Jökulfjörðum og selveiði í Lónafirði og varð sjaldan matarskortur á þeim bænum. Tjaldstæðið er austan við ána.

Halli í túninu á Kvíum

Myndin er tekin í fjörunni neðan Kvía og horft suður yfir Jökulfirði. Yst til vinstri er Höfðaströnd því næst Staðarhlíð með Maríuhorn fremst. Þrír eyðibæjir eru á þessari strönd: Höfði, Höfðaströnd og Kollsá. Grunnavík er handan Maríuhorns.

Í fjörunni á Kvíum

Tóftinar

Við tjaldstæðið á Kvíum eru gamlar tóftir. Þar var grillað á kvöldin og setið við varðeld frameftir.

Veiðimenn í fjörunni á Kvíum um miðnætti

Á flóði veiddust feitar sjóbleikjur í ármótum, sem voru grillaðar, hafðar sem eftirréttur og smökkuðust vel.. Refafjölskylda átti greni í Múlanum austan Kvía og hittu sum okkar á hana, þar sem hún var á skemmtigöngu skammt frá tjaldstæðinnu

Dagur 2
Lónafjörður

Annar leggur sjókayakferðarinnar var 25. júlí. 2001. Róið var frá Kvíum inn Lónafjörð og að Kvíum aftur , 19-20 m. róður. Lónafjörður er talinn fallegastur allra Jökulfjarðanna, einkum í Rangala og Sópanda, sem eru innst í Lónafirði. Ekki eru sagnir um fasta byggð í Lónafirði, en allur Lónafjörðurinn féll undir Kvíar og var nýttur þaðan , einkum með selveiði inni í Rangala og Mið-Kjós.

Róið í Lónafjörð

Myndin er tekin á Jökulfjörðum, skammt utan Kvía, og horft inn Lónafjörðinn. Fremst er Múli, þar fyrir neðan og þvert fyrir , er Borðeyri. Og fyrir miðri mynd er fjallið Einbúi, sem er innst í Lónafirði. Til hægri við hann er Sópandi og heiðin þar uppaf , eru Þrengsli, sem var þjóðleiðin til Barðsvíkur á norður ströndum. Til hægri er Hvanneyrarhlíð.

Gautastaðir

Á sjávarbakkanum er eyðibýlið Gautastaðir.Þó engar sagnir séu til um byggð á Gautastöðum, talar gróskan í hvönninni sínu máli. Hún er með sömu grósku og einkennir allar eyðijarðir á Hornströndum og í Jökulfjörðum, enda glæsilegt bæjarstæði. Þarna í kring hafa fundist volgrur og steingerfingar trjáa frá tímum hitabeltis á þessum slóðum.

Mið Kjós í Lónafirði

Mið Kjós er innst fyrir miðju í Lónafirði, til hægri við Rangala. Heiðin upp af Mið Kjós nefnist Snókaheiði og er hæst fjallvega á Hornströndum, 550 metra. Hún var einkum farin þegar leið lá til Látravíkur (Hornbjargsviti) og Smiðjuvíkur og annarara smákota þar um kring. Bændur að Kvíum í Jökulfjörðum stunduðu hér selveiði í selalagnir og veiddu vel. Fjallið Einbúi er til hægri á myndinni. Beint fram af stefni kayaksins er hvítur blettur ofan fjöruborðs. Þetta er foss sem aðeins er til á fjöru-- þegar flæðir , smáminnkar hann og hverfur með öllu á flóði. Þegar myndin er tekin er háfjara og fossinn í öllu sínu veldi.

Í Rangala í Lónafirði

Róið inn í Rangala í Lónafirði

Innst í Lónafirði að vestan , er Rangali. Upp Rangalann liggur gömul þjóðleið, yfir í Hornvík á Hornströndum. Algengt var fyrrum, að þeir sem bjuggu á norður Hornströndum , létu koma nauðsynjavöru frá Ísafirði, með báti., yfir í Rangala eða Mið Kjós, fyrir jól, sem þeir síðan nálguðust þegar veður og færð leyfðu. Þessar birgðir voru síðan bornar á bakinu yfir fjöllin og heim í kotin. Oft urðu þetta miklar svaðilfarir og mannraunrir. Á myndinni skartar Rangali sýnu fegursta, seinni hluta júlí.

Hoft til Rangala

Horft frá Rangala að Kjós

Í förunni Rangala

Í blíðunni í Rangala var boðið í afmælisveislu. Hildur afmælisbarn töfraði fram pönnukökur með öllu.

Hildur að baka

Kisty, Nonni, Bjarney, Guðný og Halli í veislu

Afslöppun

Fjörusvæðið nefnist Ófæra, það nafn skýrir sig sjálft. Gönguleiðin um Rangala til Hornvíkur liggur upp dalinn til hægri á myndinni.

Róið út Lónafjörðinn til Kvía

Fyrir neðan skarðið vinstra megin á myndinni er eyðibýlið Lónbjarnastaðir. Engin vissa er fyrir að þar hafi verið búið. Fjallið í framhaldi er Lónanúpur.

Rita, Hákon, Bjarney, Bjössi, Halli

Álftir í Lónafirði

Logn í Lónafirði

Steini

Dagur 3.
Brottför frá Kvíum

Verið er að sjóbúa kayakana fyrir brottför frá Kvíum í Jökulfirði. Þriðji leggur sjókayakferðarinnar er að hefjast. Nú liggur leiðin þvert yfir Lónafjörð inn Hrafnsfjörð og þaðan að Flæðareyri í mynni Leirufjarðar, þar sem tjaldað var eina nótt. Þessi leggur er um 18 km.

Þann 26. júlí 200, um hádegisbil var lagt af stað frá Kvíum í Jökulfjörðum, í þriðja áfanga ferðarinnar. Nú skal haldið að Hrafnsfjarðareyri í Hrafnsfirði og þaðan síðan yfir að Flæðareyri í mynni Leirufjarðar. Veðursælasti dagurinn í ferðinni er runninn upp. Ekki sást skýhnoðri á himni og hægur andvari. Sunnan fjarðar er Höfðaströndin og Staðarhlíð.

Róið fyrir Lónafjörð og stefnt á Hrafnsfjörð

Róið er þvert yfir Lónafjörð til vinstri og stefnt í mynni Hrafnsfjarðar Framundan til vinstri er Lónanúpur og fremst á honum við sjávarborð, er Meleyri. Beint framundan stefni kayaksins er Kjós og ofan hennar skartar jökulhetta Drangajökuls . Yst til hægri er síðan mynni Leirufjarðar.

Róið inn Hrafnsfjörð

Til vinstri á myndinni er hlíð Lónanúps. Fyrir neðan snjóskaflana í hlíðinni er eyðibýlið Sviðningsstaðir. Fyrir botni Hrafnsfjarðar er Hettufell og neðan þess er Gýgjarsporshamar (dökka þústin) Hann er mjög sérkennilegur hvað jarðmyndanir varðar, en ennþá merkilegri fyrir það , að hann er talinn stærsta álfabyggð á Vestfjörðum, og allt að því álfabyggð, til forna. Þarna liggur Skorarheiði , sem er þjóðleið yfir í Furufjörð Á nútíma er Hrafnsfjörður þekktastur fyrir það að á Hrafnsfjarðareyri bjuggu frægustu útlagar Íslandssögunnar þau Fjalla-Eyvindur og Halla síðustu æviár sín í sátt við guð og menn. För okkar er heitið að Hrafnsfjarðareyri.

Hrafnsfjarðareyri

Í fjörunni á Hrafnsfjarðareyri

Myndin er tekin í fjörunni á Hrafnsfjarðareyri. Horft er út Hrafnsfjörðinn. Til vinstri er Kjósarnúpur, Staðarhlíð fyrir miðju og Lónanúpur til hægri og út af honum í fjarska er Grænahlíð.

Í fjörunni á Hrafnsfjarðareyri

Í fjörunni á Hrafnsfjarðareyri

Leiði Fjalla - Eyvindar á Hrafnsfjarðareyri

Á leiðinu er einfaldur trékross og áhogginn mýrarsteinn , þar sem á stendur " *Hjer liggur Fella Eyvindur Jónsson* " Tilurð steinsins er tilkomin vegna áheits sem bóndi á Hrafnsfjarðareyri, um miðja nítjándu öldina, gerði þegar fé hans var að flæða í botni Hrafnsfjarðar. Fjalla - Eyvindur varð við áheitinu og fé bónda komst af. Þegar síðustu ábúendur á Hrafnsfjarðareyri voru á hafa sig á brott , árið 1943, deymdi allt heimilisfólkið eins draum síðustu
nóttina:

---- Fjalla- Eyvindur gekk um hlaðið fram og aftur við staf---



Halli við leiða Fjalla

Hópurinn í fjörunni á Hrafnsfjarðareyri í 20stiga hita

Hluti hópsins fór í fjallgöngu á Hafnsfjarðareyri. Í fallegum fjalladal fundu þau tjörn sem gott var að kæla sig í.

Útsýni yfir Harfnsfjörð

Nonni

Hópurinn kælir sig

Kisty, Jói, Steini, Halli

Halli, Steini og Jói komnir upp í snjólínu

Flæðareyri

Eftir nokurra klukkutíma dvöl á Hrafnsfjarðareyri var silgt af stað til Flæðaeyrar á Leirufirði þar sem gist var þriðju og síðustu nóttina.

Í fjörunni á Flæðaeyri

Í fjörunni á Flæðaeyri

Tjaldstæðið á Flæðaeyri

Steini og húsið hans

Siggi og Otti við félagsheimilið á Flæðaeyri

Tjaldstæðið á Flæðaeyri félagsheimilið á baksýn

Fallegt kvöld á Flæðaeyri

Fallegt kvöld á Flæðaeyri

Dagur 4
Flæðareyri - Grunnavík
Síðasti ferðadagurinn 27. júlí 2001

Lagt var af stað frá Flæðareyri í Leirufirði skömmu fyrir hádegi og róið með Höfðaströndinni. Kominn var norðaustan vindstrengur og sjór tekinn að þyngjast.

Kollsá

Farið var í land við eyðibýlið Kollsá og fengið sér snarl. Því næst var róið með Staðarhlíð í átt til Grunnavíkur þar sem ljúka átti sjókayakferðinni um Jökulfjörður.

Gathamarinn í Ófæru

Fyrir miðri Staðarhlíð eru Staðareyrar sem um aldir voru aðalverstöðvar Jökulfirðinga og Hornstrandabúa. Vel sér enn fyrir verbúðarústunum. Mörg slæm sjóslys urðu við Staðareyrar þegar veður og sjór rauk skyndilega upp. Við reyndum það á þessum síðasta legg að mjög fljótt er að vinda upp þarna og sjór að verða úfinn. Framundan stefni kayaksins er Gathamar og þar sem flóð var, þá var róið um stærra gatið. Þegar fyrir Gathamarinn er komið er stutt í Grunnavík.

Grunnavík framundan

Ferðalok

Sjókayakferðinni um Jökulfjörður lauk í Grunnavík rétt um kl. 16.00 þann 27. júlí 2001 Alls höfðu verið rónir rétt um 75km.

Í fjörunni í Grunnavík

Grunnavík

Sjókayakleiðangursmenn og konur sameinuðust í kaffisamsæti að Sútarabúðum í Grunnavík, þar sem rekin er greiðasala yfir hásumarið.

Hópurinn í Sútarabúðum Grunnuvík

Komið var til Ísafjarðar kl. 20.30 eftir sjóferð yfir Djúpið með bát frá ferðaþjónustu Hafsteins og Kiddýar.

Glæsilegri sjókayakferð á vegum Kayakklúbbsins um Jökulfjörður var lokið.

Ferðatilhögunin fyrir þá sem hyggja á ferð í Jökulfirði.

Allar vegalengdir eru frekar stuttar, en ef veður verður mjög gott, þá er alltaf hægt að taka útúrdúra.

Fjörur eru yrirleitt mjög góðar til lendingar. Vatn er yfirleitt ekkert vandamál þarna, allsstaðar lækjarsprænur.

Dagur 1.

Farið frá Ísafirði með ferju til Hestfjarðar þaðan róið í Hvalstöðina sem er innanlega í Hestfirði. Síðan er róið þvert yfir Veiðileysufjörð að Kvíum. Gist á Kvíum í tvær nætur.

Dagur 2

Róið inn Lónafjörð, gist á Kvíum um nóttina.

Dagur 3

Róið á Hafnseyri í Hrafnsfirði og síðan yfir á Flæðareyri í Leirufirði.

Á Flæðareyri er mjög gott tjaldstæði sem gist er á um nóttina.

Dagur 4

Síðasta daginn er síðan róið með Höfðaströnd í Grunavík.

Fyrir þá sem eru enn í fullu fjöri er skemmtilegur róður frá Grunnavík suður með ströndinni að fossinum Míganda sem er norðanlega á Snæfjallaströnd, Þaðan er síðan ca. 2 kls hægur róður yfir Ísafjarðardjúp að Hnífsdal eða Arnarnesi ef menn eru ekki enn búnir að fá nóg.

Yfirleitt er logn á þessum slóðum á kvöldin og snemma morguns.

Útbúnaðarlisti a la Ultima Tule www.ute.is

Almennt

Listinn hér fyrir neðan er ætlaður til viðmiðunar fyrir sjókajakferð, ekki sem tæmandi listi. Í sjókajakferðum skiptir þyngd farangurs minna máli en ummál, svo hann komist vel fyrir í bátunum. Fatnaður og annar einstaklingsbúnaður þarf allur að komast fyrir í 40-50 lítra poka (svipað og í meðalstóran bakpoka)

Almennt um fatnað

Við mælum með svipuðum fatnaði og notast í gönguferðum. Ull og gerfiefni (fleece) henta vel. Miklu máli skiptir að flíkurnar haldi einangrun ef þær blotna en þorni síðan hratt á eftir. Bómullarfatnaður s.s. jogginggallar og gallabuxur henta því ekki. Vatns- og vindheldur hlífðarfatnaður, helst úr öndunarefnum er nauðsynlegur.

Hér fyrir neðan er listi yfir útbúnað miðað við 5 - 7 daga kajakferð:

Fatnaður

- 2 -3 sett af nærfatnaði, - Ull eða gerfiefni.
- 3 peysur - betra að vera með nokkrar þunnar en eina þykka
- 2 buxur
- 3 pör af Sokkum
- 2 húfur
- 1 -2 vettlingar
- Góðann hlífðarfatnað - regn / vind - úr öndunarefni
- 1 derhúfa
- 1 stuttbuxur
- 1 sundföt
- 1 gönguskór - letta og fyrirferðarlitla
- 1 léttir skór til að róa í - T.d. hlaupaskór/sandalar

Annar einstaklingsbúnaður

- Vatnsflaska

- Svefnpoki - fyrirferðarlítill með kuldaþol ca -5°
- Einangrunardýna - má ekki draga í sig raka (t.d. Karrimat eða Thermarest)
- Dúnúlpa - góð á kvöldin
- Hreinlætisvörur
- Handklæði - sem þornar hratt (t.d. ferðahandklæði)
- Sólgleraugu - með góða UV vörn
- Sólaráburður - með góða UV vörn
- Persónuleg lyf - ef einhver
- Bakpoki, dagpoki - eingöngu í lengri ferðir
- Vasahnífur - ekki nauðsynlegur
- Sjónauki
- Sjúkrabúnaður
- Kvöldveigar
- Myndavél og filmur - Í vatnsheldum umbúðum

Matur

Almennt - hafa með sér 1-2 hitabrúsa, gasprímus og góða potta, vatnsbrúsa til að bera vatn í tjaldbúðir umhverfisvæna sápu og nota lítið af henni, nota sand með margnota kaffipoka, mjólkurduft og sykur í vatnsheldum ílátum

Matur - sem minnst af mjólkurvörum (erfitt að þrífa mjólkurskánina, nota vatn í staðinn t.d. á múslí) staðgóðan morgunmat, léttan hádegismat, góðan kvöldmat

Umgengni

Ekki gera stór bál í fjörunum, leyfa öðrum að njóta rekans líka.
Hafa bálin fyrir neðan flæðarmál

Gera stykkin sín fyrir neðan flæðarmál og/eða hafa með garðskóflu og grafa stykkin sín að minnsta kosti 20 cm svo refir grafi gúmmilaðið ekki upp. Brenna klósettpappír en passa sinubruna.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

Veltan

English

Póstur

Ísfirðingar láta ekki frost og funa á sig fá !

Þessar myndir voru teknar á pollinum við Ísafjarðarkaupstað í brunagaddi núna í febrúar.
Strákarnir segjast róa tvisvar í viku hvernig sem viðrar svo þeir sem ætla að hafa roð við þeim á næsta Hvammsvíkur maraþoni verða að fara að æfa ekki seinna en strax.

Sveinbjörn Kristjánsson maraþonmeistari

Sigurður Pétur Hilmarsson (á heimasmíðuðum bát)

Dóri og Sveinbjörn

Halldór Sveinbjörnsson (Dóri)

Myndir: Halldór Sveinbjörnsson

KAYAKKLÚBBURINN

Pjaxi júlí 2001

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Björn, Hilmar og Steini silgdu Hvítá frá Pjaxa. Pjaxi er rétt fyrir neðan Gullfoss og er mesta vandamálið að komast niður í gljúfrið.

Hér eru nokkrar myndir.....

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Tungufljót júlí 2001

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Bjössi, Sibbi, Maggi, Gummi og Steini silgdu Tungufljót ofan af Haukadalsheiði.

Hér eru nokkrar myndir.....

Dagger

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2001
Korkur
English
Póstur

Noregur sept. 2001

Bjössi, Steini formaður og Carlos fóru í 4ja daga ferð til Noregs í byrjum september að heimsækja Jónsa Elliðarárrodeomeistar en hann flutti til Noregs í vor.

Á flugvellinum, beðið eftir lestinni til Asken

Jónsi tekur á móti ferðalöngunum

Hópurinn fékk góðar móttökur og byrjað var á því að kíkja á umboðsmann Dagger í Noregi og versla smá. Einnig lánaði hann

okkur 2 báta.

Byrjað á því að versla einn Dagger....

Og meiri græur

Sten, kajakverslunareigandi og Daggersali

Spáð í hvert á að fara, myndir á kaffistofunni hjá Sten

Við fórum síðan í holuna í kongsberg sem er rétt hjá Oslo.

Gert klárt

Jónsi

Erum við ekki í útlöndum

Lang svalastur í Bombugírnum

Jónsi og Steini

Leppi í útlöndum

Við tökum enga fanga

Dag 2 keyrðum við upp til Sjua sem er efst í Guðbrandsdal 5klst. akstur frá Oslo.
Ekki væsti um okkur í leðurklæddum Landcruser frá Artic Trucs í Noregi þar sem Jónsi vinnur.

Jónsi

Steini



hvar erum við ?

Sjoa farmundan

Við kíktum á kayakmiðstönina í Sjua (wavespport húsið) og fengum þar uppl. um svæðið.

Fyrir utan wavesporthúsið

Anette verslunar- og kajakkona í Wavesport búðin

Dagurinn var síðan tekinn í að sigla hina frægu Sjua á.

Carlos

Bjössi

Endi í Sjoa

Annar endi í Sjoa

Jónsi í holu í Sjoa

Fallegt gil þar sem trén vaxa út um gjótur í klettaveggnum

Tvöfaldur endi, Jónsi og Bjössi

Jónsi tæmir sokkinn

Risastóraholan í Sjoa

Bjössi og Jónsi, ekki leiðir eftir daginn

Steini að berjast í gegnum skógin

Að loknum velheppnuðum degi fórum við til Lom sem var eini bærinn á svæðinu þar sem hægt var að fá eitthvað almennilegt að borða. Þar leigðum við okkur "hytte" þar sem fór mjög vel um okkur.

Steini og Carlos á bæjartorginu í Lom

Gengið frá samningi um leigu á bústað

Lom séð frá svölunum á bústaðnum okkar

Smá tequila í forrétt

Skaddaður á enni eftir ónefndan kayakræðara

Það er kraftur í kókómj... ég meina tequila

Svangur kayakmaður á taco hlaðborði

Dag 3 fórum við til .... og skelltum okkur í HM holu þeirra Norðmanna sem Otta river við bæinn Skjak.

Blandað dulítið kayakkók (leppin) fyrir átökin

Fylla

Carlos með nýja Daggerinn

Bjössi sýnir HM takta

Auka orka á gamla manninn

Jónsi

Carlos

Næstu move's plönuð

Ekki leiðinlegt

Eftir góðan dag í holunni var lagt af stað til baka en 6 tíma akstur frá Skjak til Drammen.. Eini matsölustaðurinnsem við fundum á leiðinni var McDonalds í Lillehammer

Svangir ræðarar tóku vel til matarins og allt var klárað

Góðri ferð var að ljúka og eftir næturgistingu hjá Jónsa var flogið heim á mánudeginum.

Það er ekki spurning að það sé fín ferð fyrir íslenska ræðara að skella sér til Norge, þá um mitt sumar og njóta. Ekki virðast Norsku árnar neitt betri en þær íslensku en umhverfið og umgjörðin önnur.

Á flugvellinum á leið heim

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Hvammsvíkurmaraþon 2001

Hvammsvíkur maraþonið er nú orðin fastur liður í starfsemi Kayakklúbbsins og Hvammsvíkur. Róin er maraþon vegalengd og má segja að þetta sé þrekvirki.

Sibbi skráir

Það var tímanlega ræst klukkan 10:00 laugardaginn 25. ágúst frá eiðinu út í Geldinganes í frábæru veðri. Róið var fyrir austan Þerney og sem leið liggur meðfram Kjalarnesinu og inn Hvalfjörðinn. Tvö skyldustopp voru á leiðinni hvort þeirra minnst 5 mínútur. Í skyldustoppum var boðið upp á hressingu, orkudrykki frá Lepin og samlokur.

Start

Keppendur þetta árið voru 21 og þar af tvær konur en þær reyndust því miður meðal þeirra 11 sem luku ekki keppni. 10 keppendur luku keppni þetta árið, öfugt við undanfarin ár, voru skilyrði á leiðinni upp á Kjalarnes einstaklega góð og var besti tími á þeirri leið bættur um tvær og hálfa mín. en heldur kárnaði gamanið þegar komið var fyrir Kjalarnesið. Ef borin er saman besti tími (4:32:30), og tími nú þá sést að það munar tæpum klukkutíma, enda voru skilyrði öllu erfiðari þar sem róið var á móti norðan vindi inn Hvalfjörðinn ásamt útfallsstraumi, enda voru óvenju margir sem helltust úr keppni þar á meðal harðir keppnisjaxlar frá fyrri árum.

Sigurvegari í keppnin var ungur piltur frá Bolungarvík: Sveinbjörn Kristjánsson á tímanum 5 klst 29 mín 15 sek Í öðru sæti var Valdimar Harðarson á 5.33.00 Í þriðja sæti var Ófeigur Gíslason á 5.43.08

Að lokini keppni var slegið upp grillveislu í Hvammsvík þar sem keppendum, stuðningsmönnum og aðstandendum keppninar var boðið í veislu að hætti Péturs í Hvammsvík og Nanoq. Þar voru einnig afhent hefðbundin verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, ásamt Lendal ári fyrir fyrsta sæti og vöruúttekt í Nanoq fyrir annað og þriðja sæti.

Að lokum vill keppnisnefnd þakka keppendum þátttökuna, áhorfendum komuna og sérstaklega öllum þeim sem hjálparmönnum sem lögðu hönd á plóginn ásamt styrktaraðilum.

Maraþon 2001 25.ágúst 2001 Flóð 11:08

Nafn	Bátur	Tími 1	Tími 2	Tími 3	Tími
Sveinbjörn Kristjánsson	Kirton Inuk	01:37:13	02:07:17	01:34:45	05:29:15
Valdimar Harðarson	North Shore Calypso	01:37:19	02:07:11	01:38:30	05:33:00
Ófeigur Gíslason	Nordkap	01:42:08	02:08:14	01:42:14	05:43:08
Hákon Halldórsson	Heimasmíði Konyak	01:44:20	02:20:30	01:40:49	05:55:39
Gunnar Tryggvason	QajaQ Island of Sardinia	01:41:20	02:23:52	01:46:48	06:02:00
Jóhann Kjartansson	QajaQ Kitiwec	01:47:15	02:17:07	01:59:18	06:13:40
Óttar Kjartansson	North Shore Shore Line	01:47:38	02:19:02	01:57:15	06:13:55
Guðmundur Breiðdal	P&H Quest	01:49:32	02:22:48	01:52:20	06:14:40
Magni Jónsson	Avana Qajaq	01:47:15	02:28:35	01:51:30	06:17:20
Páll Gestsson	Qajaq Kitiwec	01:48:00	02:30:08	01:50:02	06:18:10
Garðar Gíslason	Qajaq Sardinia	01:43:08	02:19:37		
Sigurður Sigurðsson	Prijon Yokon	01:43:41	02:25:40		
Sævar Ólafsson	Valley Nordkap	01:44:50	02:29:10		
Halldór Sveinbjörnsson	QajaQ Avanaq	01:37:07			
Gunnar	Qajaq	01:54:20			

Sæmundsson	Sardinia	
Sævar Helgason	Explora	02:08:02
Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir	Necky looksa	02:08:10
Eyþór P Hauksson	Viking	02:09:50
Anna H Baldursdóttir	Viking	02:25:00
Ágúst I Sigurðsson	Heimasmíði	02:29:00
Axel Helgason	Seewolf	

Beðið eftir starti

Spænt á stað!!

Á stað í blíðu

Meistarinn og lærlingurinn

Meistarinn enn fyrstur

Lærlingurinn sækir á!

Róið fyrir Kjalrnes

Og meistarinn fyrstur

Halldór í fyrsta stopp á met tíma

Halldór

Valdi

Tímaverðir

Gunnar Tryggvason

Ófeigur

Hákon

Sævar

Sævar

Axel kemur með stæl

Barist um 1 og 2 sæti

Björgunarmaður

Síðasti leggur

Dregnir að landi

Meistarinn kemur með stæl

Meistarinn játar sig sigraðan

Dóri fyrverandi meistari

Þeir gáfust upp!

Sveinbjörn Meistari!!

Meistarinn fagnar lærlingnum

Meistari og fyrverandi meistari

Valdi númer tvö

Sveinbjörn fyrverandi lærlingur

Sumir þreyttir

Ófeigur nr. 3

Hákon nr. 4

Gunnar nr. 5

Bræðurnir Jóhann og Óttar nr 6 og 7

Guðmundur nr. 8

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Laxá í Þingeyjasýslu sept. 2001

Laugardaginn 22. september fóru nokkrir sprækir strákar úr klúbbnum niður Laxá í Þingeyjasýslu og nutu við það leiðsagnar nokkurra kappa úr Nökkva á Akureyri.

Lagt var í hann snemma morguns, eða um klukkan 9:00, og haldið beint í Laxárdalinn. Þegar þangað var komið blasti við áin í þvílíkri blíðu, sól og 15° hita.

Á fyrsta hluta leiðarinnar er farð í gegnum nokkrar léttar flúðir með góðum öldum sem menn náðu að sitja í sörfa og hita upp fyrir áframhaldið.

Carlos, leikhola undir brúnni við Arnarvatn.

Þegar komið var að brúnni við Arnarvað tók á móti okkur nokkuð skemmtileg flúð með nokkuð massífri öldu þar sem við stoppuðum og lékum listir okkar lengi vel.

Dabbi Super EGO

Siggi undir brú

Síðan tók við nokkuð rólegur kafli meðfram þjóðveginum sem endaði í grunnum fossum en meginreglan er víst að halda sig hægra megin í ánni á þessum kafla.

Jón Heiðar.JPG

Þegar hópurinn hafði farið í gegnum eina nokkuð hressilega flúð hóuðu norðanmenn okkur saman við vinstri bakkann og tjáðu okkur að nú færi alvaran loksins að byrja.

Gummi

Gulli stökk síðan upp á bakkann með myndavélina og menn fóru að tínast einn af öðrum fram að nokkuð skemmtilegu droppi. Ekki sluppum við alveg við óhöpp því Carlos og Garðar junior veltu fram af einum stallinum og Garðar leiðsögumaður náði að beygla trýnið á 3D-bátnum.



Garðar Jun

Eftir þetta dropp fór allur hópurinn í land til að skoða næstu flúð. Hún var nokkuð góð og hægt að sigla 2 leiðir niður hana. Ef farið var með hægri kantinum fór maður í gegnum 2 nokkuð góðar holur en ef maður tók miðjuna þá var það ein lítil hola og síðan beint í ginið á einni stórri. Þarna fór allur hópurinn í gegn án mikilla vandkvæða. En á þessum sama stað lauk fyrstu og einu ferð okkar ástsæla formanns í þessari á fyrir einhverjum x mörgum árum þegar hann gerði tilraun til að sigla ánna á trefjakajak, þar sem framhlutinn á öðrum bátnum varð eftir í stóru holunni.

Sverrir

Og þar sem hlutirnir gengu svona vel héldu menn bara áfram eins og nefið stefndi niður ánna. En þá tók við kröftug S flúð sem endaði í droppi með tveim góðum holum hægra og vinstra megin þegar niður var komið.

Tryggvi

Jói Kojak

Davíð S.E.

Garðar W.C.

Sverrir bakkar!

Garðar Jun

Nú tók við nokkuð rólegur kafli með nokkrum flúðum og tveim góðum leiköldum. En þegar hér var komið voru norðanmenn farnir að tala um einhverja steinatvennu (við hugsuðum fullir sjálfstrausts, "iss, pís of keik...."). Síðan renndu nokkrir bátar upp að vinstri bakkanum en ég hélt áfram þar sem Garðar heimsmeistari var jú þarna rétt á undan mér. Hann stoppaði síðan við eyju í ánni og ég spurði hann hvort eitthvað öflugt væri þarna framundan og hann svaraði að bragði að þetta væri ekkert og ég skyldi bara elta hann, sem ég og gerði.

Gummi

Þá tók skelfingin við og ég negldi inn í fyrstu holuna og reri eins og djöfullinn út úr henni, en tók þá eftir því að ein mun stærri beið eftir mér nokkrum metrum neðar. Það er skemmst frá því að segja, hún át mig með húð og hári með þeim afleiðingum að ég sýndi enn og aftur hvað "ármenn" eiga að gera.

Carlos og Jói á leið í Þeytivinduna

Ég synti út með bátinn og árina og skreið síðan niður hraunnibburnar á sundi með draslið og náði landi einum 200 metrum neðar, gjörsamlega örmagna. Þegar ég var í þann mund að skríða upp á bakkann þá tóku bátar og búnaður að fljóta fram hjá og eigendurnir á eftir þeim.

Siggi í Þeytivindu

Carlos í Þeytivindu

Af 11 köppum syntu 6 út úr holunni, sem sýnir kraft hennar. Hinir 5 sigldu síðan steinarennuna sem er víst kjúllalínan fram hjá þessum holum. Ég mæli með því fyrir þá sem eiga eiga eftir að sigla niður ánna í frammtíðini að stoppa og skoða línur og leiðir í gegnum steinarennuna því þessi hluti af ánni er sá lang öflugasti og skemmtilegasti af ánni og ég hefði alveg viljað skoða hann áður en ég sigldi hann.

Hópurinn safnaðist síðan saman í stórri lygnu rétt fyrir ofan göngubrú en undir brúnni er síðasta flúðin, sem eru nokkrar risastórar öldur.
Þar lauk þessari skemmtilegustu ferð þessa sumars hjá mér.

Gulli

Við höfum nú þegar ákveðið að fara aðra ferð að ári liðnu niður Salmon River in Main Valley og vil ég hvetja alla sem tækifæri hafa til að koma með, því í fallegra umhverfi hef ég sjaldan siglt í.

Gummi J.

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Ferðasaga úr Laxá

Sem sýnir að sumir straumvatnsmenn eru kaldir karlar

Síðastliðið haust ákváðu nokkrir vaskir sveinar að róa Laxá í Suður Þingeyjarsýslu þrátt fyrir að farið væri að frysta á næturnar og vatnið þar af leiðandi hrikalega kalt. Þeir sem fóru voru Jón norðanHeiðar (sögumaður), Garðar WC, Garðar Junior (ármaður 2001), Gulli Magg, Johan norski og Alli Eldar.

Það var skítkallt en fallegt veður er við komum upp í Mývatnssveit. Þar sem tíminn var frekar naumur ákváðum við að sleppa fyrsta hlutanum af ánni og byrja þar sem hún fer niður í Laxárdalinn og taka bara hasarpartinn.

Alli Eldur

Garðar Junior (ármann)

Ekki nenntu menn að labba með bátana niður brekkurnar

Þar sem vatnið var skítkallt ætlaði auðvitað enginn sér að synda í þessarri ferð, vandræðin byrjuðu samt fljótt. Garðar Junior velti í Junior flúðinni (heitir eftir honum þar sem hann lendir alltaf í vandræðum í henni) og festist í stærstu holunni. Við sem fórum fyrstir niður vorum orðnir áhyggjufullir þegar hann kom ekki niður, ekki skánaði það þegar báturinn hanns birtist mannlaus. En skömmu síðar birtist strákurinn ískaldur og dasaður.

Fallegt en kalt veður í Mývatnssveit

Eftir að hellt hafði verið úr bátnum og hann þurrkaður vel og vandlega að innan með svampi var haldið áfram. Í Tottafossi lenti Garðar Junior aftur í vandræðum og synti í land, þetta var ekki hanns dagur því báturinn festist á stein u.þ.b. tvo metra frá landi. Nú hófust hinar

skrautlegustu björgunaræfingar því þrátt fyrir að báturinn væri stutt frá landi var svo sterkur straumur að ekki var hægt að vaða að honum. Við notuðum tvær kastlínur sem við bundum í Gulla Magg og reyndum að halda línunum strekktum ofanfrá til að hann gæti vaðið að bátnum en það var sama hvað við reyndum hann missti alltaf fótana í straumnum. Þá var næsta þaulhugsaða björgunaraðgerð reynd, við reyndum að grýta bátinn af steininum. Þetta var mjög skemmtilegt fannst öllum sem ekki áttu Necky bát en ég er ekki frá því að það hafi farið um Juniorinn við aðfarirnar. Okkur til mikillar undrunar gekk þetta ekki heldur. Þá var gripið til örþrifaráða, Garðar WC setti 3D-inn á flot og sigldi af miklum krafti á Neckyinn og þannig náðist hann af steininum. Þegar ég hugsa til baka þakka ég fyrir að það var enginn með haglabyssu með sér því þá hefði báturinn örugglega verið skotinn af steininum

Gulli að reyna að ná í bátinn hans Garðars Junior

Þegar þarna var komið var Garðar Junior búinn að fá nóg og ákvað að koma bátnum upp á veg og skokka að bílnum. Við hinir héldum áfram áfallalausri siglingu niður að Þeytivindunni (durudduruddudum hér eiga lesendur að ímynda sér áhrifamikla, dramatíska kvikmyndatónlist). Hópurinn skiptist í tvennt, hluti fór Steinarennuna og hinir völdu Þeytivinduna. Ég var ákveðinn í að fara Þeytivinduna en ætlaði að stoppa í littlu lygnunni fyrir ofan, þetta mistókst illilega. Ég missti af lygnunni og varð að ákveða í skyndingu hvort ég færi Steinarennuna eða kolvitlausa leið gegnum Þeytivinduna. Auðvitað valdi ég kolvitlausu leiðina og var refsað fyrir. Ég velti og lamdist og reyndi að snúa mér en valt aftur og lamdist í botninn og dróst eftir botninum osfr. Að lokum synti ég í land með bátinn í togi en var þó það heppinn að komast í lygnuna bak við eyjuna sem skilur að Steinarennuna og Þeytivinduna þannig ég þurfti ekki að synda í gegnum stóru holuna fyrir neðan. Eftir þessa lífsreynslu var ekkert leikið sér meira og hefur mér sjaldan liðið jafn vel að komast í þurr og hlý föt eins og þegar við komum á leiðarenda.

Þegar allir voru búnir að klæða sig og við ætluðum að leggja af stað að ná í Junior og hinn bílinn þá birtist allt í einu strákurinn skælbrosandi fyrir framan okkur. Í stað þess að hlaupa nokkur hundruð metra til baka þangað sem við lögðum af stað þá hljóp drengurinn nokkra kílómetra niður hálfann Laxárdalinn til að hitta okkur við lok ferðarinnar.

Þetta var frábær ferð en líka sú erfiðasta sem ég hef farið í hingað til.

Kveðja Jón H

Þessi saga sýnir að val stjórnar klúbbsins á ármanni síðastliðins árs var vel ígrunduð og að Garðar var vel að þessum titli komin.

Sagan er stolin af vef þeirra norðan manna en slóðin á hann er

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Ferð niður Hvítá frá Brattholti

Góðan daginn

Eftir að hafa átt gott sumar með félögum klúbbsins í hinum ýmsu ám landsins þá þótti mér rétt að þakka fyrir mig með því að hóa saman öllum byrjendum klúbbsins sem áhuga hefðu á að koma með í ferð niður Hvítá frá Brattholti þann 2. september.

Steini að messa

Tölvutæknin var nýtt til að kynna ferðina og var korkur klúbbsins nýttur til að tilkynna hvar og hvenær ætti að legga í hann. Mér þótti það var alveg ótrúlegt hve margir virtust kíkja inn á korkinn og það

má segja að síminn hjá mér hafi varla þagnað síðustu dagana fyrir ferðina. Einnig sendi Steini formaður út SMS til þeirra sem eru skráðir félagar og borga félagsgjöld hjá klúbbnum. Niðurstaðan var sú að alls mættu 23 til að taka þátt í gleðinni og voru það bæði félagsmenn og utanfélagsmenn og þótti mér það ansi góð mæting og var því ferðin orðin næst stæsta ferð sumarsins, en 36 mættu í byrjendaferð frá Brúarhlöðum í byrjun sumars. Reyndar átti ferðin í Ytri-Rangá eftir að toppa þessa ferð síðar í mánuðinum því þar mættu 24.

Uss þetta er ekkert mál

Hópurin stóð saman af algerum byrjendum sem voru að fara eina af sínum fyrstu ferðum í straumvatn, mönnum sem höfðu einhverja reynslu og miklum reynsluhundum sem sáu síðan um að leiða hópin niður ána.
Ferðin byrjaði á því að menn söfnuðust saman rétt við bæinn Brattholt þar sem menn fengu Leppin í ómældu magni og að vild og kæddu sig í gallana (Bjössi varð hálf svekktur yfir að hafa lagt það á sig að tæma sjoppuna við Geysi af Leppin). Síðan var haldið að gilbrúninni fyrir ofan ána þar sem Steini messaði yfir hópnum áður en menn klöngruðust einstigið niður í gilið með bátana.

þú skalt ekki bát né ár sleppa...

Þegar niður var komið tóku nokkrir í hópnum nettar teygjuæfingar á meðan aðrir horfðu dreymandi augum út í loftið og hugsuðu um liðna nótt. En kvöldið áður höfðu Johan og Hrefna boðið til skógarveislu í Haukadalnum og mætti þar slatti af vinum þeirra til að kveðja þau. En þau vildu með þessu þakka fyrir sumarið og tilkynna okkur að þau væru að flytja norður til Akureyrar þar sem þau búa núna og hafa haldið áfram að róa þar með félögum okkar þar.

Klöngrast niður einstigið með bátana

Lagt í hann

Hvað um það eftir að allir höfðu komið sér í bátana og peppað sig upp var haldið af stað niður ána. Fyrst kemur rólegur kafli og alveg tilvalin upphitun fyrir ansi kröftuga flúð sem er fyrsta flúðin á

leiðinni og reyndist nokkrum í hópnum full erfið. Flúð þessi einkennist af nokkuð stórum öldum og kröftugu frákasti en hún endar síðan í stórri lygnu.

Gummi J. í Nautavík

Þegar búið var að ná hópnum saman aftur var lagt í næstu flúð sem er Nautavíkin margfræga. Þar eru aftur stórar öldur en síðan er farið inn í Nautavíkina sem er ein stór hringiða og reyndist nokkrum í hópnum ansi erfitt að halda sér á réttum kili þarna og var því nokkuð um það að menn tækju til sundtakanna með bátana þarna.

Guðmundur hvergerðingur

Kristján hvergerðingur

Jón

Þegar búið var að koma öllum heilum í bátana aftur fóru reynsluhundarnir að leika sér í kröftugum straumskilum sem eru þarna og tók það nokkra stund hjá þeim enda veitti kanski ekki af fyrir sundgarpana að fá aðeins að blása úr nös. Það reyndist síðan töluvert á þá reynsluminni úr hópnum að reyna að komst aftur út úr Nautavíkini því eins og áður sagði þá eru straumskilin þarna ansi öflug en tókst þó að lokum.

Hópurinn heldur af stað frá Nautavík

Næsta flúð tók síðan við nokkru neðar með þrem stórum holum og að sjálfsögðu stórum öldum. Flestir komust í gegnum þennan kafla á réttum kili og hélt því hópurinn áfram niður ána í rólegheitum.

Þarna tekur við nokkuð langur rólegur kafli með léttum flúðum sem allir réðu við og var ekki annað á sjá en að nú væri sjálfsöryggið farið að peppast upp hjá megninu af nýliðunum og orðið ansi létt yfir mönnum á þessu tímabili. Þessi kafli endar svo við hina margfrægu "Öldu" eða "Veiðistaðinn" hvað sem menn vilja kalla svæðið.

Leppin og kalóríur við veiðistað

Þar var farið í land til að blása aðeins úr nös og fá sér kalóríur úr Leppa og súkkulaði. Þeir hörðustu stoppuðu reyndar ekki lengi heldur skelltu sér beint í ölduna að leika sér en hún reyndist vera svona rétt við það að vera nothæf þennan daginn. Hinir fylgdu síðan á eftir og var á tímabili ansi stór hópur að reyna með sér í öldunni en þó syntu sumir í burtu.

Kojak í ölduni

Franski belgin (báturinn er til sölu á sölusíðuni)

Carlos

Gummi J.

Gulli

Jim

Alli

En einn þeirra náði reyndar þeim merka áfanga að synda alla leið niður fyrir Illvita frá Öldunni og á Óli gjaldkeri klúbbsins heiður skilið fyrir að gera ítrekaðar tilraunir til að bjarga kauða sem tókst að lokum neðan við Illvitan.

Sibbi sýnir óvænta rodeótakta í Illvitanum

Síðan þegar allir hinir voru búnir að fá nóg af öldunni var lagt í lokahluta ferðarinnar í gegnum Illvitann. Illvitinn er nokkuð kröpp flúð með nokkrum holum og er hægt að fara í gegnum hann á nokkrum stöðum og fer það allt eftir getu manna hvar þeir velja sér leið í gegn. Síðan eftir Illvitann tekur við nokkuð þægilegur kafli að Brúarhlöðum.

í Brúarhlöðum

Við mynnið á Brúarhlöðum reyndist vera nokkuð góð alda en það nýttu nokkrir kappar sér og "sörfuðu" á meðan hinir létu sig reka í rólegheitum að þeim stað sem ferðin síðan endaði á, en það er sami staður og lagt er af stað í nýliða ferðir klúbbsins á vorin.

Að sjálfsögðu skiluðu allir sér niður og í land aftur þrátt fyrir nokkra hressilega sundspretti hjá hluta hópsins en það er bara eitthvað sem verður að fylgja. Að lokum vil ég þakka öllum "reynsluhundunum" fyrir hjálpina því án þeirra hefði mér aldrei tekist að koma svona stórum hóp af nýliðum á jafn auðveldan hátt niður ána. Auðvitað fá allir nýliðarnir líka þakkir fyrir að mæta og er það von mín að þeir sjái sér hag í að ganga í klúbbinn og vera duglegir að mæta á æfingar í vetur til að ná pottþéttri veltu fyrir næsta sumar svo þeir geti sleppt því að synda í land ef þeir velta.

Takk fyrir og sjáumst að ári

Gummi J.

Ferðasaga: Guðmundur Jón Björgvinsson

Myndir: Steini formaður
og
Guðmundur Vigfússon

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

Veltan

English

Póstur

Hvítárvatn á Kili

Sjóbátamenn fetuðu loksins í fótspor straumvatnsmanna og skipulögðu vel sótta ferð að Hvítárvatni sem var kynnt á korki klúbbins.
Alls 16 manns, konur og karlar, hittust á laugardagsmorgni við Select upp á höfða og héldu áleiðis að Hvítárvatni. Það sem var sérstaklega ánægjulegt við þennan litríka hóp að marga hverja hafði maður aldrei hitt áður.

Fúsi og frú voru vígaleg með báta bæði á toppnum og í eftirdragi.

Nonni alveg að verða klár

Gestur festir augnablikið á mynd

Veðrið spillti ekki fyrir en við fengum sól og blíðu. Himininn var alveg heiðskír og varla bærðist hár á höfði.

Fyrsta stopp var tekið við Hvítárnes til að blása úr nösum og stilla bátana.

Íslenski fáninn var hafður með í för.

Gestur í landi jötna og þursa

Drunurnar úr Langjökli heyrðust langar leiðir og sást af og til hvernig brotnaði úr jöklinum í vatnið. Á tíma var haldið að Nonni væri orðinn leiður á lífinu og hyggðist stytta sér aldur því hann fór fulllangt að rönd jökulsins og um tíma sást hvergi til hans.

Bergur var á mögnuðum handunnum kayak ....

Hér má sjá mest allan hópinn að snæðingi inn í Karlsdrætti sem talinn er fegursti bletturinn við Hvítárvatn.

Nonni, Gummi J. og Gestur (sem hér sést) sýndu okkur að það er ekki nauðsynlegt að velja á milli sjós og straums, það er hægt að stunda þetta allt saman.

Það var ánægður hópur sem lagði af stað heim á leið eftir frábæran dag á Hvítárvatni. Nokkrir voru í það miklu stuði að þeir sóttu Nonna heim til Keflavíkur og skelltu sér á Stuðmannaball í Stapann.
Og þar sem Gummi J. virðist aldrei fá nóg af róðri þá skellti hann sér niður Hólmsá (Class4+) með straumvatnsgenginu morgunin eftir ballið.

Þessi mynd af Gulla Magg. var tekin í þeirri ferð

Ferðasaga: Guðný Hansen

Myndir: Gummi J.
Richard Yeo
Og
Kalli

-Til baka á sjóbátasíðu-

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Ferð í Ytri-Rangá í október 2001

Looooooksins drifum við okkur suður í kayakróður. Við höfðum lengi ætlað að prófa kayakróður á suðurlandinu og nýttum við okkur tækifærið þegar auglýstur var haustfagnaður Kayakklúbbsins. Það þurfti smá sukk með til að hafa sig í þetta langa ferðalag til Reykjavíkur.

Eftir umræður á Korknum var komist að þeirri niðurstöðu að best væri að stilla erfiðleikagráðunni í hóf til að sem flestir kæmust með. Ákveðið var að róa Ytri Rangá og gera okkur norðanmenn að Ármönnum sem er eins og allir kayakmenn vita einhver merkasti áfangi sem kayakmenn ná. Þeir sem komu að norðan til að róa voru Jón Heiðar, Garðar WC., Garðar Junior og Jóhann.

24 ræðarar gera sig klára í bátana

Tryggvi komst ekki í róðurinn vegna strangra mætingareglna í spriklskólanum á Laugarvatni en hann mætti í teitið um kvöldið (ATH hann fór í skólagúmmíbátaferð niður grade ½ í einhverjum bæjarlæk í staðinn).

Ok þeir eru 24 kallar Gulli

Ákveðið var að hittast eldsnemma (hei á laugardögum kl. 9 er eldsnemma) að laugardagsmorgni við Shell Select við Vesturlandsveg. Þetta er frábær staður til að byrja svona ferðir á því þarna er hægt að fá kaffi í pappamáli með loki og heita kleinuhringi, alveg eins og löggurnar í bíómyndunum eru alltaf með. Við sveitastrákarnir höfðum aldrei áður prófað svona og nýttum okkur þetta því óspart.

Garðar "Junior" í klapparfossinum

Fljótlega dreif að múg og margmenni og ætluðum við varla að trúa því að svona margir kayakmenn væru til. Dálítinn tíma tók að þjappa mönnum í bílana en það hafðist að lokum.

Elli við S-flúð

Síðan var lagt af stað og keyrt, og keyrt, og keyrt, og keyrt sem leið lá þangað sem áin lá. Þetta var löööööng keyrsla en að lokum var stoppað einhverstaðar rétt hjá Heklu og rétt hjá Galtalæk. Ég verð að viðurkenna að ég var ekki alveg að fylgjast með hvaða leið var ekin.

Maggi í S-flúð

Þegar bílarnir stoppuðu og við opnuðum hurðarnar brá okkur heldur betur í brún, þarna var þvílíkt ***HÁVAÐAROK*** að þyngstu menn áttu í vandræðum með að standa í lappirnar.

Máni massar S-flúðina

Ákveðnir í að fara samt í siglingu drifu menn sig út og gölluðu sig upp. Í ljós kom að á staðinn voru mættir 24 ræðarar, með mismikla reynslu. Þarna voru mættir reynsluhundar með margra ára róður að baki jafnt og byrjendur sem höfðu aldrei farið í svona erfiða á.

Garðar Junior í kunnuglegri stöðu í litlu-nautavík

Eftir myndatökur skelltu menn sér í ána, þrátt fyrir að rokið gerði róðurinn erfiðan var mjög gaman að fylgjast með bátunum á fyrsta slétta kaflanum. Menn fuku áfram á ótrúlegum hraða og 24 kayakar í hnapp þar sem flest allir ræðararnir héldu árunum beint upp í loftið, til að reyna að nota þær líkt og segl, var ansi skemmtileg sjón.

Tóti "nanoq" í S-flúð

Brátt var komið að fyrstu flúðinni, hún var lítil og nett en varð einhverjum erfið því allavega tveir syntu úr henni. Enginn gafst upp og var því haldið áfram eftir að búið var að losa bátana. Stuttu síðar á sléttum hluta árinnar tók Siggi Óla upp á því að fara úr bátnum og synda í ánni. Þegar við spurðum hann að því hvers vegna í ósköpunum hann væri að þessu svaraði hann “sko, hruffhrurumml ekki hugmynd….” eða eithvað svoleiðis.

Dabbi "SúperEGÓ" í S-flúð

Á meðan Siggi losaði bátinn sinn renndi Gummi leiðsögumaður upp að hliðinni á mér og sagði mér að taka hægri leiðina þar sem áin skiptist í tvennt þar sem þar væri fínt drop kallað Klapparfoss. Þar sem ég er algerlega óvanur því að vera sagt til vegar og hvað þá satt og rétt fór þetta inn um annað eyrað og út um hitt.

Anup í Slönguflúð

Þegar kom að skiptingunni beygði ég auðvitað til vinstri á eftir einhverjum öðrum og fylgdu svo nokkrir á eftir mér. Við sigldum lygna og þægilega leið á meðan hinir fengu droppið (andsk.....). Áfram var róið og nú fóru leikar að æsast, við komum að S-flúðinni (líka kölluð litla nautavík). Þar vöruðu þeir sem þekktu leiðina, hina við og fóru nokkrir í land og skoðuðu aðstæður. Einhverjir af þeim óvanari báru framhjá, við hinir létum okkur vaða í gegn. Allt gekk vel nema þegar menn fóru að leika sér fyrir neðan í lygnu-skilunum (eddy lines), þá allt í einu sáum við kunnuglega sjón. Tóman Super Ego og lappir upp í loft, Siggi Óla aftur kominn á sund þar sem ekkert var að gerast. Greinilega ekki hans dagur, en Siggi er jaxl sem kippir sér ekki upp við svona smáræði og áfram var haldið.

Alli fagnar glæstum árangri Sigga Óla í sundferðum dagsins

Slönguflúðin var næst, þetta er án efa skemmtilegasta flúðin í ánni. Við fórum flest allir í land og skoðuðum aðstæður, byrjendur báru framhjá en hinir létu sig flakka niður. Flúðin er mjög skemmtileg, liggur í hlykkjum með nokkrum holum og öldum. Til að fara “vel” í gegnum hana þarf maður að vera nokkuð duglegur að stýra bátnum milli holanna.

Doktor Sverrir neglir á steinin hans Carlosar

Við sáum nokkur flott “óvart move” þegar menn lentu ofan í holunum en ég held að allir hafi komist heilir og í bátunum niður. Næst var komið að hinu margfræga Skráargati, þar gerðust tvennir markverðir atburðir. Eftir að hafa skellt mér niður meðal þeirra fyrstu gekk ég að Skráargatinu til að taka myndir.

Áiiiiiiii.....

Þröstur átti sundferð dagsins niður slönguflúðina
Steini formaður var nokkuð viss um að kauði væri
steindauður miðað við atgangin

Flestum gekk mjög vel niður en einn af þeim óvanari velti um leið og hann var kominn í gegn. Hann setti sig strax í stellingar og reyndi veltu en mistókst, hann reyndi aftur án árangurs. Þá bjóst ég við að hann mundi synda, eennnnnnn nei svo fór ekki því hann gerði þriðju tilraunina án árangurs en tókst svo að velta sér við í fjórðu tilraun. Ég man ekki hver þetta var en þvílík þrautseigja sem hann sýndi og það borgaði sig.

Jón "norðanHeiðar" í slönguni

Dabbi SE í Slönguni

Hitt atriðið sem var athyglisvert var að Maggi, sem er þrælvanur ræðari, bar framhjá Skráargatinu mér til mikillar furðu. Ég spurði hann af hverju hann réri ekki þessa flúð sem mér fannst ekki merkileg svaraði hann því til að hann réri aldrei í gegnum eithvað sem væri það mjótt að báturinn kæmist ekki þversum í gegn. Þetta atriði vakti mig til umhugsunar um hversu rosalega vitlaus maður er um öryggi á ám. Ég hefði sjálfsagt farið þarna í gegn þó ég hefði áttað mig á þessum áhættuþætti en mér datt aldrei til hugar að ef eithvað klikkar og maður lendir þversum í Skráargatinu getur maður kubbað í sundur báða fæturna.

Kojakinn í slönguni (Jói Kojak)

Næst á dagskrá var eithvað sem ég held að menn kalli Skógarfoss (döööh, það sem menn kalla foss), þar sáum við flottasta atriði ferðarinnar. Fossinn er nátúrulega ekki foss heldur uþb. 1,5m lágt drop með frekar nasty holu undir.

Kojakinn tilbúin með kastlínuna við Skógarfoss

Nokkrir báru framhjá en hinir reyndu að keyra fram af á góðri siglingu til að stökkva yfir holuna. Tveimur ræðurum mistókst að stökkva yfir holuna sá fyrri (man ekki hver) valt um í smá stund og reddaði sér svo flott út en sá seinni var Garðar Junior.

Maggi búffar Skógarfoss

Garðar sýndi svo um munaði hvað hann hafði lært á þessum eina og hálfa mánuði sem hann var búinn að róa fyrir norðan. Garðar lét sig falla tignarlega ofan í holuna, tók risa afturábakflipp sem hann hlekkjaði við vagnhjól og glæsilegt uppskot á framendanum. Hann endaði sýninguna með virkilega stílhreinum skriðsundstökum inn í lygnuna hægra megin. Síðan beið hann sallarólegur (lesist skítkaldur og skelkaður) á meðan báturinn (greinilega vel þjálfaður) valt um í holunni í smá stund. Þar sem báturinn flaut niður með hinum bakkanum ákvað ég að draga Garðar yfir ána en í miðri á hlekktist okkur á svo hann missti takið, synti góðann spöl og þurfti svo að labba til baka til að ná í bátinn.

Siggi Óla

Tóti

Doktor Sverrir

Anup

Garðar WC

Carlos

Máni skríður upp úr holuni

Jón norðanHeiðar

Undir Grænuhlíð liggja skipin.....

Eftir þetta gekk allt vel, Ármannsflúðin var nú ekki merkilegri en svo að ég vissi ekki hvar hún var fyrr en eftir að ég var kominn upp úr ánni. Það var allt of vont veður og allt of lítið vatn til að hægt væri að stoppa og leika sér í Leikfangalandi. Síðasta hluta leiðarinnar höfðu fáir eða engir úr hópnum róið, þar lá áin ofan í litlum giljum með nokkrum litlum flúðum. Allt gekk vel niður þennan síðasta hluta fyrir utan nokkra sundspretti sem ég held að engum hafi orðið meint af.

þeir sem synda drekka úr skítugum sokkum sínum.....

Kristján Hvergerðingur sýpur á

Helga var eina stelpan í hópnum og stóð sig með prýði

Svona í lokin verð ég að segja að ferðin var hin skemmtilegasta þó að veðrið væri ekki eins og við hefðum viljað hafa það. Andinn í hópnum var frábær þrátt fyrir að stór hluti af fólkinu hefði aldrei hist áður og byrjendurnir stóðu sig virkilega vel.

að leiðalokum

Bið að heilsa öllum sem voru í ferðinni.

Kveðjjjjssh

Jón H.

Ferðasaga Jón Heiðar Ragnarsson
Myndir Steini Formaður

KAYAKKLÚBBURINN

Brim við Gróttu september 2001

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Frábær brimreið við gróttu í byrjum september +4m háar öldur.....

Jón H leggur á stað

Stefnan tekin á Sibba

Flugið tekið

Sibbi forðar sér

Sibbi sleppur frá fljúgandi kayak

Jón H enn á flugi

Aldan étur þá

Sibbi komin á flug

Aldan étur þá

Og enn er fjör

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Kajakkeppni Ísafirði

Kajakkeppni var haldinn á Ísafirði laugardaginn 28. júlí.

Keppnin er hluti af siglingadögum sem haldnir voru í annað sinn á Ísafirði og nágrenni og var jafnframt 3 hluti í Íslandsmeistaramóti.

Keppt var í 10 kílómetrun þar sem keppendur þurftu að fara í land einu sinni og leysa stutt hnútaverkefni áður haldið var að stað aftur. Svo var keppt í 7 km karla og kvenna og baujuralli þar sem allir kepptu saman. Lagður var um eins kílómetra hringur milli bauja með kröppum beygjum og var töluvert um pústra milli keppenda og gaman að horfa á.

Úrslit urðu sem hér segir:

7km kvenna:

1..	Mari Waure	40:23
2..	Auður Yngvadóttir	40:36
3..	Ásthildur Sturludóttir	41:04
4..	Guðný Hansen	41:42
5..	Ásdís Sigurðarsóttir	42:33
6..	Helga Einarsdóttir	42:41

7km karla

1..	Halldór Sveinbjörnsson	33:53
2..	Stefán Dan Óskarsson	38:17

10km karla

1..	Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson	61:50
2..	Gunnar Tryggvason	62:08

3..	Ófeigur Gíslason	63:51
4..	Baldur Pétursson	68:37
5..	Magni Hreinn Jónsson	69:09
6..	Gylfi Ólafsson	73:36

Baujurall blandaður flokkur.

1.. Halldór Sveinbjörnsson
2.. Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson
3.. Rúnar Óli Karlsson
4.. Gunnar Tryggvason
5.. Magni Hreinn Jónsson
6.. Gylfi Ólafsson
7.. Ófeigur Gíslason
8.. Baldur Pétursson
9.. Mari Waure
10.. Guðný Hansen

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Fréttasíða Kayakklúbbsins

Hér enda allar eldri fréttir úr starfi klúbbsins af forsíðuni

---

Ársskýrsla Kayakklúbbsins 2002

Skýrslan er komin á vefinn

meira

Siglingadagar á Ísafirði

meira

Langisjór 2002

Ferð kayakklúbbsins um Langasjó helgina 17-18 ágúst

meira

Hvammsvíkurmaraþon 2002

Hið árlega Hvammsvíkurmaraþon kayakklúbbins og Hvammsvíkur
var haldið Laugardagin 24.ágúst.
Hér eru komnar myndir og úrslit úr mótinu

meira

Videomyndir frá árinu 1999 af kynningardisk klúbbsins sem var gerður árið 2000

meira

Sjóbátamyndir frá sumrinu 2002

Okkur hafa borist nokkrar sjóbátamyndir frá félögum úr klúbbnum.

meira ➔

Straumfjörður á Mýrum

Myndir úr ferðini

meira ➔

Austari jökulsá um Jónsmessuna 2002

Mikið af myndum og þung í hleðslu með mótaldi en þó þess virði

meira ➔

Galtalækur 2002

Myndir og frásögn frá ferð straumvatnsmanna helgina 7. - 9. júní

meira

Sjókayakmót Eiríks-Rauða í Stykkishólmi

Myndir, frásögn og úrslit úr sprettróðri

meira

Hvítárferð með sjóbátamönnum og nýliðum

Hetja dagsins

meira

Bessastaðarbikar 2002

Bessastaðabikarinn var haldinn í sjötta skipti, laugardaginn 11.maí.

meira ➔

Elliðaár-rodeo

Hin árlega keppni Kayakklúbbsins í flúðafimi í boði Leppin var haldin föstudaginn 26. Apríl í kælivatnsholuni fyrir neðan Elliðaárrafstöðina.

meira ➔

Afhverju eru menn valdir sem ármenn hjá klúbbnum ?

Lesið þessa ferðasögu úr Laxá í Þingeyjasýslu og þá skiljið þið það kanski að einhverju leyti

meira

Fyrstu merki um að það sé að fara að vora hjá kayakmönnum

Er þegar það fer að sjást í straumvatnræðara í rafstöðvar-holuni í Elliðaánum

meira

Ísland á iði

Kynning á afmælisverkefni ÍSI

meira

Myndir af görpum frá Ísafirði

meira

Ferðasaga frá Hvítárvatni á Kili

Saga og myndir úr ferð sem var skipulögð á korknum

meira

Ármaður ársins 2001

Þetta árið eftir miklar vangaveltur var Garðar "junior" Sigurjónsson valin ármaður ársins. Drengurinn sýndi af sér mikið hreysti við sund í hinum ýmsu ám landsins eins og sýnt var með nokkrum flottum myndskeiðum á árshátíð klúbbsins laugardaginn 26. janúar.
Árshátíðin þótti heppnast með miklum ágætum og voru menn alsælir með myndasýningar kvöldsins. Steini og Bjössi voru búnir að klippa saman myndbönd frá sjó og staumvatnsmönnum í tvær mjög góðar myndir sem sýndar voru við mikinn fögnuð.
Myndbönd þessi er hægt að fá hjá **Steina formanni** fyrir aðeins 2000 krónur en það mun síðan vera leyfilegt að fjölfalda þau í jafn miklu magni og menn vilja á nokkurs gjalds.

Ferðasaga af Ströndum 2001

Nokkrir félagar úr klúbbnum fóru norður á strandir um verslunarmannahelgina 2001 og réru frá Norðurfirði út í Drangavík og enduðu síðan ferðina í Ingólfsfirði.

meira ➔

---

20 ára afmæli Kayakklúbbsins 2001

meira

Er vorið komið ?

það var róið í Elliðaánum og Ölfusá í vatnavöxtunum í janúar

meira

Byrjendaferð frá Brattholti 2001

Nokkrir af reynsluhundum klúbbsins fóru með nokkra nýliða niður Hvítá frá Brattholti í september síðastliðið haust.

meira

Rangá - haustferð 2001

Norðanmenn komu suður í haust og réru með sunnanmönnum í Rangá.

meira

Laxá í Aðaldal 2001

Klúbburinn fór í Laxá á Aðaldal í haust að loknu veiðitímabili veiðimanna.

meira

Noregur sept 2001

Bjössi, Carlos og Steini fóru í heimsókn til Noregs

Ferðasagan
meira

Brim við Gróttu 2001

+ 4m háar öldur.....

meira

Jökulfirðir 2001

Kayakklúbburinn efndi til fjögurra daga sjókayakleiðangurs um Jökulfirði dagana 24. til 27. júlí 2001. Þáttakendur voru alls 14.

Myndir og ferðasagan komin

meira

Úrslit í kayakmóti á Ísafirði 28 júlí 2001

meira

Hvammsvíkurmaraþon 2001

Keppendur þetta árið voru 21 og þar af tvær konur en þær reyndust því miður meðal þeirra 11 sem luku ekki keppni.

Sigurvegari í keppnin var ungur piltur frá Bolungarvík: Sveinbjörn

Kristjánsson á tímanum 5 klst 29 mín 15 sek Í öðru sæti var Valdimar Harðarson á 5.33.00 Í þriðja sæti var Ófeigur Gíslason á 5.43.08

meira

Ferð í Tungufljót 2001

Bjössi, Maggi, Gummi, Sibbi og Steini silgdu Tungufljót ofan af Haukadalsheiði.

meira

Ferð frá Pjaxa 2001

Bjössi, Hilmar og Steini silgdu Hvítá frá Pjaxa. Pjaxi er rétt fyrir neðan Gullfoss og er mesta vandamálið að komast niður í gljúfrið.

meira

Lagarfoss Rodeo, júlí 2001

Úrslit og myndir komnar.....

meira

Fjölskylduferð í Galtarlæk - Rangá helgina 9 - 10 júní 2001

Þá er það vorferðin í Galtalæk!!! Þeir duglegustu mættu í skóginn á föstudagskvöldinu og fengu sér eitthvað gott á grillið og rifjuðu upp undangengin sumur í Galtalæk.

meira

Byrjendaferð Kayakklúbsins í Hvítá 26 maí 2001

meira

Ferð í ölduna í Hvítá maí 2001

meira

Bessastaðarbikar 2001

Úrslit og myndir

meira

Elliðarárrodeo 2001

Úrslit og myndir frá keppnini

meira

Hvernig á kayak að vera?

meira

Vorróður í Elliðarám 2001

meira

-Til baka á aðalsíðu-

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Elliðaár-holan í apríl 2002

Nokkrar myndir af staumvatnsstrákunum úr Elliðaár holuni frá föstudeginum 22. marz
Tilþrifin voru mikil enda 7° lofthiti og vatnið um 2°

Jói kojak á Dagger Centrifuge



Sibbi á Wavesport X

Bjössi á Wavesport Big E-Z

Reyni Óli á Wavesport E-Z

Síðan mættu menn með nýja báta

Maggi á Eskimo Nano

Hilmar á Dagger G-Force



Gummi á Pyranha Sub-7

Myndirnar tóku hinir og þessir á myndavélina hans Gumma

KAYAKKLÚBBURINN

Í Elliðaánum 11. janúar 2002
og síðan í Ölfusá þann 12. janúar

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Þann 10. og 11. janúar 2002 var mikill vöxtur í flestum ám landsins og fóru nokkrir strákar úr klúbbnum og léku sér í holuni í Elliðaánum í hádeginu.
Hitastig í ánni var um 2°c og lofthiti umþb 1-2° og vatnsmagnið alveg í hámarki.

Maggi á nýja Eskimo Nano bátnum

Gummi J.

Þann 12. Janúar brunuði síðan 6 félagar úr klúbbnum austur fyrir fjall og tóku eitt létt "run" niður Ölfusánna fyrir neðan brú í u.m.þ.b.

1100.m3
Öldurnar í ánni voru gríðarstórar og hiti vatns svipaður og í glasi af "Whiski on the rocks" lofthiti var rétt ofan við frostmark eða um 3°c Þess má geta að dagin áður náði Ölfusáin 1300.m3 sem er slatti miðað við að rennsli í ánni síðastliðið sumar var í kringum 300.m3.

Alli og Reynir Óli að gera klárt

Hilmar fær kalt bað í upphafi ferðar

Bjössi í einni af minni öldunum

Reynir Óli

Bjössi

Alli

Gummi J.

Steini

Myndir: Hilmar Þór Kristinsson
og Steini formaður

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Bessastaðabikar 2002

Bessastaðabikarinn var haldinn í sjötta skipti, laugardaginn 11.maí. Má segja að veðrið hafi leikið okkur grátt þetta vorið, þótt sól skini þá var hávaða rok um 15 m/s á Álftanesi svo ákveðið var að flytja keppnina inn í Geldingarnes þar sem veður var öllu skaplegra. Þeir sem réru lengri vegalengd fóru umhverfis Geldingarnesið sem er um 6,5 km leið og þeir sem réru í styttri, réru í botn Leirvogsins og til baka. Þrátt fyrir að rokið hafi dregið úr mætingu, þá mættu 28 keppendur til leiks, 18 í lengri og 10 í styttri.

Einstaklings karla trefjabátar	Bátur	Tími
Sveinbjörn H Kristjánsson	Inuk	43.26
Halldór Sveinbjörnsson	Inuk	44.08
Þorsteinn Sigurlaugsson	Viking	50.35
Sævar Úlfarsson	Nordcap	50.55
Ófeigur Gíslason	Nordcap	51.30
Baldur Pétursson	Explorer	52.20
Páll Gestsson	Kitivek	53.23
Guðmundur Breiðdal	PH Quest	53.43
Óttar Kjartansson	North Shore	54.42
Gunnar Sæmundsson	Sardinia	55.09
Björn Traustason	Explorer	56.14
Jóhann Kjartansson	Kitivek	56.35
Bjarni Þorbjönsson	Viking	1.00.03
Gunnar Tryggvason	Sardinia	Hætti
Garðar Gíslason	Avanaq	Hætti

Einstaklings karla plastbátar	**Bátur**	**Tími**
Bragi Þorsteinsson	Capella	55.02
Hörður Kristinsson	Kodiac	1.00.30
Sævar Helgason	Haslei	1 08.20
Einstaklings karla styttri vegalengd	**bátur**	**tími**
Guðmundur Jón Björgvinsson	Explora	22.59
Axel Helgason	Kitivek	23.13
Grétar Marteinsson	Capella	23.52
Pálmi Baldursson	Explora	24.35
Kristinn Benediktsson	Lettman	24.54
Davíð G. Diego	Seayak	26.15
Hólmar Þórhallsson	Seayak	26.23
Jóhann Bertelsen	Sea Lion	27.15
Gunnar Kjartansson	Qajak	28.51
Einstaklings kvenna styttri vegalengd	**Bátur**	**Tími**
Ásthildur Sturludóttir	Seayak	28.44

Við vonumst til að geta bætt við fleiri myndum úr keppnini fljótlega.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2002
Korkur
Veltan
English
Póstur

Ísland á iði

Það var mikið líf og fjör í Vetrargarðinum í Smáralind um helgina (16-17 apríl) þar sem afmælisverkefni ÍSÍ, Ísland á iði 2002 lagði sitt af mörkum í baráttu landsmanna við sófann. Í boði var þétt dagskrá yfir báða dagana, þar sem hinar ýmsu íþróttagreinar voru kynntar með sýningaratriðum og einnig gafst gestum og gangandi tækifæri á að spreyta sig.
Kayakklúbburinn var að sjálfsögðu þar með tvo báta og kynnti þar sjóbáta og staumvatnsbáta fyrir almenningi. Þrátt fyrir stuttan fyrirvara tókst kynningin með ágætum og má klúbburin vera nokkuð sáttur við sitt framlag. Klúbburinn hafði aðstöðu í bás Siglingasambandsins ásamt kænumönnum sem sýndu þar tvær keppnisskútur. Í sjónvarpi sem var í miðjum básnum voru sýnd myndbönd með kayak og skútusiglingum sem drógu oft að sér töluverðan fjölda áhugasamra áhorfenda.

Annars er það af kynningarmálum að segja að það verður önnur kynning í íþróttahúsinu að Varmá dagana 3. - 5. maí og mun klúbburin hafa fullan hug á að kynna kayakróður þar. Það vill svo heppilega til að á sýningarsvæðinu er sundlaug sem verður notuð til að kynna sportið ásamt því að klúbburinn verður að sjálfsögðu með kynningarbás í íþróttahúsinu.

Klúbburinn stefnir síðan að því að halda sinn árlega kynningardag í Nauthólsvík laugardagin 18. mai en þar mun klúbburin kynna sína starfsemi fyrir gestum og gangandi ásamt því að fyrirtæki sem flytja inn báta og búnað tengt kayökum munu vera á svæðinu með sína vöru

Ef þú ert að spá í kayakróðri og þá hvort heldur er staumvatns eða sjóbátaróður þá er málið á kíkja á þessar kynningar og sjá hvað er í boði.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Elliðaárrodeo 2002

Hin árlega keppni Kayakklúbbsins í flúðafimi var haldin föstudaginn 26. Apríl í kælivatnsholuni í Elliðaánum.
Þáttakendur voru 19 þetta árið sem er nýtt þáttökumet. Keppnin þótti takast á besta veg enda voru aðstæður eins og best getur orðið á þessum árstíma, sól og logn. Lofthitastig hefði mátt ver örlítið hærra en við búum jú á Íslandi svo það tekur því ekki að kvarta.
Keppnin fór framm í fimm fjögura manna riðlum þar sem menn söfnuðu sem flestum stigum til að komast í úrslit. Hver keppandi hafði 3 x 45 sec til að sýna hvers hann var megnugur og var stigagjöf eftir alþjóðlegu fyrirkomulagi. Keppnisstjóri og dómari var Steini formaður en honum til aðstoðar voru Halldór og Friðrik sem eru margreyndar straumvatns kempur. Sú nýbreytni var þetta árið að fengið var á svæðið hljóðkerfi og maður til að kynna keppendur og þær æfingar sem menn reyndu í holuni. Sá Gullli Magg um kynninguna og fórst það verk vel úr hendi. Töluverður fjöldi áhorfenda mætti á svæðið og var örtröð á bakkanum á tímabili en fólk virtist skemmta sér hið besta yfir aðförum piltana í holuni. Keppta átti í þremur flokkum en þar sem kvennþjóðin lét ekki sjá til sín var aðeins keppt í tveim flokkum.

Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

1. Anup
2. Magnús Karlsson
3. Björn Traustason
4. Jón Heiðar Rúnarsson (norðanheiðar)
5. Jón Heiðar (sunnanheiðar)
6. Hilmar Þór Kristinsson
7. Guðmundur Jón Björgvinsson
8. Johan Holst
9. Jóhann Hjartarson
10 - 11. Garðar Sigurjónsson
10 - 11. Davíð Marínósson
12. Sigurbjörn Rafn Ottósson
13. Sigurður Þórsson
14. Garðar Jóhannesson
15. Guðmundir Vigfússon (1.sæti byrjenda)
16. Jón S. Ágústsson
17. Kristján Sveinsson (2.sæti byrjenda)
18. Sigurður Rúnar (3.sæti byrjenda)
19. Elvar Þrastarson (4.sæti byrjenda)

Sérstök sundverðlaun (kastlína) féllu Elvari Þrastarsyni í skaut fyrir að synda úr holuni í hvert skipti sem hann reyndi við hana.

Maggi

Jói Kojak

Gulli Magg að kynna

Jón Heiðar

Anup

Björssi

Johan

Steini að dæma

Gummi

Garðar Junior

Sibbi

Til baka á aðalsíðu

KAYAKKLÚBBURINN

Ferð sjóbátamanna og nýliða í Hvítá 2002

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Hin árlega ferð straumvatnsmanna með sjóbátamenn og nýliða í Hvítá var farin laugardaginn 25. maí og tókst í alla staði mjög vel.
Vegna ítrekaðra kvartana hörðustu naglana úr sjóbátahópnum var ákveðið að bregða út af venjuni og róa frá veiðistaðnum í stað Brúarhlaða eins og áður hefur verið gert.
Ferðin byrjaði ekki björgulega vegna þess að rétt ofan við Illvitan brast botn í einum bátnum og neyddist því eigandin til þess að fara í land og labba sneyptur í bílin með brotin bátin. En síðan þegar hinir komu í Illvitan byrjaði fjörið með því að menn veltu og syntu hver um annan þveran og var því nóg að gera hjá björgunarsveit straumvatnsmanna við að draga sundmenn að landi. Þegar búið var að safna hópnum saman aftur og sundmenn búnir að blása úr nös tóku Brúarhlöðin við. Þau voru mjög illskeitt vegna óvenju mikils magns af vatni í ánni. Menn soguðust þar til hægri og vinstri að vilja náttúruaflana. Það er því skemmst frá því að segja að þarna tóku enn fleiri sundtökin en áður og aftur hafði björgunarsveitin í nægu að snúast við að draga menn að landi. Næst lá leiðin niður að gatklett og var aftur einhvað af sundtökum æft á þeirri leið. Við Gatklett var farið í land og safnað kröftum. þegar hér var komið sögu voru nokkrir orðnir örlítið lúnir af öllu volkinu og var því hvíldin þeim mjög kærkomin.
Eftir stoppið við Gatklettin gekk ferðin niður að Drumboddsstöðum eins og í sögu og sást lítið til sundmanna á þeirri leið.
Þegar á Drumboddsstaði var komið ákváðu nokkrir straumvatnsmenn úr hópnum að þetta væri nú alls ekki nægileg adrenalínlosun og settu því stefnuna á Faxa sem rennur í Tungufljóti.
Hélt nú öll hersingin þangað til að fylgjast með piltunum stökkva fram af Faxa. Þegar þangað var komið tókst piltunum að peppa Gunna múrara upp í það að láta sig vaða fram af Faxanum sem er um 5 - 6 metra hár foss.
Myndirnar hér fyrir neðan eru allar af fossastökkinu, en það vildi nefnilega svo slysalega til að myndavélin gleymdist í bílnum þegar róið var í Hvítá.

Gunni múrari neglir fram af Faxa fyrstur sjóbátamanna !

Bjössi

Gummi

Hilmar Wave sport

Að lokum fær BÁTAFÓLKIÐ alveg sérstakar þakkir fyrir að taka á móti okkur á Drumbodsstöðum í ár eins og venjulega og skipa þau sérstakan heiðurssess hjá klúbbnum fyrir velvild þeirra í okkar garð.

Villa, Valdi, Jón Heiðar og öll hin hjá Bátafólkinu 1000 þakkir fyrir okkur

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Sjókayakmót Eiríks-Rauða í Stykkishólmi. dagana 31.maí - 2. júní

Sjókayakmót Eiríks rauða var haldið hér í Stykkishólmi um helgina. Mótið gekk í alla staði frábærlega þó svo að mæting hefði mátt vera betri. Við söknuðum ansi margra!! En fámennið var mikið góðmenni. Flestir komu á föstudeginum og sumir fóru aftur þegar þeir sáu að ekki fleiri voru mættir! Þeir misstu af miklu. Að venju var skroppið á Narfeyrarstofu og slakað á yfir veigum þar.

Á laugardeginum var dagurinn tekinn snemma enda ferðinni heitið út í Bjarnarhöfn sem er um 14 km róður (13,8 km skv. GPS tækinu hans Arnars Stefánssonar!!). Menn, konur og börn, 23 bátar, söfnuðust saman út í Skipavík í rigningarúða, skýjuðu og smá vindi, það var þó ekkert sem kvarta þurfti undan. Við fengum frábært sjólag út í Bjarnarhöfn. Þurftum lítið að hafa fyrir lífinu og róðrinum enda á lensi og undan straumi. Leiðin út í Bjarnarhöfn var sérstaklega falleg eyjar, sker og björg sem iðuðu af lífi. Áðum í landi Jónsness eftir ríflega 5 km róður sem sumum fannst allt of hægur!! Þar var grillað, hitað kaffi á prímus og nartað í samlokur. Eftir að allir höfðu fengið nægju sína var haldið áfram. Við tókum land í Kumbaravogi við Bjarnarhöfn og þar tók bóndinn, Hildibrandur Bjarnason, á móti okkur. Urðu þar fagnaðarfundir enda ekki á hverjum degi sem gestir hans koma á kayökum. Mikið fjölmenni hafði verið hjá Hildibrandi þennan dag og beið hann enn eftir tveimur hópum þegar við fórum. Við vorum leidd til kirkju og fengum fyrirlestur um sögu hennar, dýrgripi kirkjunnar og staðinn sjálfan. Að því loknu var kirkjuklukkum hringt og við lögðum leið okkar í gestahúsið í Bjarnarhöfn þar sem okkar beið hákarl í öllum útgáfum, harðfiskur, reyktur rauðmagi og rúgbrauð. Þar sagði Hildibrandur okkur frá sögu hákarlaveiða og leiddi okkur í allan sannleikann um ágæti hákarlakrema, lýsis og hylkja. Við kvöddum bóndann með virktum og héldum síðan leið okkar áfram. Sum á bílum en mestu garparnir í hópnum fóru sjóleiðina til baka í Stykkishólm. Þegar heim kom var slakað á í sundlauginni og heitu pottunum enda veitti ekki af. Seinna um kveldið var svo "gott kakó" í tjaldinu hjá Gunna-Thule gæja. Það yljaði vel.... Aftur var endað á Narfeyrarstofu.

Á sunnudeginum var sjómannadagurinn hér í Stykkishólmi og var vel við hæfi að mæta á okkar glæsilegu fleyjum í höfnina þar sem mikill fjöldi fólks var saman kominn. Sýndi Gunnar Tryggvason nokkrar laufléttar veltur við mikinn fögnuð áhorfenda.

Keppt var í kappróðri og má með sanni segja að sjaldan hafi keppni verið eins hörð, bæði í karla- og kvennaflokki.

Úrslitin urðu sem hér segir:

Kvennaflokkur:

1. Rita Hvönn Traustadóttir, Stykkishólmi
2. Dagrún Árnadóttir, Reykjavík
3. Ásthildur Sturludóttir, Stykkishólmi

Karlaflokkur:

1. Hlynur Sigursveinsson, Reykjavík
2. Gunnar Tryggvason, Reykjavík
3. Boris Philippe Germes, Stykkishólmi

Eftir að af sjó var komið fóru nokkrir og heimsóttu kaffi-og veitingahús staðarins og slökuðu á enda lék veðrið við gesti. Gestirnir fóru því heim með sælubros eftir virkilega skemmtilega helgi.

Við Hólmarar hlökkum til að sjá sem flesta að ári.

Við Kirkjuna í Bjarnarhöfn

Hildibrandur í Bjarnarhöfn

Hákarlin í vinnslu

Fólk gæðir sér á kræsingunum

Áning á leiðini

Ræðarar stinga saman nefjum

Stelpurnar slaka á

Ein létt lygasaga sögð í veitingatjaldinu

Bestu þakkir fyrir hönd þátttakenda í Stykkishólmi

Ásthildur Sturludóttir

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Galtarlækur 2002

Straumvatnsmenn fóru í sína árlegu ferð í Galtalækjarskóg helgina 7. til 9. júní. Þó veðurspáin hafi ekki verið glæsileg mættu á bilinu 20 - 30 manns til að sofa í tjöldum á svæðinu en voru um 40 þegar mest var. því sumir komu á laugardeginum bara til að róa.
Á föstudagskvöldinu skruppu nokkrir í leikfangaland til að bleyta í bátunum og njóta tilverunar á meðan aðrir unnu að því að setja í gang hoppikastala sem Gummi hafði tekið með úr bænum fyrir börnin.
Laugardagsmorgunin byrjaði ekki vel því það var ausandi rigning og rok snemma um morgunin sem breyttist síðan í sól og sælu um klukkan 9 og hélst þannig út helgina.
þegar menn voru búnir að koma í sig morgunmatnum var haldið niður í leikfangalandtil æfinga og voru menn þar vel fram yfir hádegið í sól og sælu. Um nónbil var síðan haldið upp með ánni með þá 21 af þeim hörðustu og til að róa frá Rjúpnavöllum að leikfangalandi. Gekk sú ferð að óskum og voru ræðarar því skælbrosandi þegar komið var í leikfangaland. Um kvöldið var síðan grillað sameiginlega ásamt því að fara í leiki. Síðan sátu menn og ræddu málin í ljúfu og góðu veðri fram á nótt. Á sunnudagsmorgninum stukku nokkrir eldhressir ræðarar fram úr og fóru annan róður niður ánna frá Rjúpnavöllum. Seinni part dags voru síðan allir komnir á stað til síns heima eftir mjög vel heppnaða helgi með félögunum í Glatalækjarskóg.

Við látum hér fylgja nokkrar myndir frá helgini og vonum að þær skýrir sig sjálfar.

pyranha



Við þökkum í lokin öllum þeim sem mættu á svæðið

KAYAKKLÚBBURINN

Straumfjarðarferð Kayakklúbbsins dagana 5. til 7. júlí

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Dagur 1.
Það var ætlunin hjá okkur félögunum að róa úr Borgarnesi, ja allavega frá Álftanesi, á föstudeginum. Veðrið var samt hálfleiðinlegt svo það varð úr að við keyrðum í Straumfjörð. Við vorum með þrjá "plastpoka" á toppnum á subarunum hans Skúla og ekki laust við að vindurinn kroppaði í þá. Þegar við komum í Straumfjörð var þar enga kayakmenn að sjá. Við vorum hálf undrandi og stóðum þarna eins og illa gerðir hlutir í nokkra stund. Nokkru síðar fór samt að drífa að Kayakmenn og fyrstan sáum við sjálfan Jóa "frænda" og síðan komu Gunnar og fleiri. Við vorum sammála um að róa ekki um kvöldið en vera þeim mun hressari morguninn eftir.

Kortin skoðuð

Dagur 2.
Það gekk ekki alveg eftir þar sem sumir vorum nú lausir við næturgrát í fyrsta skipti í nokkra mánuði og dröttuðust nokkrir ekki út úr tjöldum fyrr en klukkan seint. Um morguninn bættust Kalli og Gerður og Jón Ágúst og Heiða í hópinn.
Tólf lögðu frá landi um hádegið í brakandi góðviðri og logni og héldu fyrst í vestur og svo áleiðis norðvestur. Þetta svæði er alveg magnað kayaksvæði, óteljandi sker og sund og víða hvítur sandur bæði í fjöru og í botni sem gerir vatnið skemmtilega blátt. Ekki spillir fuglalífið heldur fyrir en bændur í Straumfirði hugsa vel um fuglana sína og var varla þverfótað fyrir kríuungum í fjörum, ritu á skerjum og lundum á eyjum. Við sáum alla vega þrjá erni sem virtust lifa góðu lífi í öllu ætinu sem og fálkinn sem fylgdist með okkur á heimleiðinni. Þó við heyrðum drunur í brimi var slétt og fellt á okkar leið. Við komum við í Knarrarnesi og ræddum við bændur. Aðallega um gildi arna. Svo var stefnan tekin á Geldingaey, eða við stöndum í þeirri trú. Þó að Skúli hafi haft fulla vasa af GPS punktum dugði það skammt því Tryggvi gleymdi GPS tækinu. En Jói mundaði kort og áttavita og við lentum og átum gott nesti og mikið af smjeri. Eftir nestisátið var haldið í austur og suðurátt og stefnan tekin til baka í búðir. Eins og fyrr sagði er þarna mýgrútur skerja og sunda og var nákvæmni herforingjaráðskortanna svona la la og því þurfti oft að funda og skoða kortin og reka fingur í veðrið. En trygg forysta leiddi okkur til baka og var heimleiðin engu síðri upplifun. Þegar ca hálftíma róður var eftir í búðirnar fór að rigna og rigndi mikið. Það rigndi enn um

áttaleytið þegar við tókum land og mikið frameftir kvöldi. Þetta var stórmerkilegt veður, rigndi lóðrétt! Voru menn farnir að tala um að þetta stefndi pylsuáti í hættu. En það stytti upp um síðir og þeir sem gistu skriðu þurrir og mettir í poka. Aðrir héldu heim.

Brottför

Dagur 3.
Nú var ekki leyfilegt að sofa frameftir (sem sumum tókst þó) og voru sex ræðarar komnir á flot um níuleytið og héldu í suðaustur meðfram ströndinni. Fljótlega blöstu við í sólinni langir hvítir sandar og var þar alda og brot. Jói benti okkur á að þarna væri upplagt að æfa viðbrögð við broti. Það þurfti ekki að segja okkur það tvisvar og við fórum stax að hliðarsörfa. Þó að aldan væri ekki há tókst henni samt að pródúsera tvær veltur. Þar VAR farið í manngreinarálit. En veðrið var gott og ströndin hvít, svo þetta var meira eins og busl á baðströnd í Portúgal. Mikið stuð þarna. Við rerum austur að ósnum við Álftanes og tókum þar pissustopp. Á góðu stórstraumsflóði er hægt að róa langt inn í landið og finna sífellt nýjar skemmtilegar leiðir. Nú var Tryggvi orðinn stressaður fyrir barnaafmælið sem hann var að fara halda og við fórum að dóla til baka. Við rerum nánast uppi í fjörunum til baka og tókum á okkur hvert "brotið" á fætur öðru. Á hádegi voru skipin komin á land og við þremenningarnir tilbúin til heimferðar.
Þetta var alveg stórfín helgi.

Í Geldingaey

Gunnar

Heiða

Heiða og Gerður

Jói

Kalli

Hjúin Kalli og Gerður

Við Knarrarnes

Grenjandi rigning

Ferðasaga
Baldur Eiríksson, Skúli Magnús Þorvaldsson og Tryggvi Már Gunnarsson

Myndir
Jón Ágúst Guðjónsson
Karl Geir Arason
Baldur Eiríksson
og
Grétar Marteinsson

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Austari Jökulsá
Jónsmessan 2002

Hérna eru fyrstu myndirnar úr ferð félaga úr kayakklúbbnum niður Austari jökulsá í Skagafirði.
Þær verða bara að skýra sig sjálfar í bili.
Þess má þó geta að tvö met voru slegin í ánni sem voru: 15 manns á kayak í ánni í einu og að HREFNA VARÐ FYRSTA ÍSLENSKA KONAN TIL AÐ RÓA ALLA ÁNNA Í KAYAK !

Við þökkum Anup og Dóra alveg kærlega fyrir leiðsögnina niður ánna



Týndur

Þriggja stalla

Carlos

Týndur

Hrefna varð um Jónsmessu helgina fyrsta íslenska konan til að róa Austari - Jökulsá í kayak

Týndur

Jón norðan-Heiðar

Týndur



Þriggja stalla

Jói Kojak

Þriggja stalla

Anup

Þriggja stalla

Hilmar WS

Týndur

Þriggja stalla

Siggi Óla

Týndur

Þriggja stalla

Gummi

Týndur

Alli

Týndur

Vekjaraklukkan

Dóri

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Siglingadagar 2002 á Ísafirði

Nú er lokið Siglingadögum 2002 á Ísafirði og er óhætt að segja að vel hafi tekist til.
Dagskráin hófst með námskeiði í smíði grænlenskra kajaka og var fullbókað á námskeiðið. Þeir Aapangjujuk Jakobsen og Ole Petrussen sýndu okkur grænlenskt handbragð sem var ansi frjálslegt á köflum. Ekki var mikið um mælingar með hefðbundnum málböndum, heldur var notast við þumlunga og fingurbreiddir. En á endanum urðu til fimm glæsilegir kajakar sem eiga vafalaust eftir að fljóta vel og lengi. Ekki er ólíklegt að leikurinn verði endurtekinn að ári.
Á laugardeginum var kajak keppni og var þátttakan upp og ofan. Söknuðum við þátttakenda annarstaðar af landinu. Ekki það að heimsókn þeirra hefði breytt einhverju um úrslitin...
Róið var sömu leið og í fyrra þ.e. lengri leggurinn (10 km) frá Hnífsdal í Arnarnes og þaðan inn á Ísafjörð og styttri leggurinn (6,5 km) var frá Arnarnesi inn á Ísafjörð.

Úrslitin voru sem hér segir

10 km karla

1. Sveinbjörn Kristjánsson 56:11
2. Halldór Sveinbjörnsson 56:13
3. Gunnar Tryggvason 59:25
4. Sigurður P. Hilmarsson 59:54
5. Magni H. Jónsson 1:00:03
6. Guðmundur Harðarsson 1:00:19
7. Aapangjujuk 1:13:22
8. Sævar Hafberg 1:13:25

6,5 km karla

1. Baldur Pétursson 36:24
2. Stefán Dan 36:57
3. Hörður Högnason 38:55
4. Gylfi Ólafsson 1:03:05

6,5 km kvenna

1. Elísabet Finnbogadóttir 44:27

Fátt var um fína drætti í kvennaflokkunum og auglýsum við hér með eftir valkyrjum til að taka þátt að ári.
Á sunnudeginum var bátadagur fjölskyldunnar sem heppnaðist framar vonum.
Rauntölur segja að á milli 300 ? 400 manns hafi mætt í fjöruna til að prófa kajaka, seglbáta, skútur, sjóskíði og sjóstangaveiði. Einnig var vinsælt að fylgjast með smíðanámskeiðinu.
Helgina 26. ? 28. júlí var kajaknámskeið í Reykjanesi með þeim Pétri og Halldóri. Vegna góðrar þátttöku voru tveir aðstoðarstýrimenn (Gunni ogSveinbjörn) fengnir til aðstoðar. Þátttakendur voru 15 og sneru allir heim uppfullir af fróðleik um kajaksportið.
Bátaballið í Ögri heppnaðist líka framar vonum þrátt fyrir að töluverð súld var í lofti. Var því búist við að færri myndu láta sjá sig í ár en samkomuhúsið er lítið og er maður "að borga sig inn til að standa úti" eins og einhver sagði. En húsið fylltist og þurfti hinn eini sanni Eiríkur Fjalar frá Strandseljum að hafa sig allan frammi dyragæslunni....!

Siglingadagar eru svo sannarlega komnir til að vera og á næsta ári verður þetta enn veglegra. Margar hugmyndir hafa kviknað en þeim verður ekki flaggað hér í bili. Meira um það síðar...

Rúnar Óli Karlsson
Atvinnumál - umhverfismál
Ísafjarðarbæ



KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Langisjór 2002

Helgina 17-18 ágúst 2002 stóð kayakklúbburinn fyrir ferð um Langasjó sem er 20km. langt fjallavatn við rætur Vatnajökuls.

Alls voru 19 kajakræðarar sem tóku þátt í ferðinni sem var frábærlega vel heppnuð í einstakri veðurblíðu.



Þessi ferð var að öllu leiti skipulögð á vef og korki klúbbsins. Það var frábært hvað það virkaði vel og eru félagsmenn hvattir til að nýta sér korkinn við skipulagningu ferða.

- þráður ferðarinnar -

Flestir mættu á tjaldstæðið í Hrífunesi á föstudagskvöldið en nokkrir komu á laugardagsmorguninn.

Ekið var frá Hrífunesi á laugardagsmorgninum sem leið lá um Fjallabak niðri meðfram Skaftá, framhjá Eldgjá og að syðri enda Langasjós þar sem ferðin hófst.

Gert klárt

Gert klárt

Ágætt veður var við upphaf ferðar skýjað og logn. Stoppað var á nokkrum stöðum á leiðinni m.a. í Fagrafirði og við útfallið.

Reynir Tómas og frú

Bjössi

Fyrsta kaffistopp

Fyrsta kaffistopp

Fyrsta kaffistopp

Hellaskoðun

Gummi hellisbúi



Siggi

Í mynni Fagrafjarðar

Við útfallið - ekki er mikið undirlendi við hlíðar fögrufjalla

Við norðurendann var slegið upp tjaldbúðum á eyrum en undirlendi er ekki mikið við langasjó nema þarna.
Slegið ver upp mikilli grillveislu og að henni lokinni var gengið á fjöll en útsýnið þarna ef mikilfenglegt.

Rammvilltir straumvatnsræðara

Um kvöldið var setið við varðeld og sagðar frægðarsögur.

Zzzzzzzzzzz

Á sunnudeginum var ekki ský á himni logn og hiti. Rölt var aðeins meira á fjöll áður en lagt var að stað til baka upp úr hádegi.

Bátar í fjörunni við tjaldstæðið

Skaftárjökull

Anna María og Gummi

Bíbí

Hópurinn að leggja af stað frá tjaldstæðinu

Stoppað var í Fagrafirði á leiðinni til baka þar sem hópurinn lá í sólbaði í góða stund.

Í sól og sumaryl

U.þ.b. 5 tíma róður var í bílana og var lokinni frábærri ferð um einn fegursta stað Íslands.

Stærstur hluti hópsins fór sömu leið til baka niður að hrífunesi en aðrir fóru í Landmannalaugar í heita lækinn.

myndir: Einar - Hildur - Jón Örn

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Hvammsvíkurmaraþon 2002

Eftir að menn höfðu litið til veðurs og ákveðið að fært væri á sjóinn var ræst í fjórða Hvammsvíkurmaraþoni Kayakklúbbsins, keppendur voru aðeins 12, enda hafði veðurútlit verið vont og kom á daginn að skilyrði voru með versta móti við Kjalarnesið, úfinn sjór og strekkings vindur. Þar sýndu menn góðan keppnisanda og stoppuðu fyrir mönnum sem lent höfðu í sjónum og hjálpuðu þeim í bátana aftur.

Strax í upphafi tók Sveinbjörn Kristinsson maraþonmeistari frá í fyrra forystuna og hélt hanni til enda og sigraði keppnina með yfirburðum, kom í mark á tímanum 4:42:54, annar var Baldur Pétursson á tímanum 5:07:37 og þriðji var Guðmundur Breiðdal á tímanum 5:14:41. Aðeins tók einn kvenmaður þátt og er það í fyrsta skipti sem kona líkur þessu maraþoni en hún heitir Wendy Killoran og kom í mark á tímanum 6:42:44 en hún kom frá Kanada sérstaklega til að taka þátt í þessu maraþoni.

Erfitt er að bera saman tíma og meta besta árangur, því skilyrði geta verið afskaplega misjöfn, en besta brautartíma á Halldór Sveinbjörnsson 4:32:30 sett árið 2000

Sveinbjörn Hrafn Kristinsson	Inuk	01:59:00	01:29:50	01:14:04	04:42:54
Baldur Pétursson	Buccaner	02:10:10	01:36:15	01:21:12	05:07:37
Guðmundur Breiðdal	Viviane	02:18:30	01:34:25	01:21:46	05:14:41
Sigurður Pétur Hilmarsson	Seawolf	02:14:30	01:43:20	01:24:33	05:22:23
Hlynur Sigursveinsson	Sardina	02:32:25	01:52:35	01:30:08	05:55:08
Gunnar Tryggvason	Sardina	02:32:00	01:51:00	01:32:08	05:55:08
Halldór Sveinbjörnsson	Inuk	02:40:40	02:15:33	01:46:31	06:42:44
Wendy Killoran	Sardina	03:04:00	01:52:30	01:46:14	06:42:44
Bragi Þorsteinsson	Capella	02:41:00			
Páll Gestsson	Kitywec	02:56:10			
Ólafur Árnason	Fransisconi	02:56:50			
Sigurður Páll Ragnarsson	Kitywec				

Baldur við Kjalarnes

Sveinbjörn í fyrsta stoppi

Baldur að hlaða í sig orku

Einn kemur þá annar fer

Samlokuát í fyrsta stoppi

Dóri gefur Pétri skýrslu

Sveinbjörn sigurvegari annað árið í róð

Baldur í öðru sæti

Guðmundur Breiðdal í þriðja sæti

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Sjóbátar sumarið 2002

Þingvallavatn 26-05 02.
Sex hressir ræðarar réru frá Valhöll út í Sandey. Ferðin fram og til baka tók um 4,5 klst í rólegum róðri en þetta eru um 16,8 km leið.
Veðrið lék við okkur allan tíman og út í Sandey var hitin örugglega hátt í 20° í það minsta voru allir að bráðna þegar þangað var komið.

Kveðja Einar.

Ég tók myndir 1, 2, og 3, við Nafirnar vestan Grenivíkur. Á nr,1 er Hörður að róa framhjá skerinu Brúnku, nr 2, er hann á leið vestur í Kvígudali og á heimleið á nr, 3. Á síðustu myndinni eru þrír kappar rétt utan við Hestinn, og sést í Grenivík í kvöldsólinni þegar við komum úr Svínárnesferðinni í vor, en það vantar svolítið uppá myndgæðin því það var móða á linsunni hjá mér.

Kveðja Gundi.

Hérna eru nokkrar myndir úr hreint frábæri ferð sem við fórum á þingvallavatn 29. júní.
Látum myndirnar tala sínu máli.

Kveðja Einar.

Hérna eru nokkrar myndir frá Finni Sigurðssyni sem voru teknar í miðnæturróðri frá Ólafsfirði.

Hér eru nokkrar myndir sem ég tók mánudaginn 19.maí í rjómablíðu, við rérum frá Geldinganesinu og hringin í kringum Viðey og hringinn í kringum Geldinganesið. Róðurinn tók ca 2 tíma í rólegum róðri.
En látum bara myndirnar tala sínu máli.

Kveðja Grétar

Um leið og við þökkum þeim félögum fyrir myndirnar þá hvetjum við félaga til að senda myndir eða ferðasögur til okkar.
Þær munu síðan birtast hér á þessiri síðu svo þið verðið bara að fylgjast með hvort það bætist ekki reglulega í myndasafnið.

Sendið þær á : gjb@simnet.is

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Myndir frá Arnarstapa á Snæfellsnesi

Þau Kristjón og Steinvör félagar í klúbbnum fóru upp á Snæfellsnes í sumar og tóku þá þessar myndir þegar þau réru við stöndina kringum Arnarstapan.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2002
Korkur
Veltan
English
Póstur

Lagarfoss rodeo

Leppin
-bragðast betur-

Opin flokkur

1. sæti **Pies Smith** (Perception) England
2. sæti **Stephan Busiere** (Rainbow) Frakkland
3. sæti **Anup Gurung** (Wavesport) Nepal
4. sæti **Jim Pierce** (Perception) England
5. sæti **Sigurður Ólason** (Dagger) Íslandi
6. sæti **Xavier Honor** (Rainbow) Frakkland
7. sæti **Davíð Marinós** (Wavesport) Ísland
8. sæti **Gunnlaugur Magnússon** (Wavesport) Ísland
9. sæti **Reynir Óli Þorsteinsson** (Wavesport) Ísland
10. sæti **Jón Heiðar Andrésson** (Dagger) Ísland
11. sæti **Guðmundur Jón Björgvinsson** (Pyranha) Ísland
12. sæti **Hilmar Þór Kristinsson** (Dagger) Ísland
13. sæti **Björn Traustason** (Wavesport) Ísland
14. sæti **Jón Heiðar Rúnarsson** (Riot) Ísland
15. sæti **Garðar Jóhannesson** (Wavesport) Ísland
16. sæti **Jóhann Geir Hjaltarson** (Dagger) Ísland
17. sæti **Johan W. Holst** (Riot) Noregur
18. sæti **Jón Skírnir Ágústson** (Dagger) Ísland
19. sæti **Sigurður Rúnar Guðmundsson** (Dagger) Ísland
20. sæti **Garðar Sigurjónsson** (Wavesport) Ísland
21. sæti **Magnús Hallgrímsson** (Dagger) Ísland

22. sæti Sigurður Þórsson (Prijon) Ísland

arctic RAFTING
www.arcticrafting.is
south iceland

Flokkur áhugamanna

1. **sæti Sigurður Ólason** (Dagger) Íslandi
2. **sæti Davíð Marinós** (Wavesport) Ísland
3. **sæti Gunnlaugur Magnússon** (Wavesport) Ísland
4. **sæti Reynir Óli Þorsteinsson** (Wavesport) Ísland
5. **sæti Jón Heiðar Andrésson** (Dagger) Ísland
6. **sæti Guðmundur Jón Björgvinsson** (Pyranha) Ísland
7. **sæti Hilmar Þór Kristinsson** (Dagger) Ísland
8. **sæti Björn Traustason** (Wavesport) Ísland
9. **sæti Jón Heiðar Rúnarsson** (Riot) Ísland
10. **sæti Garðar Jóhannesson** (Wavesport) Ísland
11. **sæti Jóhann Geir Hjaltarson** (Dagger) Ísland
12. **sæti Johan W. Holst** (Riot) Noregur
13. **sæti Jón Skírnir Ágústson** (Dagger) Ísland
14. **sæti Sigurður Rúnar Guðmundsson** (Dagger) Ísland
15. **sæti Garðar Sigurjónsson** (Wavesport) Ísland
16. **sæti Magnús Hallgrímsson** (Dagger) Ísland
17. **sæti Sigurður Þórsson** (Prijon) Ísland



WAVE SPORT

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur

Fréttir og á döfinni
Uppfært 29. október 2004

Kork vandræði klúbbsins

Eins og kayakmenn og konur hafa líkast til tekið eftir er korkurinn okkar er bilaður og virðist ekki ætla að lagast og vil ég því benda spjallfúsum kayakmönnum á að eftir helgi munum við kynna fyrir ykkur glænýja heimasíðu klúbbins sem er alveg að verða til. Hún er með mjög glæsilegum kork og sölusíðu og ef vilji er fyrir því hjá stjórn klúbbsins mun ég birta slóðina á þann kork hér um helgina en annars verða menn bara að bíða rólegir og anda með nebbanum því þetta er allt að koma :)

En þangað til getið þið fest inni hjá ykkur að nýja heimasíða klúbbsins er á en hún vísar ykkur bara hingað eins og er :)

www.kayakklubburinn.is

Kv. Gummi J.

Lokastaðan í keppnini um kayak íslandsmeistaratitlana

meira

Myndir úr klúbbferð á Fellsströnd og í Breiðafjarðareyjar norðan Breiðasunds og Hvammsfjarðarrastar 6.-8. ágúst.

meira

Sölu
Kayal
Sa
Stykk

Meira um ferðin er hérna

meira

---

13. – 15. ágúst, Langisjór.

Næstu helgi 13. - 15. ágúst er komið að ferðinni á Langasjó. Það lítur út fyrir frábært róðrarveður og eru allir sem hafa áhuga á að koma með hvattir til að tjá sig á vefnum og koma við á fimmtudagskvöldið í Geldinganesi þar sem aðstaða klúbbsins er og ræða málin.

Á föstudeginum síðdegis, safnast menn saman saman í Hrífunesi. Gist verður þar í tjöldum um nóttina og síðan ekið að Langasjó snemma á laugardag. Róið um vatnið og inn í botn gengið þar um og gist um nóttina og síðan róið til baka á sunnudeginum. Þetta er feikna fallegt svæði og gaman að róa þarna.

Við verðum með kerru undir bátana og menn eru hvattir til að sameinast í bíla sem ráða við akstur þarna inneftir.Skipulagning á ferðinni fer fram á korkinum og eru menn beðnir að gefa til kynna sem fyrst hvort þeir ætla með og hverjir geta boðið far og hverjum vantar far.

Tengiliður ferðanefndar vegna ferðarinnar er Jón Ágúst.

Myndir og ferðasaga

meira →

Straumfjörður 2004

meira →

2.-4. júlí Straumfjörður.

Nú er komið að árlegri klúbbferð í Straumfjörð á Mýrum, ferð þar sem sjókayakmenn koma saman og þeir reyndari leiðbeina þeim sem minni reynslu hafa. Búið er að panta gott veður. Allir eru velkomnir, hvort sem þeir eru klúbbfélagar eða ekki.

meira →

Tungufljóts "EXTREME RACE"

meira →

Jónsmessumót í Hvammsvík

meira

Úrslit á Eiríks rauða 2004

meira

Reykjavíkurbikarinn

Keppnini er lokið og úrslit eru komin á netið þið getið skoðað þau með því að smella á tengilin hér fyrir neðan

meira

Elliðaár Rodeo

Úrslitin eru loksins komin :)

meira

Reglur um stigagjöf til Íslandsmeistara í kayakróðri 2004

meira →

Þá er loks búið að uppfæra æfingar og námskeið, vinsamlegast kynnið ykkur sundlaugaræfingar vorsins hér vinstra megin.

Sundlaugarnefndin

Á kajak í Chile

Ferðasaga frá Reyni Tómasi

meira →

Dagskrá 2004

Búið er að setja á vefinn dagskránna fyrir 2004. Enn eru þó nokkrir liðir ófrágengnir og að sjálfsögðu er öllum velkomið að koma með tillögur að breytingum.

meira →

Siglingadagar á Ísafirði

Þá eru viðburðir á komandi sumri farnir að hlaðast inn hjá okkur og vilja Ísfirðingar minna á siglingadaga á komandi sumri.

meira →

Á neðangreindur umræðþráðum vill stjórn kayakklúbbsins fá umræðu um starfsemi klúbbsins

Umræða um ferðir Kayakklúbbsins
Umræða um æfingar Kayakklúbbsins
Umræða um keppnir Kayakklúbbsins
Umræða um félagsfundi Kayakklúbbsins
Umræða um kynningastarf Kayakklúbbsins

Finnst þér vanta nýtt efni á heimsíðunasíðuna ?

Ekki sitja einn/ein úti í horni og kvarta sendu okkur heldur einhverjar góðar myndir og frásögn og við sjáum svo um að birta það fyrir þig



Bara að ýta á bréfið og senda :c)

Ferðasaga og myndir úr Klúbbferð á Hvítárvatn í enda ágúst

meira➔

Laxá í Þingeyjasýslu

Dáðadrengirnir í Old boy´s fóru norður í land til að viðra gæludýrið sitt (sjóhundinn).

meira➔

Hvammsvíkurmaraþon 2003

Úrslit og myndir

meira➔

Jökulsá austari í júní

Old boy´s skelltu sér í austari í júní

meira➔

Austfirðir 2003 (Í kjölfar Kjarvals)

Snorri er búinn að taka saman ferðasöguna og safna saman myndum frá öðrum.

Þetta hefur greinilega verið Toppferð.

meira

Ferðasaga úr Hvalfirðinum

meira

Hurley 2002 síðbúin ferðasaga

meira

---

25. júní –2. ágúst, Flatey og Breiðafjarðareyjar

Við verðum í Flatey 25. júní til 2. águst.

Áætlað er að fara dagsferðir á virkum dögum svo fólk getur komið inní dagskránna hvenær sem er.

Um helgina viljum við fara lengri ferð og gista einhversstaðar á leiðinni.

Þá myndum við fara og heimsækja Hvallátur, Svefneyjar, Sviðnur og jafnvel bræðurna í Skáleyjum.

Við gerum ráð fyrir að leggja af stað um eittleitið á laugadag svo fólk sem kemur með fyrri ferð Baldur nær því.

Á sunnudeginum fer Baldur um 20.30 frá Flatey svo við verðum komin vel fyrir þann tíma.

meira →

Raðróður um Faxaflóa

21. júní: Raðróðurinn heldur áfram og er tilvalið að nota tækifærið og sjósetja á laugardagsmorgnum í góðum félagsskap.

Róið var um strandlengju Botnsflóans.

Ræðarar voru Baldur Eiríksson, Óttar Kjartansson, Skúli Magnús Þorvaldsson og Tryggvi Már Gunnarsson.

meira →

Reykjavíkurbikar.

Úrslit og myndir úr keppnini

meira →

Elliðaárrodeo 2003

Myndir og úrslit eru komin á heimasíðuna

meira →

Ársskýrsla Kayakklúbbsins 2002

Skýrslan er komin á vefinn

meira →

Hvað eru menn búnir að vera að brasa síðan um áramót

Skoðið þessar myndir

meira →

Elliðaár í febrúar 2003

Nokkrir galvaskir sveinar úr klúbbnum skelltu sér niður Elliðaárnar í fárviðrinu 16. febrúar og höfðu gaman af.

meira →

Lagarfoss Rodeo

Það eru komnar myndir frá Rodeoinu

meira →

Fréttir frá Nýja Sjálandi

Þeir Reynir Óli, Jón Heiðar (sunnan) og Birkir eru þessa dagana andfætlingar okkar og eru að dunda sér við að róa allar helstu ár í Nýja Sjálandi.
Þeir hafa sett upp myndasíðu þar sem þeir setja reglulega inn allar nýjustu myndirnar.

Ef þú ýtir á tengilin hér fyrir neðan þá kemstu beint inn á myndasíðuna

meira →

Myndir frá Arnarstapa á Snæfellsnesi

meira →

Derhúfur fyrir kayakklúbbsmenn

Búið er að útbúa derhúfur merktar klúbbnum.

Verð á húfu er 900kr. Hægt er að fá húfu senda i pósti og kostar hún þá 1000kr. með sendingarkostnaði.

Ef þú hefur áhuga á að eignast Kayakklúbbsderhúfu hafðu samband við: jon@logic.is

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Elliðaárnar í flóði sunnudagin 16. febrúar

Það voru nokkrir galvaskir sveinar sem ákváðu sunnudagin 16. febrúar að láta sig vaða niður Elliðaárnar í flóði sem var í ánum.
Þar var hið fræga sóðagengi á ferð ásamt Gulla Magg og Sigga Óla.

Gummi sóði massar hina frægu gúmmaraholu

Örlitlu seinna náði hann rétt að búffa fram af þessum fossi

Þá var komið að Sóða #1 eða Jóni Skírni

Hér tekur hann fína línu

Eða hvað ?

Síðan pinnaðist Sóðinn fastur við stein :(

Og útkoman var blóðugur og alsæll Sóði sem öskraði stöðugt
"þetta var hart"

Það náðust því miður ekki neinar myndir af Sigga og Gulla taka þenna massífa kafla í ánni en hér eru þeir alsælir eftir átökin

Síðan fór hópurinn í leikholuna og hér "veivvílar" Gulli inn í holuna

Siggi Óla tekur byrjun á Kartweel

Jóni skolar út á "endanum"

Gulli í 360°

Robson auglýsing ?

Gummi í Sidesurfi

Gulli að gera bara einhvað :)

Siggi í "veivvíli"

Kartweel

Gummi með "Enda"

Kartweel ala Jón sóði

Gulli í "enda"

Siggi að Massa þetta eins og hann einn getur

Gummi með "back surf"

Papparatsí ljósmyndarinn flýr af hólmi eftir að hafa tekið myndir af lögbrjótunum sem voru að róa í Elliðaánum

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Hvað eru menn búnir að vera að brasa í vetur !

Félagar í kayakklúbbnum hafa verið ansi duglegir að róa í vetur og má hér sjá nokkrar myndir frá æfingum félagsmanna undanfarið.

Gulli Magg gerðist kvikmyndastjarna í vetur og er núna róandi sem Birgitta í Rís auglýsingum.....

Myndir: Steini formaður

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur

Hurley rodeo 2002

Planið

Fimmtudagur 28 febrúar
Flogið til London, farið í kayakbúð, ekið til Nottingham

Föstudagur 1 mars
Kayak Nene Northampton, http://www.nenewhitewatercentre.co.uk/

Laugardagur 2 mars
Til London - Rodeo

Sunnudagur 3 mars
Rodeo

Mánudagur 4 mars
Heim

Skipulagningin
http://this.is/kayak/hurley2002/hurleyrodeo2002.htm

Jæja. Þá komumst við loksins á stærsta rodeo englands, í annari tilraun en árið áður var rodeoinu aflýsi daginn áður en við ætluðum að halda utan en gin og klaufaveiki tröllreið þá englendingum.

Góður hópur var þarna saman kominn: Steini formaður, Hilmar WS Gummi bear, Björninn, Kiddi Selfyssingur og doktorinn Sverrir.

Nokkrir bátar voru með í för og hér er Hilmar við oversize færibandið

Bíllinn okkar renó eitthvað

kafteinn Steini sá um aksturinn enda full þörf á þotuprófi til að keyra vitlausu megin

Við byrjuðum að vanda í búðinni hjá George http://www.whitewaterthecanoecentre.co.uk/ en þar eru íslendingar ávallt mjög velkomnir

Sverrir að máta Sveet

Gummi fallinn fyrir græna pyrana bátnum (sem hann keypti) Hilmar að borga yfir skrýtnum bát sem heitir ekki WS (hvar skyldi þessi bátur vera nú ?

Steini búinn að gera leynisamning við George

On the road again

George fór með okkur að róa í Thames. hættulegt .....

Gummi á nýja bátnum

hættulegt hvað? Algert prump (alla vega lyktin af vatninu)

George á C1 (liggja á hnjánum í bátnum með eins blaðs ár)

Kiddi

Bjössi

hilmar í enda

Gummi, flott brú á bakgrunninum

George kvaddur, þessi staður í thames var ekkert svakalegur en fallegt umhverfi og gott veður bætti það upp.

Á leiðinni í Nene sem er tilbúin braut í Northampton
http://www.nenewhitewatercentre.co.uk/

Loftmynd af brautinni

Hilmar að gera klárt

Doktorinn á hlaupum, hann var ekki að fara að keppa heldur þarf að borga til að fá að fara í brautina og var númerið vegna þess

Hilmar

Efst í brautinni, tvær þelur voru í gangi þegar kayakar voru en þrjár þegar raftað var.. Já.. RAFTAÐ

Sverrir

hilmar

Sverrir að boofa

Sverrir í vandræðum

Þarna kemur svo raftinn (costa del sol gúmmíbátur) þau fóru margar ferðir niður brautina en hún er í hring og endar firir neðan byrjunarstaðinn.

Kátir

Á leiðinni til Hurley tókum við einn hring á Silverstone . tíminn: margar mínútur

Loks komnir á Hurley og degi farið að halla

Eitthvað komum við víst á vitlausum stað að ánni en íslendingar redda sér

Allver að koma

Við náðum í lokin á undanúrslitum í C1 á laugardeginum, það var allt í lagi þar sem aðal keppnin var á sunnudeginum

Gúmmítuðra að bjarga sundmönnum

keppandi C1

Í myrkrinu fór síðan fram keppni á tveggja manna bátum

þá var að koma sér til baka í myrkrinu, Úpps hvaða hús er þetta

Helv. þjóvavarnarkerfið farið í gang... hlaupum. ekkert má í þessu englandi

partíið

Á laugardagskvöldinu var hið margumfræga rodeopartí sem var að sjálfsögðu stór partur af keppninni. Við þangað

Ég stal vinna ykkur í einhverju (ekki kayak)

þarna var fullt að frægum ræðurum t.d. Deb Pinninger heimsmeistari kvenna

Steini og Kiddi (heimsfrægir á íslandi)

Bakarinn og frú



Jesú.... amen

Jason sem "jason falls" í Skjálfandafljóti er nefndur eftir

Andy phillips, Hilmar og Doktorinn

Drífum okkur heim, ég er búinn að fá nó

Rodeoið

Á sunnudeginum var svo aðal keppnin og við mætti í bítið

Bærinn Hurley

Steini og kiddi á bílastæðinu við hurley

Allveg að koma

Stíflan

Upphitun

Upphitun

Deb í holunni

keppnin

Trikkakeppni

Pies "íslandsvinur" með besta "old school" trikkið

Þessir kappar gátu kartvílað endalaust

Biðröð

Allt búið

Kiddi og hilmar ánægðir í ferðalok

Maður er nú bara orðinn hálf ruglaður á þessu öllu. ég er farinn HEIM

Baldur og Guðmundur Breiðdal æfa veltur og félagabjörgun í skítakulda við Geldinganes.

Myndir : Karl Geir Arason

Sjóhundurinn svissar yfir í straumvatnið og stígur sín fyrstu skref í Elliðaánum undir leiðsögn Sóðana

Myndir: Einar

Jón Sóði #1

Jói Kojak á nýja WS Big E-Z bátnum

Gummi Sóði #3

Dry roll !!!

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Elliðaárrodeo 2003

Hið árlega Elliðaárrodeo Kayakklúbbsins var haldið föstudaginn 25. apríl í kælivatnsholuni í Elliðaánum.
Veðurguðirnir léku við hvern sinn fingur og voru tilþrifþeirra 20 keppenda sem mættu til leiks eftir því góð og til tilbreytingar þá mætti ein stelpa til keppni og mættu því kynsystur hennar fara að láta sjá sig á komandi rodeomótum.
Steini og Dóri sáu um keppnisstjórn en allur undirbúningur keppninar var í höndum keppnisnefndar kayakklúbbsins, Orkuveitan sá síðan um að skaffa magnað vatnsmagn í ánna sem hefur sjaldan eða aldrei verið betra á rodeomótum sem haldin hafa verið í kælivatnsholuni.

Úrslit í keppnini voru eftirfarandi :

1. Sigurður Ólason Kayakklúbbnum Dagger
2. Anup Nökkvi Wavesport
3. Björn Traustason Kayakklúbbnum Wavesport
4. Reynir Óli Þorsteinsson Kayakklúbbnum Wavesport
5. Guðmundur Jón Björgvinsson Kayakklúbbnum Pyranha
6. Gunnlaugur Magnússon Kayakklúbbnum Wavesport
7. Aðalsteinn Möller Kayakklúbbnum Dagger
8. Kristján Sveinsson Kayakklúbb Hveragerðis Wavesport
9. Jón N-Heiðar Nökkvi Riot
10. Guðmundur Kayakklúbb Hveragerðis Rainbow
11. Garðar Hrafn Sigurðsson Kayakklúbbnum Wavesport
12. Bragi Þorsteinsson Kayakklúbbnum Dagger
13. Jóhann Geir Hjartarson Kayakklúbbnum Wavesport
14. Johan W. Holst Kayakklúbbnum Riot
15. Davíð Elvar Kayakklúbbnum Dagger
16. Sigurður Þórsson Nökkvi Prijon
17. Hilmar Þór Kristinsson Kayakklúbbnum Dagger
18. Magnús Hallgrímsson Kayakklúbbnum Pyranha
19. Sigurður R. Guðmundsson Kayakklúbbnum Pyranha
20. Helga Björt Möller Kayakklúbbnum Wavesport

Ef menn vilja síðan fá betri útlistun og stigagjöf er þeim bent á að snúa sér til Steina formanns og senda honum e-mail á kayak@islandia.is

Aðalsteinn Möller var Svalasti ræðari mótsins og verður seint skákað

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá

Korkur

Veltan

English

Póstur

Reykjavíkurbikar

Úrslit í Reykjavíkurbikar 2003

Karlar á Trefjabátum 10,5 km

Bátur Tími
nr.1 Sveinbjörn Kristjánsson, Inuk, 01:05:10
nr.2 Halldór Sveinbjörnsson, Inuk, 01:05:10
nr.3 Ólafur Th Árnason, Esplora, 01:06:44
nr.4 Sigurður P Hilmarsson, Sea Wolf, 01:10:40
nr.5 Hákon Halldórsson, Koniak, 01:10:45
nr.6 Gunnar Sæmundsson, Sardina, 01:11:20
nr.7 Gunnar Tryggvasson, Sardina, 01:11:38
nr.8 Hlynur Sigursveinsson, Sardina, 01:11:49
nr.9 Guðjón Jóhannsson, Koniak, 01:11:52
nr.10 Richard Fraser Yeo, Koniak, 01:11:55
nr.11 Sævar Úlfarsson, 01:12:08
nr.12 Páll Gestsson, Kitiwec, 01:13:42
nr.13 Gunnar Björgvinsson, Sea Wolf, 01:17:25
nr.14 Jóhann Kjartansson, Kitiwec, 01:17:27
nr.15 Baldur Pétursson, Bucchaneer, 01:17:53
nr.16 Sigurður Sigurjónsson, Yukon, 01:19:51
nr.17 HávarðurTryggvason, Nova, 01:35:24
nr.18 Reynir Tómasson, Quajaq

Einstaklings kvenna 10;5 km

Karlar á plastbátum 10,5 km
nr.1 Mads Sircstedt, Seyak, 01:10:47
nr.2 Kári Þorsteinsson, Kodiak, 01:12:40
nr.3 Grétar Marteinsson, Capella, 01:12:58
nr.4 Bragi Þorsteinsson, Capella, 01:13:01
nr.5 Silas Bruun, Seyak, 01:16:58
nr.6 Hörður Kristinsson, Kodiak, 01:18:40
nr.7 Óskar Jónsson, Nova, 01:24:56

Karlar 3,5 km
nr.1 Kristinn Benediktsson, Lettmann, 00:25:29
nr.2 Ólafur Þorláksson, Perception, 00:26:07
nr.3 Stefán A Stefánsson, Capella, 00:26:33
nr.4 Zeljko Popovic, Necky, 00:26:37
nr.5 Jón Örn, 00:26:50
nr.6 Bogi Örn Emilsson, Hassler, 00:27:09
nr.7 Haukur Magnússon, Lettman, 00:27:20
nr.8 Magnús Bergsson, Lettmann, 00:27:43
nr.9 Ágúst I Sigurðsson, Heimasm, 00:28:23
nr.10 Kristinn Örn Sigurjónsson, Valley, 00:38:26

Kvennfólk 3;5 km
nr.1 Hildur Nilsen, Viking Lv, 00:26:50
nr.2 Steinunn Sveinsdóttir, Quajaq, 00:32:15
nr.3 Lisa Guðjónsdóttir, Buckhaneer, 00:32:39
nr.4 Hrafnhildur Garðarsdóttir, Nigel Dennis, 00:38:31

Yngsti keppandi mótsins Kristinn Örn Sigurjónsson 11 ára kemur hér í mark

Myndir Steini og Jón Örn

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur

Raðróður um Faxaflóa

Uppfært 30. júní 2003

Kayakklúbburinn gengstfyrir róðrum á laugardagsmorgnum undir nafninu Raðróður um Faxaflóa. Róðurinn hófst við Garðskaga og fyrirhugað er að enda við Hellnar á Snæfellsnesi einhverntímann árið 2003.

Allir félagar eru velkomnir og er þetta tilvalið tækifæri til að halda sér í þjálfun og kynnast ströndum Faxaflóa betur í góðum félagsskap. Einnig er þetta gott tækifæri til að læra af þeim sem reyndari eru og prófa sig áfram við nýjar aðstæður i traustum félagsskap.

Til að hafa þetta sem auðveldast í framkvæmd þá melda menn sig saman á félags-Korknum fyrir fimmtudagskvöld, þannig er enginn einn bundinn því að mæta og stýra þessu. Á korknum geta menn raða sér saman í bíla, og ákveðið stað og tíma til að hittast og róa. Þetta er góður félagsskapur þannig að ef þér langar með og hefur ekki far, hikaðu þá ekki við að láta vita af þér.

21. júní: Raðróðurinn heldur áfram og er tilvalið að nota tækifærið og sjósetja á laugardagsmorgnum í góðum félagsskap.

Róið var um strandlengju Botnsflóans.

Ræðarar voru Baldur Eiríksson, Óttar Kjartansson, Skúli Magnús Þorvaldsson og Tryggvi Már Gunnarsson.

Veðrið lék við okkur, logn og sólskin, róðurinn átakalítill og þægilegur. Helst bar til tíðinda að við rerum inn flóann um það leyti sem var að byrja að flæða að og var oft grunnt á því góða þegar nær dró Botnsánni.

Okkur tókst þó að koma okkur undir brúna og eitthvað reyndu Skúli og Baldur með sér í flúðasiglingum en fannst sem Seayak væri kannski ekki liprasti straumbáturinn á markaðnum.

Mikið var um æðarfugl með unga á ferðinni og selur fylgdist með úr fjarlægð. Við áðum stutta stund á grasbala innst í flóanum í algeru stillilogni og sól með tignarlegt Hvalfellið í bakgrunni.

"Við hefðum tekið myndir en áttum engan kubb" eins og segir í laginu, þ.e.a.s. við klikkuðum alveg á myndatökunni en þó læt ég fylgja með teikningu af leiðinni á korti til þess að auðvelda þeim sem vilja halda áfram að finna næsta upphafsstað.

(Sjá link í myndir og frásögn neðar í síðunni)

Næsti róður [14. leggur]

Kortið að ofan sýnir svæðið sem næsti leggur í raðróðrinum um Faxaflóa liggur um, svarta lína er þrettánda róðri. Framhaldið er síðan væntanlega út fjörðinn en það ræðst af þeim sem taka þátt næst.

Framkvæmd
Þátttakendur skrái sig á korknum í síðasta lagi á fimmtudagskvöldi. Þá nýtist föstudagurinn til skipulagningar.

Lágmarksfjöldi þáttakenda er tveir. Þó það séu margir að róa saman ættu menn alltaf að para sig saman og fylgjast síðan með félaganum til að tryggja að menn týnist ekki. (Það segir fátt af einum.)

Það verði skráð á korknum hvar endað er hverju sinni. Það eru engin takmörk á hvað það er róið langt hverju sinni.

Brottför úr bænum klukkan átta. Þannig nýtist dagurinn til fleiri hluta (húsdýragarðinn), og það verða minni líkur á að menn séu að enda róðurinn í myrkri.

Brýnt er að búa sig þannig út að menn kólni ekki óþarflega hratt í sjónum ef það lendir á sundi.

Líkurnar á að félagi þinn velti og lendi á sundi aukast til muna ef þú veltir sjálfur. Jafnvægið snarminkar þegar á að stoppa og snúa við ef það er einhver ókyrrð og eða vindur.

Tenglar á umræður og myndir tengdar raðróðrinum:

Umræða	**Myndir**
1. og 2 Leggur	Myndir úr 1. legg
	Myndir úr 2. legg
3. Leggur	vantar myndir
4. Leggur	Myndir úr 4. legg
5. Leggur	Myndir úr 5. legg
6. Leggur	Myndir úr 6. legg
7. Leggur	Myndir úr 7. legg
8. Leggur	Myndir úr 8. legg
9. Leggur	Myndir úr 9. legg
10. Leggur	Myndir úr 10. legg
11. Leggur	Myndir úr 11. legg
12. Leggur	Myndir úr 12. legg
13. Leggur	Kort og frásögn 13. legg

*Umsjón með þessari síðu hefur **Jón Ágúst**, sendið endlilega myndir og frásagnir.*

Til baka | Svara þessum þræði

Raðróður þriðji leggur.

Jóhann K. 9/23/2002 11:25:54 AM

Nú störtum við nýjum þræði fyrir hvern legg.
Þeir sem vilja setja sig inn í málið frá upphafi skulu líka lesa gömlu þræðina.
Þriðji leggur hefst við dráttarbrautina í Njarðvík.
'Eg verð ekki með á laugardaginn en þeir sem ætla að vera með skulu melda sig inn í dag.
Jói.

RE: Raðróður þriðji leggur.

Gunnar Kjartansson 9/19/2002 9:44:29 AM

Ég kem með, er ekki mæting klukkan 8 við Esso í Hafnarfirði, kveðja Gunnar Kjartansson

RE: Raðróður þriðji leggur.

Kalli Geir 9/19/2002 10:13:59 AM

Jú, er það ekki...
Við Gerður mætum..
Það þarf eitthvað að endurskipuleggja hvernig við berum okkur að við að skilja bíl eftir þar sem Jói kerrrukall kemur ekki..

RE: Raðróður þriðji leggur.

Jóhann K. 9/19/2002 12:11:08 PM

Þið megið taka kerruna með. Hún er í Nauthólsvíkinni.
Jói.

RE: Raðróður þriðji leggur.

Gretarm 9/19/2002 3:54:55 PM

Ég mæti

RE: Ra?r??ur ?ri?ji leggur.

Snorri 9/19/2002 5:21:24 PM

Hæ,
Ég og Ísól ætlum að mæta, Spurning með kerruna, þurfum við hana og er þá einhver með krók á bílnum fyrir þesslags farangur?

Snorri

RE: Raðróður þriðji leggur.

gretarm 9/19/2002 7:08:03 PM

ég hef ekki krók

RE: Raðróður þriðji leggur.

Kalli Geir 9/20/2002 4:41:39 AM

Ég er ekki með krók.
Ef einhverjir tveir bílar mæta með einn bát hvor og hægt er að sameina bátana á annann bílinn hluta leiðarinnar þá reddast þetta, annars verðum við væntanlega að keyra til baka með bíl áður en við byrjum..

RE: Raðróður þriðji leggur.

Gunnar Kjartansson 9/20/2002 6:53:27 AM

Ég kem með einn bát og get því skilið bílinn eftir og keyrt bílstjóra til baka. Gunnar Kjartansson

RE: Raðróður þriðji leggur.

Jóhann K. 9/21/2002 7:09:20 PM

Var eitthvað róið í dag ?
Jói.

RE: Raðróður þriðji leggur.

Kalli Geir 9/22/2002 10:13:42 AM

Já já við enduðum í smábátahöfninni í Vogum.
Það mættu (explitive) ræðarar og réru í fínu veðri....

RE: Raðróður þriðji leggur.

Kalli Geir 9/22/2002 10:16:00 AM

explitive???? hmmm. 6 ræðarar.....

RE: Raðróður þriðji leggur.

ha 9/23/2002 11:16:07 AM

(explitive)

RE: Raðróður þriðji leggur.

Kalli Geir 9/23/2002 11:25:54 AM

Það hittist þannig á að fjöldi ræðaranna á íslensku merkir kynlíf á ensku og þessvegna er væntanlega

orðinu skipt úr.

Til baka | Svara þessum þræði

Raðróður 4 leggur

Jón Ágúst 9/28/2002 9:27:07 AM

Raðræðarar hvað var ákveðið með næsta legg? Ég og Heiða höfum allavega áhuga á að vera með á Laugardaginn. Ég er að gera ráð fyrir að menn haldi áfram úr Vogunum? Ég kóperaði kort frá Lanmælingum og merkti á það næstu 11 KM frá Vogum ca. að Kálfatjörn. Ég hef ekki komið þarna lengi en held að þarna eigi að vera hægt að finna einhverja lendingarstaði. Linkur á kortið er http://www.simnet.is/jag/jag/radrodur/radrodur.htm

RE: Raðróður 4 leggur

GretarM 9/26/2002 6:27:01 PM

mæti að sjálfsögðu.
kl 8.00 við Esso hafnarfirði er það ekki rétt?

RE: Raðróður 4 leggur

Jón Ágúst 9/27/2002 2:04:00 PM

Við virðumst bara ætla að verða 2 að róa. Heiða er hætt við að róa. Ég mæti á Esso í Hafnarfirði um kl. 8 í fyrramálið. Síminn hjá mér er 893 0307.

RE: Raðróður 4 leggur

Gretarm 9/27/2002 5:11:23 PM

Þið þarna úti ef þið ætlið að róa með okkur vinsamlegast setjið inn nafn eða eitthvað þvíumlíkt svo við vitum hve margir ætla að mæta, annars förum við bara þegar þeir sem eru búnir að melda sig með eru mættir. Hinir verða þá bara að finna okkur í fjöru.

RE: Raðróður 4 leggur

Jón Ágúst 9/28/2002 9:27:07 AM

Við Grétar, rérum í logni og blíðu frá Vogum og að Kálfatjörn. Þó við séum góðir saman þá þætti okkur gaman að hafa fleiri með.

Grétar kom með þá hugmynd að fleiri kæmu ef ekki væri lagt af stað fyrr en kl.9. Látið heyra frá ykkur hvaða tímasetning hentar. Við gerum ráð fyrir því að róa næst frá Kálfatjörn að Straumi.

Nokkrar myndir er á http://www.simnet.is/jag/jag/radrodur/radrodur.htm

Til baka | Svara þessum þræði

Raðróður 5. leggur

Óttar 10/7/2002 12:51:02 PM

Ef ég á að segja fyrir mig, þá finnst mér bara best að fara sem fyrst af stað. En ég get nú ekki verið að ákveða þetta fyrir alla því ég hef bara mætt einusinni.
Ég hugsa þetta þannig að ef maður er að fara að róa fyrir hádegi á annað borð þá er 8 skárra en 9 því þess meira er eftir af deginum þegar maður er búinn að róa. Svo er líka vert að hafa í huga að með vaxandi skammdegi er skárra að hafa birtutímann fyrir sér ef hópurinn lendir ófyrirséð í tímahraki. Það er mun skárra að róa í myrkri ef það er að birta til en ef það er að skyggja. En svo getur líka verið að þegar líður á haustið verði ákveðið að fara seinna af stað til þess að vera ekki að róa í marga tíma fyrir birtingu.
Hvað finnst ykkur?

RE: Raðróður 5. leggur

Kalli Geir 9/30/2002 6:55:34 AM

Mér persónulega fynnst kl. 8 fínt, en ég hef alveg skilning á að það sé ekkert sérstaklega auðvelt að koma börnum í pössun uppúr kl. 7 á laugardagsmornum. Annað sem mér fynnst að mætti skoða er lengd leggjana, en mér persónulega fynnst að rúmlega 10 km. leggir of stuttir, og á mörkunum að maður nenni að taka fram bát fyrir svona stuttan róður.. Hvað finnst ykkur.

RE: Raðróður 5. leggur

Jón Ágúst 9/30/2002 7:53:38 AM

Það hentar mér vel að leggja af stað kl. 8 og ég vil gjarnan vera kominn heim aftur fljótlega eftir hádegi. Þannig að vegalengd sem rúmast innan þess tíma passar fyrir mig.

Ég bendi á Kortaskjáinn hjá ww.lmi.is þar eru 1:100 000 kortin og mælistika ef men vilja mæla út vegalengdir og koma með tillögur um vegalengdir.

RE: Raðróður 5. leggur

Kalli Geir 9/30/2002 8:26:48 AM

Það er ótrúlega klikkuð mælistikan í þessu tóli frá Landmælingum. Ég tók vegalengdina frá Kálfatjörn í Straum og fékk út heildarvegalengd upp á rúmlega 80 km.

RE: Raðróður 5. leggur

Óttar 9/30/2002 12:56:32 PM

Lengd leggjanna verður að miðast við þann hóp sem mætir í hvert skipti. Ef það eru sprækir ræðarar í hópnum er eðlilegt að það sé róið lengra. En það verður að hafa í huga að hópurinn kemst ekki hraðar en sá sem fer hægast því að öryggi kæjakmanna felst í því að halda hópinn. Sérstaklega þegar sjáfarhiti fer lækkandi.
Það er gaman að róa í stórum hóp en það er oft á kostnað ferðahraðans. Þá einbeitum við okkur að

því að njóta félagsskaparins og segjum sögur og syngjum meðan við róum.

RE: Raðróður 5. leggur

Gretarm 9/30/2002 4:50:55 PM

Mér er alveg sama hvort það er kl 8.00 eða seinna, en þar sem við erum að færast nær Reykjavík þá styttist sá tími sem fer í að koma sér á flot svo ég sé ekkert því til firirstöðu að hittast um 8.30- 9.00 svona fyrir ykkur hina sem þurfið að redda pössun o.s.frv

RE: Raðróður 5. leggur

Snorri 9/30/2002 5:29:37 PM

Ég er sammála því að miða lengdina við hópinn sem rær í það og það skiptið. Varðandi tímann, þá er 8 í góðu lagi frá mínum bæjardyrum séð, það er jafn erfitt/létt að fá parnapössun kl 8 og 9, á laugardagsmorgnum.

snorri

RE: Raðróður 5. leggur

Jóhann K. 9/30/2002 6:29:29 PM

Er ekki málið að málið að mæla dagsverkið í róðrartíma frekar en vegalengd.Hvað segið þið um þrjá til fjóra tíma í bátunum. Ég er fylgjandi því að miða við að leggja af stað um klukkan átta en finnst einnig sjálfsagt að taka tillit til þeirra sem ekki komast svo snemma, segið bara til.
Jói.

RE: Raðróður 5. leggur

Kalli Geir 10/1/2002 5:34:37 AM

Jói mér líst vel á þetta með róðrartíman því það var þetta sem ég var að meina þe. að vera ekki farinn heim eftir 1-2 tíma...
Mér er alveg sama hversu langt er farið þannig lagað heldur það að maður fái viðunandi langan róðrartíma út úr ferðinni.

RE: Raðróður 5. leggur

Jón Ágúst 10/1/2002 5:41:35 PM

Róður í 3 tímar hljómar ágætlega ef lagt er að stað ekki mikið síðar en kl. 8.

Það er rétt hjá Kalla Geir, mælistikunni hjá Landmælingum er ekki treystandi. Ég mældi þetta með annar stiku, leiðin frá Kálfatjörn að Straumi er tæpir 16 km miðað við að fylgja ströndinni nokkuð vel, það eru síðan rúmir 6 km. í viðbót ef menn vilja róa inn í Hafnarfjarðarhöfn.

Ég stefni að því að vera með á laugardaginn, verð ekki í bænum fyrr en á föstudagskvöld, kýki þá á vefinn og sé hvað þið eruð búin að plana.

RE: Raðróður 5. leggur

Jón Ágúst 10/2/2002 3:57:36 AM

Setti kort af leiðinni frá Kálfatjörn til Hafnarfjarðar inn á
http://www.simnet.is/jag/jag/radrodur/radrodur.htm

RE: Raðróður 5. leggur

Gunnar Kjartansson 10/2/2002 5:33:33 AM

Ég kem á laugardaginn. Mér finnst ágætt að hafa þetta svolítið sveigjanlegt með tíma og vegalengd þannig að mismunandi aðstæður ráði svolítið ferðinni. Mér finnst t.d. alveg upplagt að róa lengra ef veður er mjög gott og ef fólk hefur möguleika á að vera svolítið lengur þann daginn. Svo eigum við örugglega eftir að lenda í því að fella niður róður vegna veðurs og líka að athuga mögukleikann á að færa til milli daga ef verður er hagstæðara á sunnudag. Kveðja, Gunnar

RE: Raðróður 5. leggur

Steini 10/2/2002 11:28:55 AM

Er ekki rétt að menn komi þessum myndum og kortum frá raðróðrinum á heimasíðuna okkar ?
Gummi vefstjóri er örugglega til í að ganga frá því
gjb@simnet.Is

RE: Raðróður 5. leggur

Óttar 10/2/2002 12:03:44 PM

.....og láta ferðasögur hvers leggs fylgja með. Þetta á eftir að verða mjög merkileg heimild um starf klúbbsins eftir fá ár.

RE: Raðróður 5. leggur

joi bert 10/2/2002 9:01:45 PM

hvar á að byrja næst

RE: Raðróður 5. leggur

Kalli Geir 10/3/2002 4:39:25 AM

Við Kálfatjörn...

RE: Raðróður 5. leggur

Jóhann K. 10/3/2002 4:40:16 PM

Ég mæti á laugardaginn. Það spáir að vísu leiðinda þræsingi svo kannski verður að láta veðrið ráða einhverju um róðurinn. Fylgjumst með útlitinu og ráðum ráðum okkar á morgun.
Jói.

RE: Raðróður 5. leggur

GretarM 10/3/2002 5:25:04 PM

Ég mæti ef viðrar til róðrar. það getur verið mjög slæmt þarna ef vindur stendur upp á land. Veit ekki hvernig er með lendingar á leiðinni.

RE: Raðróður 5. leggur

Kalli Geir 10/4/2002 5:13:46 AM

Við komum....

RE: Raðróður 5. leggur

Gunnar Kajrtansson 10/4/2002 5:20:01 AM

Höfuðborgarsvæðið: Veðurhorfur næsta sólarhring: Suðaustan 8-13 m/s og dálítil rigning er líður á morguninn. Suðaustan 13-18 og meiri úrkoma í nótt. Hiti 5 til 10 stig.
Kem ef veðrið versnar ekki.

RE: Raðróður 5. leggur

Jóhann K. 10/4/2002 3:11:45 PM

Ég mæti við ESSO Hafnarfirði klukkan átta.
Jói.

RE: Raðróður 5. leggur

GrétarM 10/4/2002 7:54:15 PM

Hér er hægt að sjá núverandi veður á nokkurm stöðum á leiðinni
http://www3.vegag.is/faerd/sudvest1.html

RE: Raðróður 5. leggur

Jóhann K. 10/5/2002 1:01:31 PM

Það voru átta ræðarar sem réru frá Kálfatjörn að Straumi í hæglætisveðri og ellefu stiga hita. Nú verður spennandi að sjá hvar við endum næst.
Takk fyrir daginn.
Jói.

RE: Raðróður 5. leggur

Jón Ágúst 10/6/2002 5:36:25 PM

Takk sömuleiðis. Ég missi líklega af næsta legg, en ég mældi leiðina á korti frá Straumi í Nauthólsvík, miðað við að komið sé við í morgunkaffi í Fjörukránni og síðan róið út fyrir Álftanesið er vegalengdin u.þ.b. 20 km.

RE: Raðróður 5. leggur

Gunnar Kjartansson 10/7/2002 12:51:02 PM

Þetta var alveg frábært, mæli með að Jói fái orðu fyrir að starta þessu.
Kveðja, Gunnar

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Myndir úr 1. róðri

Uppfært 20. október 2002

[1. leggur]

(Smella má á kortið til að fá það í stærri útgáfu.)

Umræða á Korknum um fyrsta legg

Nokkar myndir frá Kalla Geir, Grétari og jág

Ellefu ræðarar byrjuðu við Garðsskaga

Undir Berginu

Snorri og Ísól

Við smábátahöfnina í Keflavík

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr 2. róðri

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2002
Korkur
Veltan
English
Póstur

(Smella má á kortið til að fá það í stærri útgáfu.)

Umræða á Korknum um fyrsta og annan legg

Nokkar myndir frá jág

Lagt af stað úr Keflavíkurhöfn

Við dráttarbrautina í Ytri-Njarðvík

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2002
Korkur
Veltan
English
Póstur

Myndir úr 4. róðri

Uppfært 20. október 2002

(Smella má á kortið til að fá það í stærri útgáfu.)

Umræða á Korknum um 4 legg

Nokkar myndir frá jág

Sett á flot í Vogunum

Veðrið var frábært og hæfileg alda

Grétar og Jón Ágúst

Grétar fyrir utan Kálfatjörn

Góð sandfjara tók við okkur við Kálfatjörn

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr 5. róðri

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

(Smella má á kortið til að fá það í stærri útgáfu.)

Umræða á Korknum um 5ta legg

Nokkar myndir frá Grétari og jág

Gert klárt fyrir róður

Sandfjaran góða notuð var ekki notuð vegna óhagstæðra sjávarfalla

Hring eftir Hring

Kalli Geir notar tækifærið og æfir veltuna

Jói fylgist með

Við Straum gætti enþá óhagstæðra sjávarfalla

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr 6. legg, 8. róðri

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

(Smella má á kortið til að fá það í stærri útgáfu.)

Umræða á Korknum um sjötta legg

Það tókst loksins að ljúka *6. legg* í 3 tilraun á fallegum sunnudagsmorgni. Það var reyndar frekar kaldranalegt þegar komið var að Straumi og nokkur alda. 5 ræðarar réru af stað og þegar komið var í Hafnarfjörðinn þá reis sólin upp og það hlýnaði og lægði. Róið var í Nauthólsvíkina um 20 km. og tók það rúma 3 tíma. Myndirnar hérna að neðan eru úr ferðinni flestar teknar af Grétari og hafi hann þökk fyrir, það er mun skemmtilegra að geta skreytt þetta með myndum.

Nokkar myndir frá Grétari og jág

Gert klárt fyrir róður

er

Kalli Geir, Jón Ágúst, Gerður, Guðmundur og Grétar

Menn voru vel dúðaðir til að byrja með

Þegar nær dró Hafnarfirði var veðrið orðið mjög gott

Við komum við og skoðuðum þurkvínna í Hafnarfjarðarhöfn

Sumir voru með styrktaraðila

Slakað á í Hafnarfjarðarhöfn

Haldið út úr höfninni og út með Álftanesinu

Farið fyrir Álftanesið

Við Álftanesið hittum við tvo ræðara sem ekki höfðu mætt í raðróður

Ljúft var að renna upp í sandströndina í Nauthólsvíkinni

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr sjöunda legg, 9. róðri

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2002
Korkur
Veltan
English
Póstur

(Smella má á kortið til að fá það í stærri útgáfu.)

Umræða á Korknum um sjöunda legg

Það voru sjö ræðarar sem réru sjöunda legg síðasta laugardagsmorgun.

Anna María
Baldur
Guðmundur
Jóhann
Kalli
Ófeigur og
Maður sem ég bara því miður veit ekki hvað heitir.

Lagt var af stað kl. 9:30 frá Nauthólsvík eftir að hafa þegið kaffiveitingar hjá Steina kl. 8:00. Það var svolítill vindur en en fínt að róa. Það var lens út að Gróttu og svo á móti inn að höfn...

Komið var í Reykjavíkurhöfn kl. 12:30 eftir skemmtilegan róður við fínar aðstæður.

Mér skilst að Baldur hafi haft eitthvað meðferðis sem þarfnast nánari skýringar fyrir næsta legg. Steini veit meira um það.

Hvað setti Steini í pokann? Er þetta pokinn sem Baldur gætir? Komið með í næstu ferð eða takið á móti hópnum í Geldinganesi og þið fáið að vita svarið.

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr áttunda legg, 11. róðri

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

(Smella má á kortið til að fá það í stærri útgáfu.)

Umræða á Korknum um áttunda legg

Það voru átta ræðarar sem réru áttunda legg laugardagsmorguninn 16. nóvember. Lagt var af stað úr dráttarbrautinni í Reykjavíkurhöfn um níuleitið. Verðrið var lyngt og gott þegar byrjað var að sjósetja, en hvessti nokkuð fljótlega þannig að róðurinn út í Viðey var nokkur barningur með rokið beint á móti en sóttist þó nokkuð vel. Legið var í vari við Viðey þar til allir höfðu safnast þar saman og síðan haldið í rólegheitum inn í Gufuneshöfn þar sem sumir fengu sér kaffisopa. Síðan var rennt beint inn að eiðinu við Geldinganes.

Við þegar komið var í búðir klúbbsins tók Baldur upp úr farangri sínum mynd sem fylgt hefur klúbbnum í þeim húsakynnum sem hann hefur haft. Baldur lýsti því yfir að hann hefði þar með flutt anda klúbbsins í nýju aðstöðuna og vonum við að hann eigi eftir að blómstra þar og margir að njóta þess sem hann hefur upp á að bjóða.

Baldur upplýsti ennfremur að stjórnin hefði hafið viðræður við Reykjavíkurborg um framtíðarskipulag og var hann bjartsýnn á framtíðina.

Það var enn myrkur er sett var á flot í dráttatbrautinni.

Horft til baka úr Viðey og veðrið gengið niður

Guðjón notaði tækifærið og fékk sér heitt kaffi í Gufunesi

Óttar vildi vera viss um að hann fengi að vera með á myndinni

ULTIMA THULE
EXPEDITIONS

ULTIMA THULE
EXPEDITIONS

Myndin

Baldur og fríður hópur fylgdarmanna

Hér skal myndin vera og góður andinn ríkja

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr níunda legg, 12. róðri

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

(Smella má á kortið til að fá það í stærri útgáfu.)

Umræða á Korknum um níunda legg

Þá er níunda legg lokið. Mætt var á Geldingarnes milli 8:30 og 9:00 veðrið þá lofaði ekki góðu. Eftir að hafa hringt í veðurstofuna og fengið gefið upp 14 m/s á Kjalarnesi voru menn á því að hætta við. Samt var ákveðið að kanna aðstæður og var ekið upp á Kjalarnes í þeim tilgangi.

Þegar komið var aftur í Geldingarnes var orðið bjartara og útlit allt skárra þannig að ákveðið var að leggja í hann. Farið var á flot 10:30 í ágætis veðri sem breyttist í bongóblíðu á Þerneyjarsundi.

Þegar komið var í mynni Kollafjarðar var þónokkur vindstrengur sem stóð út úr honum ásamt útfallsstraumi. Aðeins var róið inn í Kollafjörðinn og yfir og síðan þægilegt lens að Brimnesi. Þar tók við hressilegra lens yfir Hofsvíkina og að Kjalarnesi. Endað var fyrir neðan Svínabúið á Kjalarnesi kl. 13:30 betur þekkt sem fyrsta stopp í Hvammsvíkurmaraþoni.

Þrír tóku þátt.
Guðjón
Guðmundur
Kalli Geir

Hressir kappar komnir á áfangastað, í fallegu veðri

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr 10 legg, 13. róðri

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá 2002
Korkur
Veltan
English
Póstur

Umræða á Korknum um tíunda legg

Þá er raðróðurinn loksins kominn í gang aftur og tilvalið að nota tækifærið og sjósetja á laugardagsmorgnum í góðum félagsskap.

Það réru 5 ílaugardaginn 19. apríl, 10. legg, frá Brautarholti inn á eyðið þar sem 2 stopp er í Hvammsvíkurmaraþoni. Þessi leggur var um 13.7 km.

Það var smá alda í upphafi en síðan brast á þessi bongó blíða. Mikið af líf á þessari leið fuglar og selir. Þeir sem réru voru Grétar, Jóhann, Snorri, Bragi sjóhundur og Sveinn.

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr ellefta legg

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur



Umræða á Korknum um ellefta legg

Það mættu sjö kajakræðrarar í Raðróður nr.11 . Að þessu sinni lá róðrarleiðin frá Hvalfjarðareyri til Hvammsvíkur í Hvalfirði.

Í upphafi ferðar var nokkur vindstrengur út Hvalfjörðinn og aldan hvít í föll, en fljólega lægði og gerði logn og sólskin mikið.

Róið var inn Laxvoginn og að Maríuhöfn þar sem á miðöldum var stærsti kaupstaður landsins, en þess sér engin merki nú. Þá var aðalverslunargatan – Maríuhöfn-Leggjabrjótur-Skálholt. Svona breytast tímarnir.

Tekið var gott fjörustopp við Hlein á Hálsnesi og að því búnu var róið með ströndinni í átt til Hvammsvíkur. Fjallasýn varð brátt tilkomumikil, Þyrill, Hvalfell og Botnsúlur birtust hvert af öðru. Þegar við komum fyrir Hvammsvíkurhöfðann og lokastefnan á Hvammsvíkina var tekin ,skall skyndilega á kröftugur vindstrengur á móti.

Þegar við lentum í fjörunni í Hvammsvík höfðu 15,5 km verið rónir.

Skemmtilegri kajakferð var lokið

Róðrarfélagar í þessum 11. raðróðri voru Jóhann, Nína, Guðmundur B, Snorri, Sveinn, Elli og Sævar H.

Myndirnar eru frá Sveini Helgasyni og textinn frá Sævari Helgasyni.

Kajakræðrarar að gera sig klára í bátana á upphafstað róðrar, á Hvalfjarðareyri. Góð aðkoma er niður á Eyrina og stutt í góða fjöru þegar niður vegaslóðann er komið.

Þarna er gott að hefja róður og enda,með strönd Hvalfjarðar.Í baksýn er Akrafjallið handan Hvalfjarðar.

Snorri búinn að ýta úr vör og gerir klárt fyrir róður frá Hvalfjarðareyri

Nína tilbúin í róðurinn. Í baksýn er fjaran á Hvalfjarðareyri og Eyrarfjall gnæfir þar yfir.

Jóhann spáir í ölduna og sjólagið í upphafi ferðar

Allt klárt og Snorri gefur í. Raðróður 11 er hafinn.

Róið frá Hvalfjarðareyri. Í baksýn til vinstri eru Hamraendar með sérkennilegum eindranga í forgrunni.

Á Hvalfirði utan Hvalfjarðareyrar. Akrafjall í baksýn.

Róið inn Laxvoginn.

Guðmundur B. á róðri inn Laxvoginn. Eyrarfajall í baksýn og uppaf fjöruborði eru Naust, gömul verbúðaaðstaða frá liðnum öldum.

Róið út Laxvoginn. Í baksýn er Reynivallaháls til hægri. Þúfufjall skagar þar fram fyrir, handan Hvalfjarðar. Fremst er Hálsnes og uppaf fjöruborðinu til vinstri er Maríuhöfn á Búðasandi. Aðeins sér fyrir lóninu sem fyrr á öldum var fært hafskipum þeirra tíma, en hefur smá fyllst af sandi og möl í tímans rás

Þarna var á 14. öld stærsti kaupstaður landsins. Þegar Maríuhöfn lagðist af sem kaupstaður tók Hafnarfjörður við. Við Maríuhöfn er af mörgum talið einn fallegasti staður í Kjósinni

Það er hægt að sjá margt merkilegt á kajakróðri með ströndum fram og sagan blasir víða við.

Róið inn Laxvoginn. Í baksýn er Skarðsheiðin. Róðrarfélagarnir Guðmundur B., Jóhann, Nína og svo aftar Elli.

Róðrarpása á Laxvogi.

Kajakræðrarar spá í náttúruna í Kjósinni.

Séð út Hvalfjörðinn. Akrafjall til hægri handan Hvalfjarðar og Hvalfjarðareyri yst til vinstri

Lagt af stað frá Maríuhöfn við Búðasand. Í baksýn er Eyrarfjall til hægri og norður hlið Esjunnar þar fyrir handan með Eilífsdal til hægri við miðja mynd

Sævar H. og Guðmundur B. halda frá Maríuhöfn

Sveinn siglir að hópnum. Í baksýn er Skarðsheiðin fjær , Hálsnes nær og Búðasandur ofan fjöruborðs.

Stefnan tekin í átt til Hvammsvíkur frá Laxvogi

Snorri og Jóhann við Hlein framan við Hálsnes. Í baksýn er Meðalfell í Kjós og Möðruvallaháls yst til hægri.

Róið inn til lendingar fremst á Hálsnesi innan við Hlein. Þarna höfðu róðrarfélagar í raðróðri nr 11 góða pásu - fjörustopp. En á þessum stað var róðrarleiðin hálfnuð. Þarna eru góð lendingarskilyrði.

Hálsnes

Lending í fjörustopp

Róið í spegilsléttum sjó í átt til Hvammsvíkur, undan Stömpum.

Guðmundur B. rær mikinn undan Stömpum á leið í Hvammsvík

Sveinn á góðu skriði skammt undan Hvammsvík. Í baksýn Skarðsheiði fjærst og síðan norðurströnd Hvalfjarðar með Saurbæ fyrir miðju.

Sveinn kominn í hópinn. Nú var stutt í Hvammsvíkina sem var endastöð í þessum 11 legg raðróðursins um Faxaflóa.

Skömmu eftir að þessi mynd er tekinn skall á okkur hressilegur hnúkaþeyr sem hélt okkur við efnið allt uppí fjöru í Hvammsvík.

Róðaraleiðin sem við fórum er mjög skemmtileg, fjallasýn stórbrotin og fjörusýn af sjó margbreytileg og sagan um aldir, allt um kring

Þetta er róðrarleið sem mælt er með.

KAYAKKLÚBBURINN

Myndir úr 12 legg

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasíða
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur



Umræða á Korknum um tólfta legg

Laugardagur 24.05.2003 raðróður leggur 12.

Lagt var af stað frá Hvammsvík í Hvalfirði 9:30 eftir stutt spjall við Pétur í Hvammsvík. Stefnan var tekin á Brynjudal u.þ.b 8 km leið. Sumir vildu taka raðróðurinn alvarlega og róa að upptökum Brynjudalsár yfir Leggjabrjót og yfir á Þingvallavatn en það er nú önnur saga.

Þaðan var stefnan tekin inn í Hvalfjarðarbotn en látið var nægja að róa aðeins inn fyrir mynnið og yfir það. Þar var tekið land og nestið tekið upp. Að lokum var stefnan sett yfir Hvalfjörðinn aftur og endað í Hvammsvík þar sem róðurinn hófst um tvöleitið. Heildarvegaengdin var 18.5 km.

Þetta er mjög falleg leið að skoða frá sjó klettar og gömul mannvirki frá stríðsárunum.

Myndir og texti eru í boði Guðmundar.

Þeir sem tóku þátt voru:
Guðmundur, Hörður, Jóhann, Sveinn og Tryggvi.

Jói bjartsýnn að venju

KAYAKKLÚBBURINN

"Myndir" úr 13 legg

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur

Umræða á Korknum um þrettánda legg

Laugardagur 21.06.2003 raðróður leggur 13.

Róið um strandlengju Botnsflóans.

Ræðarar voru Baldur Eiríksson, Óttar Kjartansson, Skúli Magnús Þorvaldsson og Tryggvi Már Gunnarsson.

Veðrið lék við okkur, logn og sólskin, róðurinn átakalítill og þægilegur. Helst bar til tíðinda að við rerum inn flóann um það leyti sem var að byrja að flæða að og var oft grunnt á því góða þegar nær dró Botnsánni.

Okkur tókst þó að koma okkur undir brúna og eitthvað reyndu Skúli og Baldur með sér í flúðasiglingum en fannst sem Seayak væri kannski ekki liprasti straumbáturinn á markaðnum.

Mikið var um æðarfugl með unga á ferðinni og selur fylgdist með úr fjarlægð. Við áðum stutta stund á grasbala innst í flóanum í algeru stillilogni og sól með tignarlegt Hvalfellið í bakgrunni.

"Við hefðum tekið myndir en áttum engan kubb" eins og segir í laginu, þ.e.a.s. við klikkuðum alveg á myndatökunni en þó læt ég fylgja með teikningu af leiðinni á korti til þess að auðvelda þeim sem vilja halda áfram að finna næsta upphafsstað.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

Flatey og Breiðafjarðareyjar

Við verðum í Flatey 25. júní til 2. águst. Áætlað er að fara dagsferðir á virkum dögum svo fólk getur komið inní dagskránna hvenær sem er.

Um helgina viljum við fara lengri ferð og gista einhversstaðar á leiðinni. Þá myndum við fara og heimsækja Hvallátur, Svefneyjar, Sviðnur og jafnvel bræðurna í Skáleyjum. Við gerum ráð fyrir að leggja af stað um eittleitið á laugadag svo fólk sem kemur með fyrri ferð Baldur nær því.

Á sunnudeginum fer Baldur um 20.30 frá Flatey svo við verðum komin vel fyrir þann tíma.

Kort af mögulegum leiðum **sjást með því að smella á linkana hér að neðan**

Ferð 1, Ferð 3, Ferð 4, Ferð 5, Ferð 6, Ferð 7

Tengiliður: Magnus A. Sigurdsson, s: 438 1880, 855 1880
magnus@fornleifavernd.is


10
11
12
13
7,42 km 249,6°
Langey
LANGEY
Tidal flat
Feitey
2,36 km 144,1°
14
Selsker
Hrólfsklettur
Sýrey
5 1/4
6
1 1/4
3
4
7
Hafnarey
FLATEY
16
3 3/4
8 1/4
FLATEY
Church
Akurey
Langey
Lighthouse


60
59
58
57
11
12
13
14
56
55


4.
55
54
53
52
51
14
Hrólfsklettur
4,09 km 270,7°
FLATEY
FLATEY
Beacon
FLATEY
Church
Akurey
Langey
21
3,69 km 118,4°
Kerlingarsker
Máfeyjar
Flathólmi
Heimalönd
TEYJARSUND
Skjaldarey
SKJALD
21

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur

Hvalfjarðareyri – Maríuhöfn- Laxvogur

Laugardaginn 2.ágúst 2003 fórum við tveir Kayakklúbbfélagar , Hörður Kristinsson og Sævar Helgason , í skemmtilegan kayakróður frá Hvalfjarðareyri í Hvalfirði inn Laxvoginn um Búðasand ,Maríuhöfn og Hálsnes og síðan til baka á Hvalfjarðareyri. Þar sem þetta svæði er mjög skemmtilegt til kayakróðra og örstutt að fara frá höfuðborgarsvæðinu er ekki úr vegi að kynna það hér í myndum og máli ef einhverjir hefðu af því gagn og gaman

Upphafstaðurinn á Hvalfjarðareyri

Bátarnir gerðir klárir í upphafi róðurs í fjörunni á Hvalfjarðareyri

Róið frá Hvalfjarðareyri, Þegar við nálguðumst nesoddan var aldan orðin mjög kröpp og ölduhæðin rúmlega metir , en Hvalfjörður er allra öldulíki og skammt öfganna á milli , því stuttu seinna sléttlyngdi og hélst það róðurinn á enda

Róið utan Hvalfjarðareyrar og í átt að Laxvogi. Til vinstri er Reynivallaháls og Meðalfell til hægri. Heldur er farið að lægja í sjóinn og vindur að ganga niður

Á Hvalfirði . Reynivallaháls framundan

Hörður á róðri inn Laxvoginn

Áning á hólmanum Búðarhöfuð , en á fjöru er hægt að ganga út í hann . Eyrarfjallið í baksýn og hægramegin við fjöruklettana eru Naust , gömul verbúðaaðstaða frá tímum áraskipanna.

Útsýn frá hólmanum Búðarhöfuð, Reynivallaháls og Laxvogur í baksýn

Róið í átt að Búðasandi . Nú er komið algert logn , Stefnt er á landtöku

Stefnt á ósinn við Búðasand þar sem fyrr á öldum var fært hafskipum
En nú er ekki hægt að fleyta öðru en kayak þar inn og þá á háflóði.
Hafið er sífellt að þrengja að ósnum meiri möl og sandi í tímans rás

Lending á Búðasandi og kayakinn yfirgefinn. Í baksýn er Eyrarfjall t.v og
Akrafjall til hægri og sér út Hvalfjörðinn

Horft yfir lónið sem er innan Búðasands og áður fyrr var góð skipalega. En hafskip sem komu í Maríuhöfn , sem aðeins austan Búðasands , höfðu þar vetrarlægi. Í baksýn er Reynivallaháls

Horft út ósinn frá lóninu við Búðarsand. Þarna er mjög gaman að taka land og skoða sig um í baksýn er Eyrarfjall fjærst og handan við klettahöfðan við ósinn er Maríuhöfn.

Hér er“víkin” sem var aðalhöfn Íslendinga fram yfir árið 1400 , en er nú fyllt af möl

Útsýn frá fjörunni í Maríuhöfn við Búðasand

Haldið til “ skips “ eftir góða stund á Búðasandi og við Maríuhöfn. Framundan er Hálsnes og fjöllin fjærst er Skarðsheiðin

Róið í stilltu veðri á Hvalfirði á leið til baka að Hvalfjarðareyri.

Róðrarlengdin sem við fórum var um 11-12 km , en með góðum landtökum hér og þar er hæfilegt að gefa sér daginn í ferðina. Fuglalíf er mikið , skarfar á skerjum ,æðarfugl , tjaldar og selir reka hausinn upp hér og þar og stórlax stekkur í öldunni. Hér með lýkur þessari kynningu okkar á afar skemmtilegu kayakróðarasvæði hér í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins og mjög aðgengilegt.

Myndir og texti: Sævar Helgason

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá

Korkur

Veltan

English

Póstur

Austfirðir 2003



Sölus

Í kjölfar Kjarvals

Ferð frá Héraðsflóa til Norðfjarðar í Júlí 2003

Kajakklúbburinn KAJ á Norðfirði skipulagði ferð um Austfirði, nánar tiltekið Víkurnar frá Héraðsflóa til Neskaupstaðar.

Ferðin hófst þann 13 júlí 2003 og tók hún 3 og hálfan dag í róðri. 5 dagar voru þó áætlaðir til verksins en vegna þess hve hópurinn var samstilltur og ræðarar vanir var ferðin tekinn á skemmri tíma.

Þáttakendur voru 16 á 15 kajökum. Ari Benediktsson(Nordkapp), Pálmi Benediktsson(Nordkapp), Pjetur(Seayak), Karl Geir Arason(Viking LV) Gerður (Kitiwec), Hildur (Viking), Sigurður (Prijon Exped), Ásta og Halldór (Excursion), Steinunn(Viking LV), Reynir (Viking HV), Sæþór(Seayak), Halldór(Viking HV), Gummi(Seayak), Grímur(Kodiak) og Snorri Gunnarsson(Viking HV).

Róið niður ánna

Grímur

Ósinn

Við ósinn

Reynir os Steinunn klár í bátana

Róið niður ánnna

Við Unaós voru bátarnir settir á flot og var fyrsti parturinn niður Selfljót, grunna og lygna á, þegar í ósinn kom leist mönnum ekki á brimið og var því stoppað til að skoða aðstæður.

Í ósnum var mikið fjör 6-8 línur af brimi mismunandi háu, frá einum metra til þriggja metra brimskafla. Ákveðið var að bíða eftir liggjanda og því var róið aðeins upp með ánni og beðið í 3-4 tíma.

Aðstæður skoðaðar

Brimið

Eftir kaffi og hvíld hjá sumum og vettvangsskoðun hjá öðrum, þar sem Stapavík var skoðuð og brimið mælt út, var haldið af stað aftur, veður var gott og allt útlit fyrir tiðindalausan róður fram eftir kvöldi enda brimskaflarnir komnir niður í þrjá og hæðin um 1 metri að meðaltali.

Þegar komið var að ósnum blasti brimið við í mikilfengleika sínum og sýndist eflaust vera tvöfalt hærra séð úr lágsilgdum kajaknum. Ari ákvað að skipta hópnum upp í þrjá smærri hópa og fór hann fyrir fyrsta hópnum. Eftir smá herslu á sál og líkama lagði hópurinn af stað, allt gekk vel og sáum við hin glitta í hópinn inn á milli brimskaflanna. Ferðin sóttist seint enda kom á daginn að brimskaflarnir voru ekki 3 heldur um 8 stykki og hæðin ekki 1 metri heldur 2-3 metrar.

Seinni hópurinn fór svo af stað og gekk heldur betur í gegn um brimið, séð frá ósnum. Eftir drykklanga stund heyrðist kallað úr talstöð að þriðji hópurinn gæti lagt í hann. Af stað var farið og fyrstu öldurnar sem komu úr 2 áttum teknar í nefið, eftir því sem utar dró stækkuðu öldurnar og þóttu sumum nóg um, síðustu tvær voru þó stærstar 2-2,5 metrar og fór allt á kaf þegar þær voru stungnar, þar á meðal ræðarinn. Þegar kraftarnir voru næstum á þrotum eftir 8 brimskaflinn var loks komið það mikið dýpi að úthafs öldurnar brutu ekki lengur og brimið orðið að stórum öldu hólum.

Talsverður róður var í hópinn enda menn ekki að spara við sig vegalengdina til að sleppa örugglega úr brimgarðinum. Þegar allir voru komnir saman var fengið sér að drekka og sögur sagðar af hverjum og einum. Fyrsti hópurinn hafði fengið verstu útreiðina, allt horfið af dekki sem ekki var rígbundið, auk þess hafði Pálmi velt kajaknum er hann hugðist staldra við í briminu til að leita að húfunni sinni sem hafði fokið af höfði hans. Sem betur fer er Pálmi veltuvanur og því varð úr skemmtileg saga en ekki langt og erfitt sund til baka eða erfið björgun við erfiðar aðstæður.

Ásta og Halldór sem voru á tvöföldum bát, fengu tvöfaldan skammt af brimi þar sem kajakinn þeirra þurfti stundum tvær atrennur til að brjótast í gegnum stærstu öldurnar. Ekkert týndist sem skipti miklu máli, aðallega derhúfur og drykkjarflöskur. Úthafsaldan undan Ósflesi var ótrúlega sterk og hrein unun að róa hana, undan Brimnesi var mikið endurkast og á tímabili komu tröllvaxnar úthafsöldurnar úr öllum áttum, þetta fékk ekkert á mannskapinn enda nýkominn úr brimi og látum og hátt uppi á adrenalíni.

Við Skálanes var ákveðið að krossa yfir að Landsenda og tjalda þar, sú ráðagerð breyttist þó þar sem Dóri og Gummi sem ætluðu að hitta okkur á fyrsta náttstað voru búnir að kveikja eld og tjalda handan Skálanessins. Þar var tekið í land og tjaldbúðum slegið upp. Eftir hetjusögur og snæðing var svo loks gengið til hvílu eftri 15 km róður í eftirminnilegum sjó.

Borgarfjörður - Brimnes

Siggi við Brimnes

Sólstafir utan við Brimnesið

Pálmi utan við Brimnesið

Suðupottur við Brimnes

Við Brimnes

Sæþór við Brimne

"Úthafsaldan undan Ósflesi var ótrúlega sterk og hrein unun að róa hana"

Vitinn

Tjaldbúðir á Skálanesi

Óskar tekur alsæll land á Skálanesi

Varðeldur í Skálanesi

Morguninn eftir var fínt veður, smá gola yfir Borgarfjörðinn en sólin skein og þurrkaði upp þokuna sem var eitthvað að glenna sig í morgunsárið.

Stoppuðum til að bíða eftir suðurfallinu á Höfn, sem er í sunnanverðum Borgarfirðinum.

Fórum síðan um kl 18 fyrir Hafnarbjargið og í góðu lensi á mettíma framhjá Brúnuvík og Hvalvík að Glettinganesi. Þar var vitinn skoðaður og röstin, sem er sterk úti fyrir nesinu, mæld út.

Það fór lítið fyrir röstinni, þannig að stímið var sett á Breiðuvík. Þegar lagt var af stað frá Glettinganesi var skemmtileg hreyfing úti fyrir nesinu en um leið og komið var í skjól varð sjórinn blíður sem barn og við tók róður í mestu makindum í átt að Breiðuvík.

Róið var framhjá Kjólsvík og meðfram Grenmó og eftir stutta stund blasti Breiðuvíkin við umkringd líparít fjöllum í allskyns litum, sveipuðum þokuslæðum, sannarlega falleg sjón.

Í Breiðuvík var örlítið brim sem var tekið með stæl enda vant fólk á ferð með reynslu af brimsköflum. Við tók burður á farangri og bátum upp sandfjöruna. Í Breiðuvík er ekkert mál að koma fyrir stórum hóp af tjöldum á fínni grasgrund og nægt neysluvatn að hafa úr lækjarsprænum. Þar er einnig gistiaðstaða í skála og er þar skálavörður allt sumarið.

Alls voru rónir 35 km þennan dag, það virtist þó vera mun minna þar sem straumar og vindar voru í bakið.

Klettagöng í Breiðuvík

Tjaldbúðir í Breiðuvík

Brimið í Breiðuvík

Hildur og Siggi

Syðri endi Húsavíkur

Klettagat við Húsavík

Úr Glettinganesvita

Glaðir á góðri stund

Horft til norðurs af Glettinganesi

Haldið frá Glettinganesi

Í Glettinganesi

Við Höfn

Höfn

Daginn eftir var mjög gott veður, nærri logn, en skýjað. Kúrsinn var tekinn í gegnum 1/2 metra brim og yfir í suðurhluta Breiðuvíkurinnar. Þar tók við hellaskoðun og stúss í skerjagörðum.

Þegar komið var sunnar blasti við stuðlaberg mikið, Blábjörg, það var skoðað í krók og kima, hópmyndataka framkvæmd og nesti borðað. Í námunda við Ytri Álftavík undir Álftavíkurfjalli var svo nóg að skoða.

Gathellar og skerjagarðar prýða þessa leið og er það frábær skemmtun að þræða skerjagarðana og fara inn í hvern einasta helli.Í einum skerjagarðinum fékk Kalli Geir yfir sig 2ja metra brot sem virtist vaxa úr engu, nákvæmlega þar sem Kalli Geir var þá stundina, betur fór en á horfði og varð engum meint af.

Við tók svo strembin róður meðfram Álftarvíkurfjalli á móti straum og svo inn Loðmundarfjörðinn sem af einhverjum ástæðum virtist lengjast eftir því sem innar dró.

Loks var komið inn í botn og var þar staldrað aðeins við en svo róið upp ósinn í leit af tjaldstæði. Þokan var komin og með henni súld en það birti yfir mannskapnum þegar Ari kom loks í tjaldbúðir með fullfermi af þorski og ýsu.

Dóri gerði að fiskinum og var hann etinn fram eftir kvöldi af flestum á meðan skrafað var saman við bálið í flæðarmálinu. Í lok dags taldist mönnum til að 25 km hefðu verið rónir.

Eitthvað fannst manni það lítið en það er ólíkt erfiðara að hafa fallið ekki með sér. Svæðið sem róið var þann daginn var reyndar einnig mjög seinfarið vegna fegurðar, skerjagarða og annars sem kveikti forvitnina og seinkaði för. Það gerði svosem ekkert til þar sem tilgangur ferðarinnar var ekki að setja hraðamet milli Héraðsflóa og Neskaupstaðar.

Klettar við Loðmundarfjörð

Ari Ben í Loðmundarfirði

Ásta og Halldór

Eldur í Loðmundarfirði

Fagurt er í Loðmundarfirði

Kalli

Óskar

Pálmi

©snorri

©snorri

Dóri við veiðina

Ari

Við Álftavíkurfjall

Undir Blábjörgum

ÍLoðmundarfirdi

Upp var runninn nýr dagur sem samkvæmt ráðagerð yrði lengsti dagur ferðarinnar. Á planinu var að róa alla leið frá botni Loðmundarfjarðar út á Dalatanga og svo inn Norðfjörðinn, alls um 42 km.

Þegar lagt var af stað var þokan kominn inn í botn Loðmundarfjarðar, þykk eins og baunasúpa. Birtan sérkennileg þar sem sólin var á fullu blasti ofan þokunnar.

Við sunnanverðan Loðmundarfjörðinn komust menn í feitt þar sem klettagangar og hellar eru í miklu magni á milli Tó og Jaðars. Þar var hver afkimi þræddur enda lítil úthafsalda og sjórinn eins og pollur.

Áfram var haldið út að fjarðarmynni þar sem tekið var stopp til að nærast og liðka líkamann. Við tók svo 3,5 km róður þvert yfir mynni Seyðisfjarðar í þykkri þoku. Stefnan var tekin á Skálanes og Hildur, Pálmi og Óskar fengu það verkefni að gæta að stefnunni.

Síðan var róið undir Skálanesbjargi og meðfram Jötnum. Í örstund létti þokunni og sáu ræðarar þá bjargið í mikilfengleika sínum , um 800 metra hátt beint úr sjó.

Hópmyndataka var framkvæmd norðan meginn við Dalatanga og á meðan létti til og þokan var á bak og burt. Landganga var framkvæmd á Dalatanga og á móti okkur tók vitavörðurinn, alsæll að fá gesti af sjó og var hann hinn daprasti yfir því að geta ekki boðið okkur í kaffi og kökur, þar sem húsfreyjan var ekki á staðnum.

Hann tók hópinn í vettvangsferð um staðinn og fræddi um vitann og sögu hans. Á meðan á stoppinu stóð bætti í vind og sjó, vindurinn var gengin niður þegar lagt var af stað en hliðarskella var þó alla leið inn að Nípu.

Á miðri leið yfir, kom lítill fiskibátur til móts við hópinn, báturinn stoppaði stutt frá fremstu ræðurunum og sást þá þegar hvítum kajak var hent fyrir borð, í kjölfarið prílaði svo Sæþór úr bátnum og yfir í kajakinn. Sæþór hafði sagt skilið við hópinn eftir fyrsta daginn en var þarna kominn til að fylgja okkur inn á Neskaupstað.

Eftir 42 km var svo tekið land á Neskaupstað um 23 leytið. Á móti hópnum tók Benedikt faðir Ara og Pálma. Öllum hópnum var boðið að skola af sér í

sundlauginni og eftir böðun var svo grillveisla hjá foreldrum Ara fyrir allan hópinn, lagt var á dúkað langborð og veislukostur framreiddur.

Ótrúleg gestrisni Ara og hans fjölskyldu kórónaði þessa frábæru ferð sem seint mun líða úr minni. Ég tala fyrir hönd alls hópsins þegar ég þakka Ara og félögum hans í KAJ fyrir frábæra ferð í alla staði og einstaka gestrisni að ferð lokinni.

Snorri Gunnarsson

Á Dalatanga

Dóri á Norðfirði

Austari jökulsá júní 2003 75m3

Í grána á norðurleið



GM

bensín á Blönduósi

Kojac að fá sér kaffi

Góðar móttökur í Skagafirði

Kíkt á ánna



Týndur



Týndur

Gert klárt

Gummi

Fallegt í austurdal



Bjallan

Ekkert mál fyrir GM..... framhald

Gummi

Kojac

Gummi - alla vega hjálmurinn hans

Hilmar WS

Elli að prufa nýja veltu

Cool

Týndur - GM

Gummi

Hvar er helv... árin mín

Týndur

Týndur

Allir komust þeir í gegn



Sumir án árar

Þriggja stalla

Raft í 3.step

Raft í 3.step

Jojo bakkar ranga leið

Svona á að gera þetta

Rafggædar



GM á sundi, búinn að klúðra línunni og fara á hvolfi niður rennuna



Þá er bara að labba

Smá klúður.....

Stokkið í þriðja stallinn

úfffffffff

Svalur

Jojo - hvernig er það flýtur boosrerinn ekki



Kojac

Kojac/Gummi

Pakkað saman

Hópurinn

gummi-jóhann-hilmar-gulli-elli-bjössi-skírnir-jesper-jói

Heimleið

Heimleið

Þjórsá - ekki leiðinleg hola





KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur

Hvammsvíkurmaraþon 2003

Sælir Kayakfélagar

Þá er Hvammsvíkurmaraþoninu lokið í fimmta sinn, voru aðstæður þokkalegar og brautarmet slegið, en Sveinbjörn réri leiðina á 4:17:30 og bætir þarmeð eldra met um 15 mín, þokkalegt það! Halldór sigraði svo í B flokki á 4:48:09, en keppt var nú í fyrsta skipti í tveim flokkum karla þar sem stærð báta réði flokkun. Í kvennaflokki kepptu þrjár konur og sigraði þar Fanney á tímanum 5:53:03. Þess má einnig geta að ungur maður, Þröstur aðeins 16 ára lauk keppni á tímanum 5:52:16.

Það kom ef til vill ekki á óvart að allir þessir sigurvegarar koma af vestfjörðunum og á Halldór og hans fólk á Ísafirði heiður skilið að gera sér ferð í bæinn, en frá þeim komu 9 keppendur af 12 !! .... **Þetta segir okkur að við hér á suðvestur horninu þurfum aldeilis að hysja upp um okkur buxurnar !!!!**

Þótt þátttaka hafi verið með eindæmum slökk þá fór mótið vel fram, veður þokkalegt, það er það eina sem Pétur Hvammsvíkur-Jarl hefur ekki haft full tök á, en allt annað leysir hann með glæsibrag og vil ég þakka honum og hans fólk í Hvammsvík fyrir að gera þetta allt mögulegt. Björgunarsveitin Ársæll í Reykjavík lagði til gúmíbát og menn ásamt bátnum hans Péturs og hjálpuðu þeir þeim sem lentu í vandræðum, - *munum flugeldana um áramót*.

Kveðja
Þorsteinn
Formaður

Úrslit

Nr.	Nafn	Bátur	Tími 1	Tími 2	Tími 3	Tími
576	Sveinbjörn Kristjánsson	Inuk	01:27:30	01:21:50	01:28:10	04:17:30
441	Guðmundur Breiðdal	Inuk	01:42:40	01:34:42	01:50:26	05:07:48
572	Þórir Þrastarson	Esplora				
	B flokkur					
935	Halldór Sveinbjörnsson	Sea Wolf	01:35:55	01:31:02	01:41:12	04:48:09
454	Örn Torfason	Sea Wolf	01:40:05	01:36:10	01:46:45	05:03:00
936	Eggert Jónsson	Viking	01:43:00	01:38:31	01:49:24	05:10:55
943	Þröstur Þórisson	Sardinia	01:53:00	01:49:58	02:09:18	05:52:16
929	Ágúst Sigurðsson	Heimasmíði	02:13:42	02:16:03		
931	Björn Magnús Stefánsson	Buccaneer				
	Konur					

945 Fanney Pálsdóttir	Kitiwec	01:53:00	01:49:56	02:10:07	05:53:03
944 Elín Marta Eiríksdóttir	Viking lv	01:53:00	01:52:06	02:21:01	06:06:07
926 Jónína Guðjónsdóttir	Quest	02:09:25	01:59:11		
Sveinbjörn	Meðalhraði 2003	9,79	9,8	9,27	9,86
	Vegalengd	**14,2 km**	**13,4 km**	**13,6 km**	**42,2 km**
	Besti tími	01:37:13	01:24:00	01:14:04	04:32:30
	Settur	2001	1999	2002	2000
	Besti samanlagði tími				04:15:17
	Besti meðalhraði	8,76	9,57	11,03	9,31

Myndir úr keppninni

Sveinbjörn

Sigurvegarar í A flokki Guðmundur og Sveinbjörn

Fanney

Dóri

Sveinbjörn

Guðmundur

Í fyrsta stopp

Rigning

Áhorfendur

Upphaf

Sigurvegarar kvennaflokk Elín og Fanney

Meistarar ásamt Jarlinum

Yngsti keppandinn

Dóri

Brautin og fyrirkomulag



Þá ber einnig að geta þess að keppnisnefndin er að vinna að hugmyndum um að frekari breytingum með maraþonið. Eru uppi hugmyndir um að hafa liðakeppni annaðhvort ár en einstaklingskeppni hitt árið. Liðakeppni yrði einhvernvegin á þann hátt að 3 manna lið réri áfangana 3 á 3 mismunandi skráðum bátum t.d. bát í A flokki B flokki og hugsanlega þá líka flokki plastbáta. Hugmynd þessi er samt enn á teikniborðinu og verður kynnt frekar í vetrarstarfinu og

endanlega vel tímanlega fyrir næstu keppni.

Tegund	Lengd	Breidd	Lengd/Breidd
Inuk	550	50	11,00
Avanaq	550	51	10,78
Viviane	581	55	10,56
Esplora	530	52	10,19
Nordkapp Jubilee	550	54	10,19
Aquila	575	57	10,09
Godthab standard	520	52	10,00
Polar	530	53	10,00
Sirius	518	52	9,96
Anas Acuta	520	53	9,81
Island of Sardinia	518	53	9,77
Aquanaut	535	55	9,73
Pintail	523	54	9,69
Sea Wolf	550	57	9,65
Quest	540	56	9,64
Buccaneer	530	55	9,64
Godthab XL DD	530	55	9,64
Kitiwec	537	56	9,59
Argonaut	535	56	9,55
Nordstern	550	58	9,48
North Shore Calypso	520	55	9,45
Barracuda	518	55	9,42
Viking	532	57	9,33
Konyak	500	54	9,26
Skerray	516	56	9,21
Yukon E	505	55	9,18
Capella	510	56	9,11
Arctic	525	58	9,05
Eski 525	525	58	9,05
Hanseat DD	525	58	9,05
Capella plast	503	56	8,98
Avocet	492	55	8,95
Kodiak	518	59	8,78
Asiak	500	57	8,77
Eski 475	475	55	8,64
Millenium	505	59	8,56
Seayak	490	58	8,45
Yukon Expedition	440	61	7,21

KAYAKKLÚBBURINN

Hvítárvatn - Karlsdráttur

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá

Korkur

Veltan

English

Póstur

Kayakklúbbsferð 30.08 - 31.08 2003

“og nú er ferðin búin, frábær ferð, við mættum þrír, Tryggvi Már, Sævar og undirritaður. Ferðin upp eftir skotgekk, veðrið sól með logni og blíðu og við reru upp í vatnið, fyrst inn að eyrunum norðan við kofa gæsaveiðimannsins, svo í dáli hnúkaþey að jöklinum, þaðan inn í Karlsdrátt og dáðumst að frábærum gróðri s þar er, urðum að tína berin fyrst til að geta tjaldað (leggjum til berjaferð þanga næsta ári), áttum fínt kvöld með fjallgöngu upp í Leggjabrjót og komum óbrotn niður enda fullir af C-vítamíni, nutum kyrrláts kvöldsins með smá jökuldrunum vöknuðum í blíðu í morgun. Við hugsuðum rétt aðeins til ykkar allra hinna sem kc ekki með.....”

Reynir Tómas Geirsson

Á Hvíta

Lagt af stað frá Hvítárbrú á Kjalvegi upp Hvítá . 3 km leið er frá brúnni uppí Hvítárvatn
og yfir grynningar að fara. Í baksýn er Bláfell.

Á Hvítárvatni

Þangað er förinni heitið. Skriðufell t.v , Norðurskriðjökull með Þursaborg á topp t.h
er Leggjabrjótur með eldgýginn Sólkötlu efstann og innaf krikanum yst t.h er Karlsdráttur

Róið á Hvítárvatni

Tryggvi Már rær í átt að skriðjöklinum
Í baksýn er Suðurskriðjökull t.v og Skriðufell þar til hægri

Reynir Tómas á rólegu skriði
Í baksýn Hvítárnes næst vatninu og Hrútfell á Kili fyrir miðju

Tryggvi Már

Við ósa Tjarnár
Í baksýn eru Kerlingafjöll t.v

Tryggvi Már og Norðurskriðjökullinn í baksýn

Landtaka við rætur Skriðufells

Í fjörunni við rætur Skriðufells .
'I baksýn sér inn í Karlsdrátt og Leggjarbrjótur þar fyrir ofan.

Skriðjökulstálið tröllslegt og úfið. Stórt stykki féll úr stálinu rétt áður en við tók land.

Reynir Tómas á róðri milli milli ísjakanna

Lending inni í Karlsdrætti
Í baksýn er Skriðufell , síðan Norðurskriðjökull og t.h norðurhlíð Karlsdráttar

Tjaldbúðir leiðangursmanna í Karlsdrætti

Krækiberjalyng í Karlsdrætti

Gríðarlegt magn krækiberja var ínni í Karlsdrætti og erfitt um vik með að tjalda en
við vorum, hver um sig, búnir að hreinsa svæði undir tjald

Fjallganga upp í Leggjabrjót

Eftir að hafa eytt lúnganum af deginum í kayökunum var frískandi að fara í góð fjallgöngu uppúr Karlsdrætti sem blasir við fyrir neðan. Svalandi regnúði gekk y

Á Leggjabrjót
Horft er yfir ósa Fúlukvíslar , Hrefnubúð er t.v og síðan ós Fróðár

Morgunstemming í Karlsdrætti

Þegar við skriðum úr tjöldunum að morgni 31. ágúst blasti þessi töfraveröld við o
Í forgrunni er kristaltær uppsprettulind þá Hvítárvatn með
Skriðufell ,Norðurskriðjökull og norðurhlíð Karlsdráttar í bakgrunni.

Á heimleið frá Karlsdrætti

Róið með fallegu gili í Skriðufelli

Borgarísjaki á Hvítárvatni

Áning í Jökulkrók á heimleið

Róið heimleiðis
Skammt er í leiðarlok . Farið er að þykkna í lofti . Mögnuð stemming

Alls voru rónir 32,6 km . Frábærri kayakferð á vegum Kayakklúbbsins um Hvítárv
og Karlsdrátt lauk við Hvítárbrú á Kjalvegi um kl. 14.00 þann 31.ágúst 2003

Inngangsorð : Reynir Tómas Geirsson

Myndir og texti mynda : Sævar Helgason

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá

Korkur

Veltan

English

Póstur

Á Kajak í Chile

Þegar farið er í önnur lönd fer ekki hjá því að mann langi að reyna fyrir sér með róður á nýjum framandi slóðum. Nú í októberlok áttum við leið til Chile og ákváðum að nota tækifærið til að ferðast um landið og meðal annars komast í róður þar. Chile er yfir 4000 km langt land, og rís frá vogskorinni og frekar hafnafátækri kyrrahafsströnd þar sem stöðug hafátt blæs, upp í lágan langan fjallgarð við hafið, fellur svo aðeins inn á sléttu sem gengur inn að dölum sem enda í Andes-fjöllunum þar sem landamærin til Argentínu liggja upp eftir öllu landinu á vatnaskilum. Nyrst er landið nálægt miðbaug og eyðimörk milli strandar og fjalla, temprað belti tekur svo við og sunnan við miðju er landið vaxið skógi eins og í sunnanverðri Mið-Evrópu þar sem ótal stöðuvötn fylla dali inn að Andes-fjöllum þegar sunnar dregur. Fjöldi virkra eldfjalla, ákaflega tignarlegar keilur, gnæfa víða yfir og stórar og straumharðar ár freysta ræðara. Ein besta áin heitir Río Bío, en hluti bestu róðrarsvæða hennar munu þó hafa verið eyðilögð með virkjunum, þrátt fyrir ötula andstöðu ármanna. Við hittum einn þeirra, Pancho, sem hafði gefist upp og flutt sig sunnar og rekur þar kayakleigu og gististað. Vötnin eru mjög falleg, en ekki virðist vera mikið um að menn rói þar og ekki róa menn nema á sumum ánum, enda kayakmenn frekar fáir og íþróttin og áhugi á henni fyrst að verða til nú á síðustu árum. Mestöll sjókayakstarfsemin er í suðurhluta landsins, einkum út frá bænum Puerto Montt sem er nyrst í héraðinu Patagóníu, en það hérað nær alveg suður á syðsta odda Suður-Ameríku. Ástæðan er sú að þar fyrir ströndum liggur stór eyja, Chiloe eyja sem landið heitir eftir, að hluta byggð indíánum. Þar sunnan við liggur mikill fjöldi eyja og skerja fyrir ströndum, að mestu óbyggðar. Innan við þær eru flóar og firðir, sem skerast inn í Andes-fjöllin sem rísa 1000-3000 m upp frá ströndinni, oft í miklum bratta en gróin skógum. Allra syðst ganga skriðjöklar í sjó fram og landið minnir stundum á Ísland og jafnvel aðstæður á Grænlandi. Ekki er róið við sjálfa Kyrrahafsströndina, því þar er víða erfitt að lenda, vindasamt og öldugangur.

Við komumst í samband við sjóróðrafólk gegnum danska ferðaskrifstofu. Þetta er gegnum fyrirtækið Alsur (“til suðursins”) (www.alsur.com) og þar er ferðaáhugamaðurinn Gerardo Niklichek í forsvari á staðnum, hávaxinn með indíana-útlit. Með honum er ungur piltur, José “Pepé” Alvarez, af spænskum og indíanaættum, góður ármaður með áhuga á sjóferðum líka. Gerardo skipuleggur ferðir þar sem tvímastra seglbátur með kokki fer með hópi 6-8 ræðara. Báturinn er bækistöð í róðrum sem eru miðaðir við fremur óvana ræðara, þó allt komi til greina. Farnar eru vikuferðir inn í fjarðasvæðið sunnan við Puerto Montt, um 5-15 km á dag, gist í tjöldum á landi. Annað fyrirtæki er Yak Expediciones (www.yakexpediciones.cl) , sem fer á sömu slóðir með sama hætti, en stuðningsbátur fylgir ekki. Loks er fyrirtæki sem hjón reka, Altue Seakayaking (www.seakayakchile.com) á Chiloe eyju. Tvær síðari vefsíðurnar eru bestar.

Puerto Montt er bær með íbúafjölda Reykjavíkur, en frumstæður í samanburði. Hann stendur við norðurenda Ancud flóa, einskonar Breiðafjörð þeirra Chilemanna. Þeir Gerardo og Pepe komu strax að hitta okkur þegar við komum að kvöldi á hótel í bænum þar sem við vorum nánast einu gestirnir á árstíma sem svarar til aprílloka hjá okkur. Breiddargráðan á við Mílanó hérna megin á hnettinum. Þeir vildu augsýnilega sjá þetta fólk norðan af öðrum hjara veraldar og vita hvað mætti bjóða okkur upp á. Við höfðum gert ráð fyrir um 5 dögum í þetta allt. Næsta morgun voru þeir mættir á Nissan Patrol trukk og farið var

suður á Chiloe eyju um 200 km leið. Fara þarf yfir mikið sund milli meginlandsins og eyjunnar á ferju. Á sundinu og við eyjuna er mikið fuglalíf og höfrungavöður. Þarna eru m.a. pelíkanar, flamingóar, hvítir svanir með svartan háls og eldrauðan gogg og mörgæsir. Við eyddum deginum í að skoða okkur um á eyjunni og komum undir kvöld í stærsta bæ hennar, Castro. Allt er byggt úr timbri þarna, stundum listilega og timbrið þakið með hömruðu bárujárni. Vegir eru víða slæmir, sumstaðar moldargötur, m.a. í minni bæjum. Litagleði er mikil. Þarna er rigningasamt, og snöggir vindar koma. Við gistum í prýðilegri kayak aðstöðu þeirra hjóna Pancho og Joja í Altue-Seakayaking nálægt bænum Dalcahué. Húsið er byggt á trésúlum, niðri er m.a. bátageymsla og prýðileg gistiaðstaða uppi. Frúin er góður kokkur. Næsta dag var nokkuð rok og skúraleiðingar, en samt var lagt af stað. Pancho hefur ágæta tveggja manna báta og þokkalegan fatnað. Ferðin var inn sund og út með Quinchao-eyju til að skoða San Javier, gamla dæmigerða timburkirkju, síðan inn sundin á ný í góðan hádegisverð í lítilli vík. Við fengum talsverðan mótvind tilbaka. Heilsdagstúr sem var góður, um 12 km áætlað og heitur pottur á eftir.

Næsta dag var haldið upp á meginlandið aftur og farið gegnum Puerto Montt til Osorno vatnsins, sem er eitt stærsta stöðuvatn Chile, við Osorno eldfjallið, nær 2000 m háa keilu. Vatnið er á við 3 Þingvallavötn. Þaðan var haldið áfram upp í fjöllin og svo niður að stórri á, Petrohué-ánni, þar sem hún er lygn eftir mikið flúðasvæði. Við höfðum ekki mikla reynslu af að sigla á ám hérlendis á sjóbátum (Ölfusárósar, Svarfaðardalsá), svo þetta var nýtt. Tveir Seayak og einn Necky-bátur voru með í farteskinu. Há fjöll girða af dalinn, skógi vaxin og áin er mjög falleg. Eftir æfingu á ánni var siglt niður ána, ca. 10 km, á rólegri ferð. Víða í ánni eru trjágreinaflækjur og þarf að varast að festast ekki í þeim. Áin þrengist neðar þegar hún fer gegnum vítt gljúfur. Pepe leiðsögumaður sagði að þar væru “Grade 1” flúðir, ekki erfiðar. Ég (Reynir) lét slag standa, en Steinunn fór með bílstjóranum þar framhjá og beið okkar niður við ármynnið. Fyrst gekk vel, flúðirnar voru skemmtileg tilbreytni og kletta gljúfrin falleg, en svo kemur að svæði þar sem var a.m.k. 5 metra fall í ánni með flúðum sem reyndust “Grade 2”, þar sem talsvert var í ánni. Neðst í þeim kom stórt brot sem var á ská framan á bátinn og varð úr velta. Seayak er greinilega ekki ideal bátur í svona og ég kunni ekki nóg ! Eins gott að æfa sig í Rangá í vor með ármönnum ! Ég var fljótur að koma mér á hvolfi úr bátnum, halda árinni og grípa bátinn og félagabjörgun var svo viðhöfð til að koma mér að landi. Þar tæmdum við bátinn og svo var róið 2-3 km niður að ármynninu. Þar er mjög fallegt; áin gengur í bugðum út í stórbrotin fjörð, en það verður að bíða seinni tíma að róa þar.

Við gistum í húsi við annað stórt vatn upp í fjöllunum, Lago Todos los Santos (vatn allra hinna heilögu) og næsta dag var haldið í norður, heilan dag til að komast að Lago Ranco. Vatn þetta er utan alfaraleiðar, nokkru stærra en Þingvallavatn. Við höfðum séð mynd þaðan og það virtist spennandi staður. Þar er eitt íbúðahótel við vestanvert vatnið sem skerst inn í Andesfjöllin til austurs. Annars er þar nær enginn ferðamannastraumur og mér er næst að halda að við gætum hafa verið fyrst til að sigla um vatnið á kayökum. Við fengum frábæran dag í sól og blíðu, sáum nýjar tegundir gæsa, anda og flórgoða og fallegt landslag. Næsta dag lá svo leiðin norður eftir landinu til Santiago.

Chile-búar eru gestrisnir og góðir heim að sækja. Landið er tiltölulega ódýrt, flug og rútusamgöngur góðar og ekki dýrar, góð máltíð með flösku af góðu víni fæst fyrir innan við 1000 kr. Landslag er stórbrotið, möguleikar á siglingum miklir og lítið nýttir, víðáttur miklar og fólkið ekki of margt, suðurhlutinn strjálbýll. Veður á sumrin (nóvember – mars) getur verið gott. Vindar blása oft af Kyrrahafi og þar sem Andes-fjöllin rísa brött úr sæ vill verða rigning við ströndina. Það er samt vel þess virði að prófa róður í Chile.

Reynir Tómas Geirsson og Steinunn J. Sveinsdóttir.

Horft út yfir Kyrrhafið, - þeir róa lítið þar fyrir opnu hafi, enda lendingar víða erfiðar þar.

Í bænum Castro á Chiloe eyju eru mörg húsin byggð á staurum út yfir sjóninn.

Á fjöru við húsin hans Pancho á Chiloe eyju. Aðalhúsið er frábærlega góður gististaður byggður á staurum út yfir fjöruna og á flóði fer sjórinn inn undir húsið.

Lagt af stað í nokkru roki, Steinunn, Pepe og Pancho.



Inn á sundunum við Qinchao og Dalcahué á Chiloe eyju.



Stoppað í fjörunni á Quinchao.



Stoppað var í skjólsælli vík. Pancho (lengst til hægri) hafði með sér þennan fína hádegisverð og dúkaði “borð” á stórum steini.

Róið út sundin við Chiloe eyju í nokkru roki og skúraleiðingum....



Gott að rétta úr sér eftir talsverðan róður við Chiloe-eyju.

Tilbúin í róður á Petrohué ánni.

Það var spennandi að fljóta niður Petrohué-ána milli hárra skógi vaxinna fjalla með snjó efst á tindum.

Á kyrrlátri Petrohué-ánni.

Á kyrrlátri Petrohué-ánni.



Neðarlega í Petrohué-ánni voru flúðir þar sem stærsta aldan í um 5 metra falli var sennilega um 1,5 m, ég fór inn í hana á hlið og valt, renndi mér úr bátnum og svo var venjuleg félagabjörgun. Maður var talsvert blautur en þó ánægður eftir þetta ævintýri !

Landslagið nálægt Puerto Montt er stórbrotið, hér er horft yfir til Andesfjalla þar sem fjarðasvæðið byrjar.

Á markaðnum í Puerto Montt er matarlegt og fiskur og fiskréttir áberandi, mikið af handiðnaði fæst þar, en þessi frú selur grænmeti.

Logn og blíða á Lago Ranco.

Í dagróðri á Lago Ranco vatni.



Í dagróðri á Lago Ranco vatni.

Áð í vík við Lago Ranco, það var sól og hiti og ekki uppgengt úr víkinni gegnum þéttan trjá- og runnagróður, en lítill tær lækur rann niður í víkina.

Á ago Ranco vatninu, sem er sennilega nokkru stærra en Þingvallavatn, með nokkrum allstórum eyjum sem Mapucho indíanar byggja.

Götumynd frá Futrono, eina bænum við hið stóra Lago Ranco vatn, - þar er enginn “túrismi”, ekki eitt einasta póstkort að fá á af svæðinu! Bátarnir vöktu mikla eftirtekt.

KAYAKKLÚBBURINN

Úrslit úr Elliðaár-rodeo 2004

Undanrásir

	1. umferð			2. umferð			3. umferð			4. umferð		
	hringir	afbrigði	samtals	hringir	afbrigði	samtals	hringir	afbrigði	samtals	hringir	afbrigði	san
Anup	29	8	232	22	6	132	36	5	180	4	2	
Mummi	16	5	80	8	4	32	12	5	60	23	8	
Bragi	12	5	60	12	5	60	2	3	6	2	1	
Kristján	14	5	70	11	4	44	2	2	4	1	1	
Bjössi	12	4	48	1	2	2	2	2	4	8	4	
Garðar	2	2	4	10	3	32	2	1	2	8	3	
Jón Heiðar	12	2	24	8	4	30	3	2	6	3	3	
Dill	10	3	30	4	2	8	8	3	24	1	1	
Alli	6	2	12	3	1	3	2	2	4	8	4	
Jói Kojak	1	1	1	1	1	1	6	3	18	2	2	
Svanur	5	1	5	2	1	2	5	2	10	1	2	
Siggi Selur	2	2	4	1	1	1	3	2	6	2	3	
Elvar	1	1	1	7	1	7	2	2	4	1	2	
Kasper	2	3	6	1	1	1	1	1	1	1	2	
Garðar WC	1	1	1	5	1	5	1	1	1	3	1	
Johann	1	1	1	1	1	1	2	2	4	1	1	
Alex	1	2	2	1	1	1	1	1	1	1	1	

Úrslit

	1. umferð			2. umferð			3. umferð			
	hringir	afbrigði	samtals	hringir	afbrigði	samtals	hringir	afbrigði		
Anup	74	7	518	4	3	12	23	6	138	656
Kristján	10	4	40	24	7	168	39	8	312	480
Mummi	16	3	48	2	3	6	21	10	210	258
Bjössi	12	3	36	1	1	1	2	2	4	40
Bragi	4	3	12	4	2	8	4	2	8	20
Garðar	2	1	2	4	2	8	4	3	12	20

Necky

Dagger

römer

WERNER

8728-R
,

WERNER

KAYAKKLÚBBURINN

Ultima Tule expeditions

Laugardaginn 8.maí var áttunda vorkeppni Kayakklúbbsins haldinn. Eins og þrjú síðastliðin ár sem keppni þessi hefur verið á Geldinganesinu, þá var veður mjög gott en þátttakendur hefðu mátt vera fleiri, en 26 tóku þátt í fimm flokkum. Eins og oft áður þá fjölmenntu Ísfirðingar suður og tóku bikarinn bæði í 10 km karla og kvenna, kom þar mönnum reyndar ekki á óvart sigur Sveinbjörns, en hann var aðeins 1 sek. á undan læriföður sínum!
Þótt þátttakendur hafi verið færri en oft áður voru því fleiri áhorfendur og átti kayakfólk þarna ánægjulegan dag og að lokini keppni voru grillaðar pylsur í boði Hvammsvíkur og Ultima Tule.

Vill stjórn Kayakklúbbsins að lokum þakka þeim sem lögðu okkur lið, en aðal styrktaraðili Reykjavíkurbikarsins er Hvammsvík, um öryggisþáttinn sá björgunarsveit Ársæll en keppnisstjóri var Sigurjón og hans dyggi aðstoðarmaður Pétur. Staðarhaldarinn hann Jói var sömuleiðs búinn að leggja til mikla vinnu til að fegra umhverfi gámanna.

Karlar á Trefjabátum 10,5 km

nr.1	Sveinbjörn Kristjánsson	Inuk	00:58:28	01:05:10
nr.2	Halldór Sveinbjörnsson	Inuk	00:58:29	01:05:10
nr.3	Sigurður Pétursson	See Wolf	01:07:56	01:06:44
nr.4	Þröstur Þórisson	Sardina	01:08:05	01:10:40
nr.5	Haraldur Njálsson	Quest	01:09:21	01:10:45
nr.6	Valdimar Harðarsson	Calypso	01:09:33	01:11:20
nr.7	Örn Torfason	Inuk	01:11:48	01:11:38
nr.8	Hörður Kristinsson	Vikng	01:12:21	01:11:49
nr.9	Páll Gestsson	Kitiwec	01:12:22	01:11:52

Einstaklings kvenna 10;5 km

nr.1	Fanney Pálsdóttir	Inuk	01:13:19	
nr.2	Elín Eiríksdóttir	Nord Kapp	01:15:03	
nr.3	Jónína Guðjónsdóttir	Quest	01:26:00	

Karlar á plastbátum 10,5 km

nr.1	Mads Sircstedt	Seyak	01:07:04	01:10:47
nr.2	Kári Þorsteinsson	Kodiak	01:09:05	01:12:40
nr.3	Grétar Marteinsson	Capella	01:10:09	01:12:58
nr.4	Stefán A Stefánsson	Capella	01:12:43	01:13:01
nr.5	Gísli Kritbjörnsson	Dagger	01:13:39	01:16:58

Karlar 3,5 km

nr.1	Gunnar Sæmundsson	Sardina	00:21:55	00:25:29
nr.2	Finnbogi Björnsson	See Wolf	00:22:10	00:26:07
nr.3	Hlöðver Pálsson	Esplore	00:22:20	00:26:33
nr.4	Kristinn Benediktsson	Lettmann	00:23:32	00:26:37
nr.5	Reynir Tómas Geirsson	Viking	00:24:44	00:26:50

nr.6	Guðjón Ágúst Kristinsson	Lettman	00:25:13	00:27:09
nr.7	Ágúst Ingi Sigurðsson	Seyak	00:25:59	00:27:20
	Kvennfólk 3;5 km			
nr.1	Hildur Nilsen	Viking Lv	00:24:24	00:26:50
nr.2	Steinunn Sveinsdóttir	Quajaq	00:26:20	00:32:15

Staðan í keppnini til Íslandsmeistara eftir þessa keppni er þá svona

	Karlar	Stig
nr.1	Sveinbjörn Kristjánsson	100
nr.2	Halldór Sveinbjörnsson	80
nr.3	Mads Sircstedt	60
nr.4	Sigurður Pétursson	50
nr.5	Þröstur Þórisson	45
nr.6	Kári Þorsteinsson	40
nr.7	Haraldur Njálsson	36
nr.8	Valdimar Harðarsson	32
nr.9	Grétar Marteinsson	29
nr.10	Örn Torfason	26
nr.11	Hörður Kristinsson	24
nr.12	Páll Gestsson	22
nr.13	Stefán A Stefánsson	20
nr.14	Gísli Kritbjörnsson	18

	Konur	
nr.1	Fanney Pálsdóttir	100
nr.2	Elín Eiríksdóttir	80
nr.3	Jónína Guðjónsdóttir	60

KAYAKBÚÐIN
Hasle
QAJAQ

153

67

,

KAYAKBÚÐIN
Hasle
QAJAQ
HVAMMSVÍK

91

574

435

41
PHOENIX

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur

Úrslit og myndir frá Eiríki Rauða 2004

Sprettróður á Eiríki rauða 2004

Karlar	Tími	Seinni sp	Bátur
Sveinbjörn Hrafnsson	35,89	35,38	Inuk
Halldór Sveinbjarnarson	37,01	38,33	Inuk
Þorsteinn Sigurlaugsson	40,57	41,57	Nordness
Valdimar Harðarson	41,50	43,67	Calypso
Gunnar Sæmundsson	42,34		Sardinia
Sigurður Pétur Hilmarsson	42,78		Sea Wolf
Björn Traustason	43,39		Viking
Haraldur	44,56		Quest
Björn Magnús	45,00		Sea Wolf
Örn Torfason	45,08		Sardinia
Guðmundur Breiðdal	45,24		
Jóhann Kjartansson	47,65		Kitiweg
Orri Þorkell Arason	48,29		Hassle
Þröstur Þórisson	49,00		Sardinia
Hilmar Pálsson	49,04		Kitiweg
Kristinn Örn Sigurjónsson	55,75		Viking

Konur	Tími	Seinni sp	Bátur
Fanney Pálsdóttir	46,29		Inuk
Hildur Nilssen	46,80		Viking
Elín Marta Eiríksdóttir	50,09		Nordkapp
Ásthildur Sturludóttir	51,27		Capella
Rita Traustadóttir	56,44		Hassle
Anna Sigga	56,66		Hassle

2004 veltukeppni / sýning á Eirík

Keppendur	Hafskipa	Standard	1 / 2 ár	Báðar hendur á bl	Handvelta	Auka frjálst
Halldór Sveinbjarnarson	xxx	xxx	xxx	xxx	xxx	xxx
Björn Traustason	xxx	xxx	xxx	ooo	xxx	xxx
Sveinbjörn Hrafnsson	xxx	xxx	xxx	xxx	ooo	xxx
Guðmundur Breiðdal	xxx	xxx	xxx	ooo	ooo	
Þorsteinn Sigurlaugsson	xxx	xxx	ooo	ooo	ooo	
Haraldur	xxx	xxx	xxx	ooo	ooo	
Björn Magnús	xxx	xxx	ooo	ooo	ooo	

Sölus
Kayak Sag Stykki

Elín Marta	xxx	xxx	ooo	ooo	ooo	
Þröstur Þórisson	xxx	xxx	xxx	xxx	ooo	xxx

Veltukeppnin er ný grein og var núna ekki um formlega keppni að ræða þó keppendur hafi lagt sig alla fram.

Halldór Sveinbjarnarson framkvæmdi allar velturnar sem beðið var um auk þess að bæta við heilmörgu öðru.

Hann telst því Veltuvíkingur Eiríks Rauða
2004.

Þröstur Þórisson 15 ára sýndi frábærar jafnvægisæfingar á kajak og var greinlegt að honum líður eins að ganga um kajakinn sinn eins væri stofugólf, frábært.

KAYAKKLÚBBURINN

Jónsmessa í Hvammsvík 2004

Það lá þoka yfir svæðinu þegar farið var að grilla

Grillaðstaðan hjá Jarlinum

Málin rædd yfir steikini

Boðið var upp á glímu sem skemmtiatriði

Glímukapparnir

Síðan bauð Jarlinn upp á skyggnulýsingar og kayakmyndband

Gummi sést hér laumast í sjókayak ef grannt er skoðað og úti fyrir lónar Magnús, en sundlaugarnefnd klúbbsins mætti á svæðið og sá um að róa, velta og stunda björgunaræfingar.

Síðan var kveikt upp í bálkestinum

**Einhverjir dóluðu síðan í heita pottinn á meðan aðrir stungu saman nefjum í nepjuni eða sötruðu kaffi
í veitingaaðstöðuni hjá Pétri.**

KAYAKKLÚBBURINN

Tungufljót Extreme

Úrslit og myndir

Extream R.R Tungufljót 2004

Sæti	Nafn	Riðlar Tími	Úrslit Tími
1	Erlendur Magnússon	03:32	03:24
2	Reynir Óli Þorsteinsson	03:34	03:33
3	Jón Heiðar Andrésson	03:38	03:34
4	Guðmundur Vigfússon	03:39	03:39
5	Kristján Sveinsson	03:49	
6	Jóhann Hjartarsson	04:01	
7	Garðar Sigurjónsson	04:08	
8	Guðmundur Jón Björgvinson	04:14	
9	Elvar Þrastarson	04:19	

Elli Sigurvegari Tungufljóts Extrím 2004

KAYAKKLÚBBURINN

Straumfjarðarferð Kayakklúbbsins 2.-4. júlí 2004

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttasída
Æfingar og námskeið
Dagskrá
Korkur
Veltan
English
Póstur

Nú er komið að árlegri klúbbferð í Straumfjörð á Mýrum, ferð þar sem sjókayakmenn koma saman og þeir reyndari leiðbeina þeim sem minni reynslu hafa. Búið er að panta gott veður. Allir eru velkomnir, hvort sem þeir eru klúbbfélagar eða ekki. Straumfjörður er bær á Mýrunum, frægur fyrir það að franska rannsóknaskipið Pourqui Pas? strandaði þar á fyrri hluta 20. aldar.

Farið er fyrst í Borgarnes og þaðan tekinn vegurinn upp á Mýrar (þjóðvegur 54), ekið yfir brúna á Langá og þar beygt niður á veg 533 (merktur Álftanes) og ekið framhjá Álftanes-afleggjaranum og að bænum Sveinsstöðum (sem er ofan vegar) og þar beygt til vinstri niður að sjónum á Straumfjarðarafleggjarann. Akið varlega vegna fugla og unga sem þar eru á hverju strái og heim að bænum.



Í nýja húsinu eru þau hjónin Steinar Ingimundarson og Sigrún Guðbjarnadóttir og rétt að gera vart við sig hjá þeim. Tjaldstæðið er aðeins utar á túninu. Þau taka kr. 1000/bíl og eða tjald á nóttina og menn eru beðnir um að greiða þeim eins og við á. Hreinlætisaðstaða og vatn er á svæðinu. Tjaldið ekki yst á tjaldstæðinu vegna kríuvarpsins enda leyfir krían það varla.

Nákvæmara kort

Reiknað er með að menn mæti á svæðið á tímabilinu frá kl. 17 - 20 á föstudagskvöld 2. júlí og heimferð er ráðgerð seinni partinn sunnudag 4. júlí, en auðvitað geta menn komið, farið og verið eins og þeir vilja. Vel er hægt að koma yfir daginn á laugardag eða sunnudag.

Við reiknum með að fara ferð suður með landinu á laugardagsmorgun. Farið verður í átt að Dritskeri, Tangaey og Álftanesi og etv. lengra inn að minni Borgarfjarðar, þægilegan róður og áð á hinum fallegu hvítu sandströndum við minni Borgarfjarðar norðanvert.

Norðan við Straumfjörð er mikið æðarvarp, á Knarrarnesi og Geldingaey og nær öllum eyjum þarna og það er nú friðlýst varp til 15. júlí. Hugsanlegt er að landeigendur leyfi okkur að róa eitthvað norður eftir á sunnudag, en við fáum að vita það í vikunni. Allavega er ekki unnt að fara þar í land eins og er. Þá má líka fara aftur aðra leiðir suður með ströndinni og jafnvel inn í Borgarnes eða út undir Þormóðssker, allt eftir veðri og getu manna. Æfingar við Straumfjörð geta líka komið til greina.

Takið með ykkur allt sem þarf til góðrar helgar.....

Ferðanefndin.

Umræða á korknum

KAYAKKLÚBBURINN

Sjókayakklúbbferð í Straumfjörð á Mýrum helgina 4-6 júlí 2004

Kayakklúbburinn efndi til sinnar árlegu helgarferðar í júlíbyrjun ,ferðar sem einkum er ætluð byrjendum til að kynnast sjókayaksportinu á skemmtilegu kayakróðrarsvæði með þeim sem vanari eru og hafa öðlast reynslu í ferðamennsku á sjókayak.

Ferðanefndin hafði undirbúið og skipulagt ferðina og sett ferðaáætlunina á heimasíðu

Kayaklúbbsins ásamt því sem góðar umræður fóru fram á “korknum”,kayakfólksins sín á milli.

Straumfjarðarsvæðið er afar viðkvæmt á varptíma þeirra fugla sem þarna eiga sín hreiður og alveg sérstaklega æðarfuglsins.

Það er því mjög mikilvægt að kayakróðrarferðir um þetta svæði séu með leyfi og í sátt við landeigendur. Reynir Tómas í ferðanefnd, hafði allan veg og vanda af þeim þætti og var hann jafnframt tengiliður ferðarinnar.

Alls mættu 20 sjókayakræðarar til róðra ,flestir strax á föstudagskvöld, og var búið við

góðar tjaldaðstæður í Straumfirði.

Aðalróður helgarinnar var á laugardeginum og er róðrarleiðin sýnd hér á meðfylgjandi

korti. Róðrarleiðin var um 20 km.

Verulegur hæðarmunur er á milli flóðs og fjöru á þessu svæði eða um 4 metrar .

Róðrarleiðin á útleið var fjær landinu , eins og sést á kortinu, vegna útfallsins og síðan sýnist hún sumstaðar liggja yfir land , en það fór á kaf á flóðinu, sem var á heimleið.

Milt og gott veður var meginn hluta ferðarinnar, en súld og stundum smárigning, en á heimleið gerði VNV 8-10 m/sek vindstreng af hafi og á móti.

Allir sjókayakræðararnir stóðust róðurinn með mikilli prýði . Góður og skemmtilegur hópur og á breiðu aldursskeiði.

Um átta kayakræðarahópur réri síðan á sunnudeginum, sunnan varpeyja og í Hjörsey

Auk þess sem tveir réru á föstudagskvöld út í Þormóðssker og til baka aftur og sumir réru

Borgarfjörðinn þveran og í Straumfjörðinn seint að kvöldi föstudags.

Myndefni og frásagnir þeirrra ferða eru ekki inni í þessari umfjöllun.

Straumfjörður á Mýrum

Á myndinni sést straumröstin í fjarðarmynninu , sem Straumfjörður dregur nafn sitt af.

Verulegur straumur er þarna í fjarðarmynninu , einkum á útfallinu.

Straumfjörður á Mýrum var um aldir verslunarstaður sveitanna á innanverðu Snæfellsnesi ,Mýra og Borgarfjarðar með ýmsum “ handhöfum verslunarleyfa”, m.a dönsku einokunnarverslunnarinnar góðkunnu , en verslun lagðist með öllu af þarna um aldamótin 1900 og fluttist þá í Borgarnes. Þar höndla menn enn í dag.

Verslunarhúsin voru aðallega á nesinu sem myndin er tekin frá og eru enn sjáanlegar vegghleðslur þeirra , allt frá tímum Hansakaupmanna.

Á nútíma er Straumfjörður þekktur fyrir sjóslysið mikla sem varð í september árið 1936, þegar franska rannsóknarskipið Pourquoi Pas ? strandaði á skerinu Hnokka , í ofsaveðri. 39 menn fórust, en einn komst lífs af. Hnokki er rúma 3 km sunnan Straumfjarðar. Handan fjarðar er Kóranes, en fyrir það lá róðrarleið okkar.

Miðnætursól í Straumfirði á föstudagskvöld

Tjaldsvæðið í Straumfirði

Byrjað er að gera klárt fyrir laugardagsróðurinn . Lagt var af stað um kl 11.00

Lagt af stað frá Straumfirði

Gummi gerir sjóklárt—GPS staðsetning sett inn . Rúmlega er hálf útfallið. Falleg og góð skeljasandsfjara er í Straumfirði

Róðurinn frá Straumfirði er hafinn

Í baksýn er Sandey. 20 kayakræðarar leggja í róðurinn. Stillt er í sjóinn .

Róið var þvert fyrir mynni Straumfjarðar, en þar sem farið var að nálgast liggjandann var strumröstin hæg og ljúf, en á heimleiðinni í VNV strengnum og á aðfallinu þurftu þeir sem næst landinu réru að taka verulega á yfir straumröstina.

Við Tangey

Við Tangey sunnan Álftaness á Mýrum

Lending í fjörunni sunnan við Litlabæ á Álftanesi

Víðáttumiklar fjörur eru þarna á Álftanesinu og mjúkur skeljasandur . Hópurinn hefur tekið land og stefnt er á kaffipásu og spjall

Lending sunnan Litlabæjar á Álftanesi

Aðfallið er að byrja og betra að draga kayakana vel upp á sandinn , því hallinn er lítill og sjórinn því fljótur að flæða yfir stórt svæði

Kaffipása og fróðleikur í melgresinu á Álftanesfjörum

Leiðangursstjórinn Reynir Tómas flytur hugvekju um hvernig skemmtilegur kayakróður sem þessi verður til innan félagastarfs Kayakklúbbsins— kayakfólkið hlustar með andakt og verður um margt fróðara . Þarna var gott að stoppa endurnýja kraftana áður en við héldum inn að mynni Borgarfjarðar, sem var næsti áfangi.

Róið á lygnum sjónum innan við Girðisflögur í mynni Borgarfjarðar

Róið með Girðisflögum í mynni Borgarfjarðar

Eyjar og sker taka sífelldum breytingum fyrir áhrif flóðs og fjöru og mikið sjónspil að upplifa . Sjókayakróður er engum öðrum sjóferðamáta líkur— friðsæll og frjáls þegar vel viðrar

Í Álftanesós

Ein hugljómun ferðaplansins var að róa inn Álftanesósinn og síðan með vaxandi flóði alveg inn í Straumfjörð. Í umræðunni á " Korkinum" fyrir ferðina var velt upp tímasetningum varðandi flóð og fjöru. Hvaða máli skiptir það ?? sögðu róðrarfélagar .

Svarið fékkst hér í Álftanesós . Við vorum ekki á réttum stað á réttum tíma og hér dregur Reynir Tómas í land og ákveðið er að meta stöðuna. Það vantaði sjóinn í þessar flæður.

Eins og einu sinni var sagt "Kóngur vill sigla , en byr ræður" En þetta var mjög gaman og eftirminnanlegt og í raun "rúsínan í pylsuendanum" á róðrinum.

Í Álftanesósnum

Hér er fyrsta strand í ósnum . ‘I baksýn er kirkjan í Álftanesi á Mýrum

Hér höfum við smásaman þokast um 1 km upp í Álftanesflæðurnar eftir því sem aðfallið vex

Þegar hér er komið er orðið sýnt að lengra verður ekki komist fyrr en eftir einhverja klukkutíma. Það vatnar tæpast yfir tærnar á Jóa þegar hann stígur úr kayaknum.

Ákveðið var að snúa við og hætta þar með við að róa inní Straumfjörð þessa leið.

Á útleiðinni, fremst í ósnum, var kominn bullandi ólgustraumur á innleið og var skemmtilegt að þvælast yfir þá ólgu. Þegar út á haf var komið var hafgolan að vinda sig uppí strekkings mótvind sem hélt okkur vel við róðurinn allt inní Straumfjörð.

Þessum skemmtilega laugardagsróðri lauk síðan við tjaldstæðið í Straumfirði milli kl. 17 og 18 þann 5. júlí 2004 eftir 20 km sjókayakróður frá Straumfirði með suðurströnd og eyjum Álftaness á Mýrum ,inn í mynni Borgarfjarðar og með ýmsum krókaleiðum til baka.

Ástæða er til að hvetja kayakræðara ,einkum hina óreyndari, til þáttöku í ferðum sem þessari og öðlast nauðsynlega reynslu með því móti.

Texti: Sævar Helgason

Myndir: Guðmundur Jón Björgvinsson og Sævar Helgason

Til baka

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasída

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2002

Korkur

Veltan

English

Póstur

13. – 15. ágúst 2004 Langisjór.



- þráður ferðarinnar -

Langisjór í faðmi fjalla

Að mati margra er Langisjór fegursta fjallavatn á Íslandi og því ekki að ástæðulausu að róður um Langasjó er árlega á dagsskrá kayakklúbbsins.

Í frábæru veðri, sól og hita, var lagt af stað frá Reykjavík í átt að Hrífunesi þar sem hitta skyldi hina í hópnum. Tilhlökkun var mikil en á Hellisheiði skall á þoka svo dimm að ekki sá nema rétt í næstu stiku. Þegar komið var í Hrífunes var þokan svo þykk að hópsstjórinn stóð í vegarkantinum eins og draugur veifandi ljósi til að beina mönnum á tjaldstað.

Um morguninn skein sól í heiði. Leiðangursmenn voru því léttir í lund er var lagt af stað, sem leið lá inn að Langasjó. Loks blasti langþráður Langisjór við augum, spegilsslétt ur. Á svartri öskublandinni sandströndinni var hafist handa við að undirbúa brottför. Vatnið var spegilsslétt og loftið heitt, meira að segja Langisjór var volgur uppi við ströndina. Í hópnum voru 11 þátttakendur, sumir reyndir en sumir að róa í fyrsta sinn.

Að róa á Langasjó er sérstök upplifun. Langisjór er um 20 kílómetra langur og liggur í þröngum dal milli tveggja fjallgarða, Fögrufjalla og Grænufjallgarðs. Landslagið er stórbrotið. Fjöllin steypast fagurgræn niður að vatnsbakkanum og endurtaka sig í spegiltærum bláma vatnsins. Litbrigðin í móberginu og grænar mosaþembur, svart, brúnt og grænt. Ströndin er síbreytileg, hellar og skvompur, eyjar og smásker.. Innst blasir við Vatnajökull, endimörk ferðarinnar í jökulsporðinum laða að og lífga enn meir á litskrúðið.

Í þessu undursamlega veðri var hópurinn ekki einn á ferð heldur fylgdu okkur eftir nokkrir aðdáendur íslenskrar náttúru, þeir ljósmyndarar Jóhann Ísberg og Ragnar Axelsson, auk Guðmundar Páls Ólafssonar. Má efast um að nokkur ferð kayakklúbbsins hafi verið svo ítarlega skráð á filmur.

Róið var sem leið lá inn Langasjó og stefnan tekin á Fagrafjörð. Þar var áð í stórri eyju og grafið í nestispokana. Meðan við sátum í góðu yfirlæti tók að kólna og upp voru dregnar úlpur. Svo var róið af stað. Þegar kom fyrir hornið á eyjunni sást hvers kyns var: Jöklasýnin horfin og þokan var að vella niður fjallhlíðarnar úr suðri. Skömmu síðar var þokan lögst yfir. Hópurinn safnaðist saman og síðustu 7 kílómetrana var róið eftir GPS stefnu. Þokan var svo dimm að rétt grillti í næsta bát. Einhversstaðar nánd mátti heyra beljandi í útfallinu, en ekkert sást. Skyndilega birtist ströndin fyrir framan nefið á fyrsta bát. Við vorum komin í áfangastað.

Litrík tjöldin spruttu upp af mosaþembunum og svo barst grilllyktin út í þokuloftið. Kveiktur varðeldur og þeir sem áður höfðu róið Langasjó lýstu því sem ætti að bera fyrir augu., hvernig ævintýrið gæti verið með öðrum blæ. Um nóttina létti til og glöddust nátthrafnar en þegar roðaði að morgni var þokan að læðast inn að nýju. Sumir létu það ekki á sig fá og lögðu í gönguferðir. Aðrir lögðu snemma af stað til baka.

Á bakaleið létti til að nýju. Fyrst var áð við Útfallið. Þar liggja nú mælitæki og lagnaefni, napurlegur vitnisburður um fyrirhugaða framtíð Langasjávar sem er kominn á dauðalista stóriðjudrauma. Stefnt er að stífla Útfallið og hækka vatnsborðið um 15 metra þannig að hægt sé að hleypa frárennslinu yfir í Tungnaá og nýta í virkjanasamstæður Þjórsár. Napurleg örlög fyrir þetta stórbrotna, einstaka vatn. Svo var róið sem leið lá suður vatnið, með viðeigandi stoppum og spjalli og landi náð í eftirmiðdaginn.

Eftirminnilega ferð í alla staði og er eindregið mælt með því að kayakmenn flykkist á Langasjó á næstu sumrum – það er ekki víst hversu lengi hans mun njóta.

Ásta Þorleifsdóttir

Gert Klárt

Komin á flot

Fallegasta fjallavatnið

Fjarlægðin gerir fjöllin blá

Í golu

Þokan læðist inn

Á GPS

Myndir að ofan : Ásta og Halldór

Myndir að neðan: Grímur

Bílar í landi og bátar á sjó

Fallegt er það



Klúbbferð á Fellsströnd og í Breiðafjarðareyjar norðan Breiðasunds og Hvammsfjarðarrastar 6.-8. ágúst.

Næsta klúbbferð er fyrirhuguð á Fellsströnd og þaðan út í eyjarnar norðan við Hvammsfjarðarröstina. Þetta er ferð sem bæði sjómenn og straumvatnsmenn gætu haft áhuga á því við munum fara að og í straumrastir sem þarna eru, svo sem strauminn "Knarrarbrjót" við Purkey og svo sjálfa "Röstin" eða Hvammsfjarðarröstina, þar sem meginvatnsmagnið inn og út um Hvammsfjaraðmynnið fer úr Breiðasundi (hraðinn er þar sagður allt að 24 hnútar. Þeir sem vilja fara nær landi og á straummynni svæðum en meiri kappar fara nær miðjum straumum.

Þetta er kannski ekki ferð fyrir nýliða, en aðrir en klúbbfélagar (þ.e.a.s. væntanlegir klúbbfélagar) eru hjartanlega velkomnir.

Vinsamlega tilkynnið ykkur á korkinum, svo við höfum hugmynd um hverjir ætla að koma, m.a. vegna góðra samskipta við landeigendur á Ytra-Felli, í Purkey og Hrappsey. Þannig má líka etv. nýta sameiginlegar ferðir.

Áformað er að hittast í túninu á Ytra-Felli á Fellsströnd föstudagskvöldið 6. ágúst. Af þjóðvegi 60 um Dalina er ekið út Fellsströndina eftir vegi 560 fram hjá Hvammi í Dölum og Staðarfelli og að enda Ytrafellsmúla. Þar er grátt hús og hlaða/fjárhús rétt neðan vegar og það er bærinn Ytra-Fell. Þar er ekki lengur búskapur að marki, en búið í húsinu. Við höfum leyfi til að tjalda þar um nóttina.

Það tekur 2 og hálfann til 3 tíma að aka vestur úr Reykjavík.



Við tökum því rólega um morguninn því háflóð er um kl. 10, en við ætlum þá að ná því og fara af stað um 09.30 - 10 eða svo, ef einhverjir ætla sér að koma um morguninn. Svo verður róið sunnan Deildareyjar og norðan við Nauteyjar og Emburhöfða (sem er eyja), norðan við eyjarnar Barkarnaut og Helganaut (eða sunnan þeirra í Röstinni með útfallinu) og svo inn í Knarrarbrjót að Purkey.

Þar verður áð (með leyfi eiganda). Purkey er vogskorin, liggur í stefnuna norðaustur til suðvesturs og er löng og mjó. Fjöldi hólma og skerja er umhverfis þessa landnámsjörð og bærinn er nyrst og austast (þar heitir Bæjarey). Sunnar á eynni heitir Stakkar og þar er djúp höfn sem heitir Írahöfn. Etv. væri gott að taka pásuna þar. Svo skoðum við Þrælagjá og Gálgastein á suðurodda eyjunnar og þaðan förum við yfir Selasund suður með Hrappsey á voginn milli Dagmálaeyjar og heimaeyjarinnar og í heimalendinguna. Þar er okkur heimilt að tjalda og grilla með öllum sjálfsögðum skilyrðum um góða umgengi. Ekki skaðaði að menn væru með nokkra eldkubba til að kveikja lítinn fjöruvarðeld, ef vel viðrar. Við göngum m.a. um eyna og rifjum upp sögu þessarar nafnfrægu eyjar.....

Næsta morgun er áformað að róa í hinar ábúðarmiklu Klakkeyjar norðan Hrappseyjar og svo norður að Stekkjarey og Skáley og inn Skáleyjarstraum og að Litla Dagverðarnesi og þaðan aftur að Ytra-felli. Annar möguleiki væri að halda með flóðinu inn sundið milli Arneyjar og Langeyja og inn að gamla kirkjustaðnum að Dagverðarnesi, en þá verða menn að ganga tilbaka 10 km að sækja bílana að Ytra-Felli. Það gæti þó verið ágæt æfing fyrir neðri hluta líkamans og fyrir Reykjavíkurmaraþonið! Við látum þetta ráðast af veðri, vindum og straumum, þ.e.a.s. flóði og fjöru: Við eigum eftir að fá aðeins betri upplýsingar um flóð og fjöru, en inn við Ytra-Fell er háfjara um kl. 17-18 og ágætt að komast aftur að landi um kl. 20.

Hittumst, Reynir Tómas Geirsson og Sævar Helgason f.h. ferðanefndar.

Word skjal frá Sævari sem lýsir leiðum sem hann hefur róið á þessum slóðum og fyrirhuguðum róðri er hægt að nálgast með því að smella hér

KAYAKKLÚBBURINN

Ferð Kayakklúbbsins frá Ysta - felli á Fellsströnd um eyjar í mynni Hvammsfjarðar í júlí 2004

Til baka

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Tungufljót

Faxi í Tungufljóti

Tungufljót hefur bæði einkenni bergvatns (lindár) og jökulsvatns, en það er breytilegt m.a. eftir árstímum, hvort jökulvatnið eda bergvatnið er ríkjandi. Vatn rennur til Tungufljóts bæði frá langjökli um jökulkvíslina Farið og úr Sandvatni. Þegar áin kemur úr Sandvatni heitir hún Ásbrandsá en Tungufljót þegar neðar dregur á Haukadalsheiðina.
Við fossinn Faxa er meðalrennsli Tungufljóts 43 m^3/sek en ofan við faxa er vatnasvið Tungifljóts 720 km^2.
Neðan faxa rennur Tungufljót stuttan spöl í í grunnu gljúfri en eftir það breiðir það úr sér og rennur lygn á sandeyrum. Tungufljót rennur síðan í Hvítá rétt ofan við Laugarás.

Lýsing á ferð ofan Geysis

Fossastökk

-

KAYAKKLÚBBURINN

Stóra Laxá

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Hér eru nokkrar myndir úr Stóru Laxá í Árnessýslu

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Ytri Rangá

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English

Póstur

Ytri Rangá er bergvatnsá sem fellur úr Rangárbotnum og skilur að annars vegar Rangárvelli, hins vegar Land, Holt og Djúpárhrepp. Rennsli hennar er tiltölulega jafnt og líkt og aðrar lindár þá frýs hún sjaldan. Talið er að nokkuð af vatninu komi frá Þjórsá neðarjarðar og mjög skammt er á milli ánna austur af Búrfelli. Hjá Hellu er algengt rennsli árinnar 23-58 m^3 á sek.

Kayakklúbburinn hefur nýtt Rangá mikið til æfinga síðastliðin 15 ár. Helsta æfingarsvæði klúbbsins er við Galtalæk. Rennsli árinnar er mun minna þar en við Hellu eða um 20 m3/s. Hægt er að skipta ánni í tvö svæði fyrir ofan og neðan Galtalæk. Fyrir ofan Galtalæk er farið í ánna við Merkikvol sem er u.þ.b. 15 km fyrir ofan Galtalæk. Þar eru þrjár flúðir í ánni. Fremur stuttar en mjög krappar og krefjast talsverðar tækni af ræðaranum ef hann á að sleppa sómasamlega frá þeim. Neðsta flúðin er erfiðust með erfiðleikagráðuna þrír til þrír plús.



Eftir nokkurn róður er næst komið að skrárgatinu. Þar fer áin í gegnum gat sem er um meter á breidd og rennur niður nokkurn bratta undir brú (brúin á veginum upp að Heklu). Þetta er skemmtileg flúð með erfiðleikagráðu nálægt þremur. Næst tekur við fremur rólegur róður niður að Skógarfossi og Ármannsflúðum. Hér skiptist áin í tvo hluta og er vinstri leiðin einungis fær. Skógarfoss er eiginlega flúð sem endar á meters háum stalli. Fyrr neðan skógarfoss tekur Ármannsflúðin við sem er stutt en auðveld flúð með erviðleikagráðuna tveir.

Ármansflúðinni var gefið þetta heiti af kayakræðurum, sem þótti flúðin vera ægileg og var þeirra æðsta takmark að komast í gegnum flúðina. Síðan hefur sá siður komust á í klúbbnum að byrjandi getur ekki talist fullgildur meðlimur í klúbbnum fyrr en hann sigrast á flúðinni. Fær hann þá nafnbótina Ármaður. Ármaður ársins er síðan valinn í lokahófi kayakmanna.

Niður að Galtalæk er um tveggja km róður og er þá komið að stalli í ánni sem liggur þvert yfir hana. Þessum stað var gefið nafnið leikfangaland. Þar er byrjendum kennd grunnatriði kayakróðurs s.s. hvernig á að róa í gegnu straumskil, hvernig má leika sér í flúðum og önnur grunnatriði.

Fyrir neðan Galtalæk tekur strax við auðveld flúð sem hefur verið kölluð Öngullinn. Síðan er komið að svo kölluðum s-beyjum. Áin skiptir sér í tvo hluta þarna og er vinnstri hluti árinnar valinn. Þarna er mjög fallegt landslag og rennur áin sveig og hlykkjum um gróið land. Stanslausar flúðir eru í ánni á 3. km. löngum kafla og er áin aldrei erfiðari en erfiðleikagráða þrír segir til um. Róa verður með nokkuri gát því yfirsýn er lítil. Menn verða því að lesa ánna vel. Að lokum er komi að Klapparfossi. Fossinn er um þriggja metra hár og fellur í stóra skál. Auðveldara er að fara hann þegar mikið er í ánni. Sumarið 1996 var hann farinn og áttu viðkomandi kayakræðarar í talsverðu basli með að komast frá honum.

Eftir eru tvær flúðir. Fyrir neðan Klapparfoss er erfið flúð sem er líklega þrír plús og síðari flúðin sem er tveir. Mikið neðar í ánni eru aðrar flúðir og verður að keyra þangað. Þær flúðir hafa ekki verið farnar lengi.

Undan farin ár hefur vatnið í Ytri Rangá farið minnkandi. Telja sumir að það vísi á gos í Heklu. Gaman væri að ná myndum af kayakræðara í flúðum með Heklu gjósandi í bakgrunninum. Fyrstu helgina í júní ár hvert er fjölskylduferð Kayakklúbbsins í Galtalæk. Þá geta byrjendur nýtt tækifærið og lært grunnundirstöður straumvatnsróðurs.

-Til baka-

KAYAKKLÚBBURINN

Jökulsárlón

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Hér eru nokkrar myndir úr Jökulsárlóni

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Hvítá í Borgarfirði

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Hér eru nokkrar myndir úr Hvítá

- til baka -

KAYAKKLÚBBURINN

Hvítá

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Hvítá rennur úr Hvítárvatni. Hvítárvatn liggur við austurjaðar Langjökuls í 421m hæð y.s. Það er sjötta stærsta stöðuvatn Íslands 29.6 km². Hvítá er mikið vatnsfall strax þegar hún kemur úr Hvítárvatni. Þar er meðalrennsli hennar um 50m³/sek enda hefur við útfallið vatn runnið til Hvítár af 843 km² svæði, en til sjávar á vatnið þarna eftir að renna um 135 km leið.

Helstu flúðir í Hvítá neðan Brattholts

Hvítá í Biskupstungum hefur verið helsta æfingará Kayakklúbbsins í Reykjavík undanfarin ár. Segja má að allar flúðir í Hvítá neðan við Gullfoss hafi verið kannaðar. Áin er ekki mjög erfið fyrir miðlungsgóða kayakræðara og nær hún sjaldan erfiðleikagráðu sem er stærri en þrír. Skipta má ánni í tvo hluta fyrir ofan og neðan svo kallaðann Veiðistað. Veiðistaðurinn er u.þ.b. 1,5 km fyrir ofan Brúarhlöð þar sem bátafólkið fer í ánna. Fyrir ofan Veiðistaðinn er farið í ánna á tveimur stöðum; rétt fyrir neðan Gullfoss eða rétt fyrir ofan sveitabæinn Brattholt (sem er neðar). Við Brattholt þarf að klifra niður snarbratta klettaveggina og er það erfiðasti hluti leiðarinnar. Á leiðinni niður að veiðistað eru fjórar góðar flúðir. Fyrst kemur maður að löngum flúðum þar sem farið er í gegnum margar öldur. Næst er komið að, líklegast erfiðustu flúðinni í hvítá neðan við Gullfoss, eða flúðinni við Nautavík. Áin skiptir sér þar í tvo hluta; helmingurinn fer inn í stóra vík (Nautavík) og hinn myndar flúðir. Straumskilin við víkina eru mjög sterk og henta vel til leiks. Fyrir ofan víkina er kröp flúð með mjög stórri holu. Niður að Veiðistað eru tvær flúðir og ef *chicken shuit* er sleppt getur önnur flúðin verið mjög kröpp. Leiðin frá Brattholti og niður á Veiðistað er u.þ.b fimm km löng.

Veiðistaðurinn er besti staðurinn í ánni og þó víðar væri leitað. Þar geta verið allt að sex surf öldur, þar sem fremsta aldan er í einu orði sagt frábær. Við Veiðistaðinn má eyða heilum degi við leik, nema óæskilegir veiðimenn trufli kayakmenn. Veiðistaðurinn dregur nefnilega þetta kaldhæðna nafn sitt af aumum veiðimönnum sem hafa sést þar standa hoknir í þeirri von að það fáist einhver fiskur.

Fyrir neðan Veiðistaðinn er síðan önnur helsta flúðin í ánni, sem er Illvitinn. Þar er áinn þvergirt með holum, þrátt fyrir að vera um 100 metra breið þarna. Hægt er að velja sér margar leiðir í gegn, en auðveldast er að fylgja hægri bakkanum. Næst er komið að Brúarhlöðum.

Brúarhlöð eru í landi Haukholta. Í forni þjóðsögu er greint frá því að steinbogi hafi fyrrum verið yfir Hvítá á Brúarhlöðum. Síðan segir frá deilum bændanna í Haukholtum og á Gýjarhóli handan Hvítár, sem enduðu með því að þeir brutu þessa náttúrulegu brú niður. Líklegt er að þjóðsagan hafi orðið til sem skýring á heitinu Brúarhlöð.

Áin fer í gegnum þröngt gat sem er tveir til þrír metrar á breidd. Þar geta oft verið miklir bólstrar og uppstreymi og hafa menn átt í erfiðleikum með að halda jafnvægi í Brúarhlaðaopinu. Eftir þetta fer áin að róast og eru samt fimm km. eftir að Drumboddsstöðum, þar sem kayakar eru yfirleitt er teknir upp. Fyrir neðan Brúarhlöðinn opnast gljúfrið og er mælt með því að fara vinstra meginn við Karlinn, sem stór klettadrangur í miðri ánni. Þar má finna lygnu og surf öldu. Þarna er landslagið geysilega fallegt og má slaka á fyrir neðan Gataklettinn. Eftir eru þrjár fremur rólegar flúðir og verða menn að reyna að nýta þær eins vel og hægt er. Mikið neðar í

Hvítánni taka við aðrar flúðir en ekki er mjög spennandi að fara í þær, þar sem mikill og langur róður er á milli þeirra. Hvítá rennur svo saman við Tungufljót, Brúará og Sogið og myndar með þeim Ölfusá sem er flatari pönnukaka.

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Hrúteyjarkvísl

Hrúteyjarkvísl er stutt á eða hvísl sem rennur úr Skjálfandafljóti rétt ofan við Goðafoss. Skjálfandafljótið er jökulá. Rennur hún um Bárðardal og ósar hennar eru í Skjálfandaflóa. Kvíslin er góð byrjendaá, erfiðleikagráða er tveir í litlu vatni en þegar mikið er í getur áin náð þremur. Nokkrar góðar leikholur eru í ánni en *surf* öldur eru fáar og litlar. Kvíslin er grýtt og getur reynt talsvert á tæknigetu ræðara. Því er oft um margar leiðir að ræða niður kvíslina sem gefur tækifæri á að æfa *eddie dropping*. Hér er um ræða stutta en mjög góða æfingará fyrir byrjendur og miðlungsgóða Kayakræðara.

Nokkrar myndir teknar við Hrúteyjarkvísl í júli 1995.
Smelltu á mynd til að sjá hana í fullri stærð

-Til baka-

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf
English
Póstur

Elliðaár

Eins og alkunna er renna Elliðaár í gegnum Reykjavík. Nokkur óvissa ríkir um upptök Elliðaáa. Áin dimma rann úr Elliðavatni og sameinaðist Hólmsá stuttu seinna. Var ætlun margra að þar væri upphaf Elliðaánna. En rétt eftir 1930 var Elliðavatn stíflað og breyttist þá útfall þess. Er nú sagt í daglegu tali að Elliðaár komi úr Elliðavatni.

Að leik í holu sem myndast fyrir neðan útfallið frá rafstöðinni

Vatnasvæði Elliðaánna er um 270 km2. Algengt sumarrennsli þeirra er 2 - 5 m3/s en vetrarrennsli er 2,5 - 12 m3/s. Í Vetrarvatnsveðrum getur hlaupið mikill vökstur í árnar. Mesta flóð, sem vitað er um, varð í febrúarlok 1968. Er talið að þá hafi vatnsmagn þeirra verið 110 m3/s. Eins og gefur að skilja af rennslistölunum henta Elliðaár ekki vel til kayakróðurs. Samt hafa þær verið nýttar til slíks brúks undan farin ár frá 1. nóvember til 1. maí. Yfir veturinn er litlu vatni hleypt niður árnar. Þá er vatnið leitt í stokkum í Elliðaárvirkjunina. Milli kl. fimm og átta virka daga getur rennslið náð 12 m3/s fyrir neðan virkjunina. Þar er hola sem er vel nýtanleg til æfinga. Einnig er hægt að nýta flúðir við stíflunа í Elliðavatni og róa niður að rafveitubrú. Frá Stíflunni í Elliðaám niður að virkjuninni er yfirleitt lítið vatn í ánum. Þegar flóð verða í ánum geta þar myndast miklar flúðir. 1. maí ár hvert er öllu vatni hleypt niður árnar frá stíflunni. Árnar breytast þá örskömmum tíma úr því að vera meinlítill lækur í mikið fljót. Yfirleitt er vatninu hleypt á um kl. 9 og endist það í um klukkustund. Helsi kostur Elliðaár er að þær eru innan borgarmarkana Hægt er að æfa þar yfir vetrarmánuðina nauðsynlega kayaktækni, sem nýtist vel þegar farið er í vatnsmeiri ár á sumrin.

- Ellðarárrodeo 2000 -

KAYAKKLÚBBURINN

Veltan

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Á þessari síðu er farið yfir veltuna "eskimo roll" en hún er eitt það nauðsynlegasta sem kayakræðrarar þurfa að kunna.



Það sem skiptir hvað mestu máli í veltunni er "hip-flikkið" svokallað eða mjaðmahnykkurinn.

Gott er að æfa hann við bakka og hugmyndin er sú að þú veltir bátnum við með mjöðmunum áður en búkurinn kemur upp úr vatninu og algert skilyrði er að hausinn komi síðastur upp. (Sjá mynd.)



Þessi mynd sýnir upphafsstellingu veltunar.

Þá er komið að veltunni sjálfri:



Fyrst er nauðsynlegt að setja úllið hægri handar alveg fram því í

veltunni þá snýr maður honum aftur líkt og gefið sé í botn á mótorhjóli.

Það þarf að koma hægra árablaðinu uppá yfirborðið með árablaðið flatt og síðun skrúfar maður sig upp með því að fleyta blaðinu eftir yfirborðinu um leið og maður gefur í með hægri úlliðnum.

Það er tvennt sem þarf að passa

1. Að Halda vinstri hendinni að sér.

2. Að gera hip-flikkið og láta hausinn koma síðastan upp.

Video af veltunni sem hægt er að ná í og vista á eigin vél. (avi 2 mb, tekur dulitla stund.)

Ýttu á Ctrl + ná í video

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Söluaðilar

Sportbúð Titan Seljavegur 2 Reykjavík. Sími. 551-6080

- **Kajakar, kanóar, seglbretti, búninga og tilheyrandi.**

PRIJON

Útilíf
Glæsibæ Álfheimum. Reykjavík. sími 581-2922

- **Kajakar, kanóar, búninga og tilheyrandi**
-

Dagger

Gúmíbátaþjónustan.
Eyjaslóð 11. Reykjavík sími 551-4010

- **Gallar**

Fjölform
Bíldshöfða 18 sími. 5679660

- Fyrirtæki sem er með gott efni til að "fitta" kayak

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn
Straumvatn
Sjór
Tengingar
Fréttabréf

English
Póstur

Kynning á klúbbnum

Kayakáhugi á sér langa sögu á Íslandi. Fregnir herma að menn hafi verið farnir að stunda róður á kayak hér við land snemma á þessari öld. Á þeim tíma var mest róið á sjó og menn smíðuðu sjálfir sína kayaka. Hinn grænlenski kayak var fyrirmyndin. Grænlenski kayakinn, eins menn smíðuðu hann hér á landi, var gerður úr trégrind með segldúk sem var strekktur yfir grindina. Grænlendingar smíðuðu aftur á móti hinn eina og sanna húðkeip. Grind kayaksins eða húðkeipsins var gerð úr beinum og var selskinn strekkt yfir grindina.

Langt fram eftir þessari öld var Grænlendingurinn sú gerð kayaks sem ræðarar höfðu aðgang að, en á árunum eftir 1960 koma til sögunnar nýjar gerðir kayaka. þar má fyrst nefna trefjaplastbátana. Með tilkomu þeirra opnuðust nýjir möguleikar til kayakróðurs. Þá fóru erlendir ræðarar fyrst að stunda af alvöru róður í straumvatni. Síðar var farið framleiða kayakinn úr plasti og hafa þeir að mestu leyst trefjaplastbátana af hólmi.

Fyrsti kayakklúbburinn Íslandi er stofnaður í Reykjavík 1981. Með tilkomu þessa klúbbs er farið að stunda kayakróður í straumvatni Íslandi. Fyrstu árin snérist starfsemi klúbbsins að mestu um þá hlið kayakmennskunnar, en hin síðari ár hefur áhugi á kayakróðri stór aukist, sem hefur leitt til þess að aftur er farið að stunda kayakróður á sjó. Nú fer fram skipuleg kayakstarfsemi á a.m.k. tveimum stöðun utan Reykjavíkur og er það á Akureyri og á Neskaupsstað. Kayakklúbburinn í Reykjavík starfar allt árið og skiptist starfsemin í tvær deildir; sjó- og straumvatndeild. Frá byrjun janúar og fram í maí fer starfsemi kayakklúbbsins að mestu fram í Laugardalslauginni. Á þessu tímabili eru haldnar laugaræfingar hverjum þriðjudegi. Þar geta áhugasamir verðandi kayakræðarar fengið kennslu í öllum helstu grundvallaratriðum kaykaróðurs. Kayakklúbburinn heldur einnig nokkra kynningarfundi yfir vetrarmánuðina í húsakynnum ÍSÍ í Laugardalnum.

Þegar líður á veturinn fer reyndum kayakmanni að klæja í fingurna og vill komast í raunverulegt vatn. Kayaktímabilið hefst rólega, yfirleitt í febrúar, og er þá róið út á sundin við Reykjavík. Þetta er tilvalin æfing bæði fyrir þá sem stunda straumvatnssiglingar og þá sem stunda sjókayakróður. Hasarinn hefst síðan í apríl með æfingum í Elliðaánum. Þessar æfingar eru notaðar til þess að undirbúa sig fyrir sumarið. Yfir sumartímann er síðan farið um hverja helgi í einhverja ána í nágrenni Reykjavíkur eða í lengri ferðir út á sjó. Yfirleitt eru þetta óskipulegar ferðir, en kayakklúbburinn stendur einnig fyrir nokkrum skipulögðum ferðum, sem geta varað allt að því í viku. Félagar kayakklúbbsins reyna einnig að hafa æfingar á

fimmtudögum yfir sumarmánuðina. Venjulega er þá róið út á sjó eða á eitthvert stöðuvatnið í nágrenni Reykjavíkur. Þegar dregur nær hausti hægist starfsemi kayakklúbbsins og í september hefjast laugaræfingarnar aftur, og eru þær haldnar einu sinni í mánuði fram í janúar.

Kólnar undir formanninum í fyrsta róðri ársins 1995

KAYAKKLÚBBURINN

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

Veltan

English

Póstur

Kayakklúbburinn

Kayakklúbburinn var stofnaður vorið 1981, og er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Starfsemi klúbbsins hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og eru virkir félagar nú rúmlega 200.

Innan kayakíþróttarinnar eru nokkrar gerðir kayaka, en hér á landi er aðalega lagt stund á róður á straumvatns og sjókayjökum. Klúbburinn hefur aðstöðu í Sundlaugunum í Laugardal og í Nauthólsvík, þar sem er búnings- og sturtu aðstaða ásamt geymslu fyrir 35 kayaka.
Einnig er klúbburin með gám á eiðinu við Geldinganes þar sem félagar geta fengið að geyma sjóbátana. En ekki er nein búnings eða sturtu aðstaða þar.

Æfingar í sundlaugunum byrja á fullum krafti í febrúar og eru einu sinni til tvisvar í viku fram í maí, sjáið nánar æfinga- og námskeiðatöflu. Yfir veturinn hittast menn í Nauthólsvík á laugardags morgnum klukkan 10:00 og róa saman, en á fimmtudags kvöldum klukkan 20:00 á sumrin.

Þrjár keppnir eru haldnar, fyrst skal nefna Bessastaðabikarinn 11 km kappróður fyrir vana og 5,5 km fyrir nýliða semhaldin er í lok apríl. Á svipuðum tíma er "Ródeó" keppni straumvatnsmanna í Elliðaánum og síðasta keppnin er Hvammsvíkurmaraþon í lok ágúst, róið frá Geldingarnesi upp í Hvammsvík í Hvalfirði.

Fyrir utan fjölmargar óskipulagðar ferðir þá eru nokkrar skipulagðar ferðir á vegum klúbbsins.
Þar má helstar nefna ferð straumvatnsmanna í Galtarlæk í byrjun júní og
sjókayakmót Flóka Vilgerðarsonar í Stykkishólmi.

Hér er aðeins nefnt það helsta. Ef þið viljuð leita frekari upplýsinga, þá erum við stjórnarmenn fúsir að veita þær.

Formaður:
Þorsteinn Guðmundsson
sími: 554 4482

Varaformaður:
Baldur Pétursson
s. 586-1079

Ritari:
Björn Traustason

Gjaldkeri:
Guðmundur Breiðdal

Meðstjórnendur:
Guðmundur Jón Björgvinsson s : 896-7516
Jóhann Ragnar Kjartansson

Félagsgjöld 2003

Félagsgjöld eru fyrir einstakling kr. 4.500, fyrir 18 ára og yngri kr. 3.500 og fjölskyldugjald er kr. 6.000.

Aðstöðugjald í Nauthólsvík og Geldinganesi er kr. 7.000.

Þeir sem ekki hafa fengið giroseðil geta greitt beint í banka, reikningur félagssins er 0527-26-007777, Íslandsbanki Skútuvogi 11, kennitala 410493-2099

Umsókn um aðild að Kayakklúbbnum

Sendið eftirfarandi uppl með tölvupósti:
til Þorsteins: kayak@islandia.is
eða Björns: bjossi@rsp.is

Nafn:

Kennitala:

Sími:

Vinnusími:

Netfang:

Heimilisfang:

Póstnúmer:

Staður :

KAYAKKLÚBBURINN

Kayakklúbburinn

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Kayakklúbburinn var stofnaður vorið 1981, og er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Starfsemi klúbbsins hefur farið ört vaxandi undanfarin ár ogeru virkir félagar nú rúmlega 160.

Innan kayakíþróttarinnar eru nokkrargerðir kayaka, en hér á landi er aðalega lagt stund á straumvatnsróður og sjókayaka. Klúbburinn hefur aðstöðu í Sundlaugunum í Laugardal og í Nauthólsvík, þar sem er búnings- og sturtuaðstaða ásamt geymsla fyrir 35 kayaka.

Æfingar í sundlaugunum byrja á fullum krafti í febrúar og eru einu sinni til tvisvar í viku fram í maí, sjáið nánar æfinga- og námskeiðatöflu. Yfir veturinn hittast menn í Nauthólsvík á laugardagsmorgnum og róa saman, en á fimmtudagskvöldum á sumrin.

Þrjár keppnir eru haldnar, fyrst skal nefna Bessastaðabikarinn 11 km kappróður fyrir vana og 5,5 km fyrir nýliða semhaldin er í lok apríl. Á svipuðum tíma er "Ródeó" keppni straumvatnsmanna í Elliðaánum og síðasta keppnin er Hvammsvíkurmaraþon í lok ágúst, róið frá Geldingarnesi upp í Hvammsvík í Hvalfirði.

Fyrir utan fjölmargar óskipulagðar ferðir þá eru nokkrar skipulagðar ferðir á vegum klúbbsins.
Þar má helstar nefna ferð straumvatnsmanna í Galtarlæk í byrjun júní og
sjókayakmót Flóka Vilgerðarsonar í Stykkishólmi.

Hér er aðeins nefnt það helsta. Ef þið viljuð leita frekari upplýsinga, þá erum við stjórnarmenn fúsir að veita þær.

Formaður:
Þorsteinn Guðmundsson
sími: 554 4482

Varaformaður:
Baldur Pétursson
s. 586-1079

Ritari:
Björn Traustason.

Gjaldkeri:
Ólafur Sigmundsson

Meðstjórnendur:
Pétur Blöndal Gíslason
Jóhann Ragnar Kjartansson

Umsókn um aðild að Kayakklúbbnum

Félagsgjöld

Félagsgjöld eru fyrir einstakling kr. 4.500, fyrir 18 ára og yngri kr. 3.500 og fjölskyldugjald er kr. 6.000. Aðstöðugjald í Nauthólsvík er kr. 3.500.

Reikningur félagssins er 0527-26-007777, Íslandsbanki Dalbraut, kennitala 410493-2099

Sendið eftirfarandi uppl með tölvupósti:

Nafn:

Kennitala:

Sími:

Vinnusími:

Netfang:

Heimilisfang:

Póstnúmer:

Staður :

KAYAKKLÚBBURINN

kayak að vera ?

Klúbburinn

Straumvatn

Sjór

Tengingar

Fréttasíða

Æfingar og námskeið

Dagskrá 2001

Korkur

English

Póstur

Hver sem virt hefur fyrir sér kayak kljúfa lygnan hafflöt eða klífa brattar haföldur, sjá að hér er fullkomin hönnun. Rennilegt formið sker hafflötinn áreynslulaust, en getur um leið tekist á við vond veður og þungan sjó. Allt í senn þá er kayakinn einfaldur, hagnýtur, afkastamikill og aðhæfanlegur. Rétt hlaðinn, getur hann borið búnað til margra daga ferðar. Í stuttu máli þá hentar hann fullkomlega til þess sem ætlað er af honum.

Hvernig varð hann svona? Hugum nánar að því, byrjum á grunn hönnuninni og endum með því að skoða þau smáatriði sem skipta verulegu máli um afkastagetu kayaksins.

Grunnurinn

Byrjum á því að aðgreina ferðakayaka. Þá má skipta í tvo flokka – einfalda vatnakayak og sjókayak – með ýmsum tilbrigðum þar á milli. Sjóbátur er ferðabátur, en vatnabátur er ekki sjóbátur. Með öðrum orðum, vatnabátur er takmarkaðri. Þetta er vegna þess að slíkur bátur er venjulega mun stöðugri (sem er til bóta fyrir byrjendur), en um leið lætur hann verr af stjórn í þungum öldum og vondu veðri.
Vatnabátur eru venjulega lítið eitt breiðari en sjóbátur, og flatbotna. Þeir eru oftast fremur stuttir sem gerir þá liprari. Allt þetta kemur niður á stefnufestu og hraða þeirra samanborið við sjóbáta. Minna er yfirleitt lagt í vatnabáta, þeir eru sjaldnast útbúnir með stýri eða lestarlúgum, oft eru þeir með stærra gati svo auðveldara sé að ganga um þá. Sjóbátur er vitanlega hægt að róa á tjörnum og litlum vötnum, en ef menn ætla að halda sér á slíkum stöðum er sjóbátur helst til of fín græja. Sjóbátur er hinsvegar afkasta bestur og öruggastur til að nota fyrir opnu hafi. Frumstöðuguleiki sjóbáta er ekki eins góður og á vatnabáti, en þegar sjó tekur að þyngja og vindur fer að aukast fer að reyna á heildar stöðugleika og þá koma sjóbátar sterkir inn. Ef þið hafið hug á að fara í lengri ferðir eða róa styttri leiðir með ströndum landsins, þá er það sjókayak sem þið eruð að leita að.

Hugtakasafn.

Þó kayak sé í sjálfum sér einfalt tæki, þá eru til ótrúlega margar og ólíkar útgáfur. En fyrst smá orðaskýringar. Skrokkurinn er neðrihlutinn, dekkið er efri hlutinn og þar sem þetta kemur saman er lunningin. Skrokkurinn og dekkið getur verið úr ýmsum efnum, svo sem tré, trefjaplasti eða plasti. Í kayaknum er að sjálfsögðu sæti og til aukinna þæginda og til að menn hafi betri tök á honum er hann með (fót)spyrnu og bakstuðning.
Op, nefnum við það þar sem við setjumst í bátinn. Í kringum það er brún með karmi þar sem svuntunni er fest sem heldur vatninu úti. Til að auka styrkleika og mynda vatnsþétt rúm, þá er skilrúm rétt aftan við sætið og framan við spyrnuna. Lúgur á dekkinu opna aðgang að þessum hólfum til að geta geymt búnaðinn í. Margir sjóbátar eru með stýri eða ugga til að auðvelda stefnu stjórnun.
Á sinn hvoru enda kayaksins er handfang til að bera hann eða til að halda í. Annar aukabúnaður er til að mynda, dekklínur til að grípa í eða til að geyma ýmsa hluti undir, svo sem kort, vara ári og lensidælu. Og að lokum augljós orð eins og framendi bátsins nefnist stefni og aftur endinn skutur.

Grunnhönnun.

Hugmyndir manna um hvaða bátur sé bestur eru jafn margar og kayakræðarnir sjálfir. Þeir vita hvaða bát þeir vildu helst róa og eru tilbúnir að tjá sig um það. Þegar litið er á kayaklag þá er ein grunn regla; Öll hönnun er einhverskonar málamiðlun. Það er ekkert til sem heitir hinn fullkomni kayak – aðeins kayak sem hentar þínum þörfum.

>Skrokk lag: Skrokkur með flötum botni, skörpum köntum (botn og hlið mætast með skörpu horni) og hallandi hliðum er stöðugur. Aftur á móti, u-laga botn, með mjúkum köntum og kúptum hliðum er óstöðugur en um leið auðveldara að rétta við ef hann veltur.
>Lag stefnis: Langur, mjór bátur með hvasst stefni er hraðskreiður. Þetta er vegna þess að stefnið sker vatnið í staðin fyrir að ryðja því upp fyrir framan bátinn. Aftur á móti ef báturinn er breiður fram og aftur, þá er hann líkari flutningaskipi en kappróðrarbát. Slíkur bátur væri góður til að taka með mikið af vistum, en væri ekki hraður. Flestir sjóbátar falla einhverstaðar hér mitt á milli.

>Tveggja manna bátar: Flestir bátar eru einsmanns, en einnig eru til tveggja manna sjóbáta. Flestir eru með tvö aðskilin op, en einnig eru þeir til með einu stóru opi.

>Stýri og uggar: Misjafnt er hvort bátar séu hannaðir fyrir stýri, en ef svo er þá flokkast það undir aukabúnað. Stýri er til að auðvelda mönnum að halda stefnu eða beygja bátnum. Sumir kayakræðarar vilja meina að stýri sé aðeins hjálpartæki til að vega upp lélega róðrar tækni, og er líklegt til að bila. Hönnun á stýrum og efni þeirra hefur hinsvegar lagast stórlega á síðustu árum, og eru því æ vinsælli.
Uggi er spjald sem er innfellt í botn bátsins og er hægt að láta síga niður og virkar þá líkt og stýri en er ekki hreyfanleg annars. Uggi gæti verið málamiðlun fyrir þá sem eru ekki tilbúnir að hafa stýri.

Næsta skref.

ÓSKA EFTIR: Sjókayak sem er mjög stöðugur, heldur vel stefnunni, snýr á punktinum, er fis léttur og svo þægilegur að þú villt ekki standa upp.
Flestir Ræðarar eru að leita að bát sem er rúmgóður, léttur og stöðugur, heldur stefnunni, auðvelt að beygja, verst öldum og tekur ekki á sig vind. Það er aðeins eitt vandamál: margir þessa eiginleika vinna gegn hvor öðrum. Stöðugur bátur er þungur í róðri og stefnuföstum bát er um leið erfitt að beygja. Því er hver kayak einskonar málamiðlun á milli hraða, hreyfanleika og stöðugleika.

>Hraði: Langur, mjór bátur er hraðskreiðari en stuttur og breiður. Bátur sem hefur langan skarpan kjöl er stefnufastari sem þýðir að hvert árartak nýtist betur til að koma honum áfram.

>Hreyfanleiki: Stuttur og breiður bátur er hreyfanlegri en langur og mjór. Niðurstaðan er því sú að hraði og hreyfanleiki vinna gegn hvor öðrum.

>Stöðugleiki: Breiður bátur er venjulega stöðugri en mjór. Flatbotna, og/eða með smá kili, er venjulega stöðugri en bátur með u-laga botni. Svo ef þú villt bát sem hefur góðan grunn stöðugleika færð þú ekki líka hraðan bát.

Nú skulum við skoða hina ýmsu þætti betur sem spila inn í hönnun á sjókayak. Þessa þætti er hægt að raða saman á óendalega marga vegu.

Lengd:

Lengd kayaks hefur mikil áhrif á stefnu, snúning og stöðugleika. Lengd sjóbáta er frá tæpum 5 m upp í rúma 6 m, tveggja manna báta.
Langur bátur hefur umtalsverða kosti, það er venjulega auðveldara að róa honum, stöðugri með sömu hleðslu og getur borið meira án þess að það komi niður á afköstum. Heldur betur stefnu, fer hraðar og renna betur, þ.e. afkasta meiru með minni áreynslu. Þessir eiginleikar eru sérstaklega mikilvægir á kyrru vatni þar sem ekki er þörf að snúa í skyndi.
Stuttur bátur útheimtir meiri orku til að róa honum áfram. Langur bátur lætur betur í sjó, stuttur bátur lætur verr að stjórn þegar róið er lens (undan öldunni). Bættu við lengd og þú færð stöðugleika og lætur vel í sjó.
Stuttur bátur, hinsvegar, er léttari, oftast ódýrari, fyrirferðarminni. En þó fyrst og fremst liprari.

Breidd.

Aðal þáttur breiddar er stöðugleiki. Breiður bátur er venjulega stöðugri, er því hentugir byrjendum. Mjór bátur eykur afköst, þar sem árartakið verður nær miðju og einnig er minni mótstaða.



Botnlag.
Allt frá flatbotna til v-lag. Flatbotna bátur hefur góðan frum-stöðugleika, en u-laga lélegan, aftur á móti er seinni stöðugleiki betri (þegar bátnum hefur verið hallað ákveðið t.d. upp í öldu). Meira v-laga botn, því betri stefnufesta en verri stöðugleiki.



Kantar.
Kanturinn sem um ræðir er þar sem botn og hlið kemur saman. Skarpir kantar gefa góðan frum-stöðugleika en lélegan seinni stöðugleika, aftur á móti virka mjúkir kantar með lélegan frum-stöðugleika en betri seinni stöðugleika.

Hliðarnar.

Bátur með hallandi hliðar er með góðan seinni stöðugleika, þó hann hafi verri frum-stöðugleika þá henta hann vel í kviku þar sem menn þurfa að halla sér í ölduna. Fyrir sunnudagsróður á lygnu vatni er flatbotna bátur með beinum hliðum það sem þú þarft.



Samhverfa.

Samhverfa er heildar útlit bátsins ofanfrá séð. Sumir bátar eru samhverfir, sem þíðir að framhelmingurinn er spegilmynd af afturhelmingnum en aðrir eru ósamhverfir.
Samhverfur bátur er liprari, en ósamhverfur bátur er hraðskreiðari og stefnufastari en þá um leið ekki eins lipur.
Það eru tvær tegundir af ósamkverfum bátum; fiskilag og sænskalagið. Bátur með fisklagi er breiðari fyrir framan miðju en sænskalagið, þá er báturinn breiðastur aftan við miðju.

Stefnislag.

Skutur og stefni getur verið þunnt eða þykkt. Bátur með þykku stefni eða skut gefur auka flot og lyftir sér betur upp á öldurnar í stað þess að stinga sér í gegn. Hraðskreiður bátur er með þunnt stefni til að skera betur í gegnum vatnið.

Botnsveigja.

Með botnsveigju er átt við línuna frá stefni aftur í skut, hversu bein, eða bogin hún er. Beinni botnlína, því auðveldara er að halda stefnu, en þá um leið ekki eins lipur. Bátur með sveigða botnlínu fylgir öldunni meira vegna þess að endarnir sitja hærra í vatninu.



Rúmatak.

Rúmmál er oftast gefið upp í lítrum. Rúmmál segir til um burðargetu.

Þyngd.

Þyngd á kayak ræðst af því efni sem notað er. Því léttari sem bátur er því meðfærilegri. En oft má setja saman sem merki á milli þyngdar og

endingar.

Stöðugleiki.

Þegar hanna skal bát sem á að vera stöðugur en ekki of, stendur hönnuðurinn frami fyrir ýmsum vandamálum:
>Frum-stöðugleiki kayaks er ákveðinn fyrst og fremst af breidd bátsins og hæðinni á sætinu. Takmörk eru fyrir því hvað við viljum hafa bátinn breiðan á kostnað annarra þátta.
>Hæð sætis hefur áhrif á þungamiðju, svo sæti er haft eins neðarlega og mögulegt er til að auka stöðugleika.

>Langur bátur hefur góðan stefnustöðuguleika, en er þá um leið valtari.

>Bátur með sveigða botnlínu hefur lakari stefnustöðuleika þar sem sjólínan er styttri, en þá um leið verður seinni stöðugleiki betri, hentar því vel til að kljást við úfin sjó og háar öldur.

>Flatur botn hefur góðan frum-stöðugleika og hallandi hliðar góðan seinni stöðugleika, sem kemur sér vel í háum öldum.

>Rétt hlaðinn bátur er með lægri þungamiðju og verður því stöðugri.

Stefnufesta og beygja.

Á sama hátt koma upp vandamál í hönnun þegar togast á stefnufesta og beygjugeta:

>Því betur sem bátur heldur stefnu, því verra er að beygja honum.

>Botnsveigja hefur áhrif á stefnustöðuguleika og beygju. Bátur með beina botnlínu frá stefni aftur í skut er fastur á stefnunni og sérstaklega ef botnlag er einnig v-laga.

>Flatbotna skrokkur er viðkvæmari fyrir hliðarvindi heldur enn v-laga, á því til að reka út á hlið.

>Fisklaga skrokkur er stefnufastari en sænskaformið.

>Vindhana áhrif er þegar bátur leitast við að snúa upp í eða undan vindi, því er heppilegt að hafa stefni og skut sem lægstan svo að vindáhrif séu sem mest um miðjan bát þar sem hann hefur minnst áhrif til að beygja bátnum.

>Hleðsludreifing hefur mikil áhrif, skal því leitast við að hlaða bát þannig að þungamiðjan sé sem næst miðju, annars gæti verið nær ómögulegt að stýra bátnum.

Hraði og mótstaða.

Samband hraða og mótstöðu er flókið. Kayak eins og aðrir bátar hefur sinn planhraða (samanber hraðbátur kemst upp úr öldudalnum og fer að plan, eftir það eykst hraðinn stórlega), venjulegur kayakræðari rær á hraða langt undir planhraða. Á hraðasviðinu undir planhraða, eru afköstin undir áhrifum mótstöðu sem myndast af núningi við skrokkinn og iðumyndunnar ásamt öldunum sem verða til í kjölsoginu.

>Mjór bátur er hraðskreiðari þar sem hann hefur minni mótstöðu í vatninu. U-laga skrokkur hefur minna heildar yfirborð sem þýðir minni mótstöðu við vatnið og þá meiri hraða. Bátur með þykkt stefni og skut framkallar mikla iðu, því velja hönnuðir þunnt stefni og skut.

>Lengri vatnslína þýðir yfirleitt hraðskreiðari bátur. Þegar bátur rennur í gegnum vatnið þarf skrokkurinn að kljúfa vatnið við stefnið og sameina það aftur við skutinn, og gera það eins “mjúklega” og mögulegt er. Því lengri sem vattslínan er, því mýkra verður það. Sænska lagið er sagt hafa minni mótstöðu en fisk-laga og samhverfur skrokkur.

>Stuttur bátur og einnig bátur með beygða botnlínu sitja að jafnaði dýpra, því verður heildar breiddin meiri, sem er þess valdandi að mótstaða við vatnið verður meiri.

Öldur.

Hönnuðir hafa tvo möguleika á hönnun stefnis; það er lágt, þvert, hvasst stefni sem sker í gegnum ölduna, hitt er oddlaga, uppbeygt stefni, sem hjálpar bátnum til að klifra uppá og yfir öldun, frekar enn að stinga sér í gegn. Það eru skiptar skoðanir meðal hönnuða hvort sé betra.
Dekklag er hlutur sem líka væri vert að skoða. Hvernig gefur yfir bátinn er komið undir hvernig stefnið klífur sjóinn og þá líka hvernig dekkið hreinsar af sér. Róa lensinn (undan öldunni) getur reynst mönnum hvað erfiðast, þá kemur boginn botnlína sér vel. Það er vegna þess að minni líkur eru á að báturinn grafi sig að framann þegar hann rennur fram af öldunni.
Að lokum, við hönnun á sjókayak liggur margt fleira að baki en hér á undan er talið. En eins og haft er eftir einum ágætum hönnuði: “Tölvur geta hjálpað mikið til við hönnun á kayak, en þær geta ekki sagt þér hvernig tilfinning það verður að róa bátnum, eins og þegar róið verður í ólgu sjó. Suma hluti verða menn bara að prófa.”

Þetta ætti að hjálpa sumum til að vinna Hvammsvíkurmaraþonið!!

Þýtt og endur sagt
Þ.G.

- Menu -

The club

Sea kayak

whitewater

Links

White water kayak Iceland

Tungufljot Iceland

There is river paddling to suit all standards, from placid to extreme, in other words all grades from I to VI.

Some of the rivers are clear-water and seemingly fit to drink, whilst others are glacial melt water and laden with silt. This often gives them a silvery or yellow appearance. Some river areas lend themselves to play and practise in one particular spot, whilst others are better for short or extended down-river trips.

Iceland has the largest water- falls in Europe and some of these have been "shot" by internationally acclaimed paddlers.

In recent years many foreign paddlers have been in
Iceland enjoying the rivers. In the summer of 1997 a breath- taking video " HI-5, cool as ice" was filmed in Iceland were Shaun Baker and his friends paddled in many parts of Iceland.

Many good rivers are located near Reykjavík and club members try to paddle them every weekend.

click here to see photos from Icelandic rivers

click here for an Icelandic riverguide (Acrobat Reader required)

-top- -home-

- Menu -

The club

Sea kayak

whitewater

Links

Sea kayaking in Iceland

The sea paddling ranks amongst some of the best in the northern hemisphere, with a rugged and deeply indented coastline, sporting many offshore islands.

There are many suitable sheltered areas for the less-experienced, as well as areas offering journeys demanding a high degree of skill and commitment.
Iceland has been circumnavigated twice in the last 25 years, an interesting and adventurous project, but not one to be taken on lightly.

One of the most popular places to paddle is in Hornstrandir. Hornstrandir is in a part of Westfjords where no roads lead. Pepole lived there until earlier in this century but now everybody has moved away because it is so isolated.

Hornstrandir

Iceland

- click here to se seakayak photos from Iceland -

-top- -home-

- Menu -

The club

Sea kayak

whitewater

Links

The club

The Club is based in Reykjavík and was formed in the early 1980's. It is formally constituted and is divided into two main sections, being a river paddling section and sea-kayaking section.

Both sections are very active, in the Reykjavík area and in the many other parts of Iceland where there are superb water conditions.

The Club has links with all other kayaking groups around the island. Club training in rolling and basic skills takes places once a week during the winter months in the well-known Laugardalur swimming pool. This. like almost all the pools on the island, uses geothermally heated water.

During the summer months, there are weekly training and practice sessions at Nauthólsvík, a small sheltered fjord between Reykjavík and Kópavogur.
On all but the most inclement weekends, there are Club trips to appropriate river and sea areas.

Iceland is generally a rugged island (40,000 sq miles) and its geography includes geysers, glaciers, volcanoes and areas of outstanding natural beauty.

The population of just over 270,000 has its own language and culture, and enjoys a high standard of living and a long life-expectancy. The summer months are almost continuous daylight, but the winter months are dark. And this is made all the more interesting, because the weather can change very quickly and without notice.

If you are planning to paddle in Iceland, members of the Club will be happy to give you advice about the most suitable paddling areas and any special problems associated

with them, and (possibly) some advice on accommodation and transport.

Whilst it is possible to rent boats (both river and sea), bringing your own equipment is not generally a problem - although transporting it might be. It will need to be clean and may have to be disinfected at the port of entry.

Please do not hesitate to contact the Club by sending mail whith the mail logo in the top bar.

P.S.

There are more photographs of some river- and sea-paddling scenes, linked from the Icelandic version of this page. You simply need to recognise a few Icelandic words. "Straumvatn" links to the rivers - click on the red dot on the map for some local pictures, or on the name of the river at the bottom of the page. "Sjókayak" links to the sea - click on one of the small pictures for some larger versions. "Tengingar" are links to other web-sites, most of which are in English.

-top- -home-

- Menu -

The club

Sea kayak

whitewater

Links

White water kayak Iceland

Tungufljot Iceland

There is river paddling to suit all standards, from placid to extreme, in other words all grades from I to VI.

Some of the rivers are clear-water and seemingly fit to drink, whilst others are glacial melt water and laden with silt. This often gives them a silvery or yellow appearance. Some river areas lend themselves to play and practise in one particular spot, whilst others are better for short or extended down-river trips.

Iceland has the largest water- falls in Europe and some of these have been "shot" by internationally acclaimed paddlers.

In recent years many foreign paddlers have been in
Iceland enjoying the rivers. In the summer of 1997 a breath- taking video " HI-5, cool as ice" was filmed in Iceland were Shaun Baker and his friends paddled in many parts of Iceland.

Many good rivers are located near Reykjavík and club members try to paddle them every weekend.

click here to see photos from Icelandic rivers

click here for an Icelandic riverguide (Acrobat Reader required)

-top- -home-

- Menu -

The club

Sea kayak

whitewater

Links

Sea kayaking in Iceland

The sea paddling ranks amongst some of the best in the northern hemisphere, with a rugged and deeply indented coastline, sporting many offshore islands.

There are many suitable sheltered areas for the less-experienced, as well as areas offering journeys demanding a high degree of skill and commitment.
Iceland has been circumnavigated twice in the last 25 years, an interesting and adventurous project, but not one to be taken on lightly.

One of the most popular places to paddle is in Hornstrandir. Hornstrandir is in a part of Westfjords where no roads lead. Pepole lived there until earlier in this century but now everybody has moved away because it is so isolated.

Hornstrandir

Iceland

- click here to se seakayak photos from Iceland -

-top- -home-